

**SKOÐUN** Gunnar Helgason rithöfundur biður um útskýringar á bókaskatti. 18



**MENNING** Ævar Þór Benediktsson stendur fyrir lestrarátaki skólabarna. 26



**LÍFIÐ** Meistaramánuður hefst í dag þar sem markmiðin eru af ýmsum toga. 32



**SPORT** Markamet Íslendinga á erlendri grund tvíbætt á árinu. 38







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
1. október 2014
230. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Kaupfélögin lifa áfram

Nokkur kaupfélög eru enn umsvifamikil í íslensku atvinnulífi og eiga stóra hluti í olíkum fyrirtækjum á borð við útgerðir og matvöruverslanir.

## FRÉTTIR

### Árás tölvuþrjóta

Netárásir erlendis frá sýna þess merki að tölvuþrjótar vanda sig nú meira en áður. 2

**Spennandi tækifæri fram undan**
Geir H. Haarde tekur við stöðu sendiherra Íslands í Washington um áramótin. 4

**Vilja fund með leiðtoganum**
Mótmælendur í Hong Kong krefjast fundar með leiðtoga borgarinnar Leung Chun-ying. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | S | 8 |
| Akureyri | 10° | S | 10 |
| Egilsstaðir | 8° | S | 12 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SV | 11 |
| Reykjavík | 8° | SSV | 13 |

**STORMUR** Í dag verða sunnan og suðvestan 10-18 m/s en 18-23 SV-til um tíma. Rigning einkum syðra en úrkomulítið NA-til. Hiti 5-10 stig. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Meistaramánuður | Fólk




# Hundruð öryrkja snuðuð af ríkinu

Umboðsmaður Alþingis segir Tryggingastofnun setja skilyrði fyrir örorkubótum aftur í tímann án lagastoðar. Lögmaður segir stofnunina hafa snuðað hundruð.

**FÉLAGSMÁL** „Tryggingastofnun er búin að vera að praktísera lögin með röngum hætti og hefur snuðað örugglega hundruð öryrkja um bætur,“ segir Daníel Isebarn Ágústsson, lögmaður Öryrkjabandalags Íslands, um niðurstöður í nýju áliti Umboðsmanns Alþingis.

Öryrkjabandalagið leitaði til umboðsmanns Alþingis fyrir hönd þroskaskertrar konu um þrítugt vegna úrskurðar úrskurðarnefndar almannatrygginga sem staðfesti ákvörðun Tryggingastofnunar um að konan ætti rétt til örorkulífeyris frá þeim tíma sem hún sótti um en þó ekki tvö ár aftur í tímann eins og lögin heimila.

„Kröfunni var hafnað þar sem læknisfræðileg gögn málsins voru ekki talin bera ótvírætt með sér að hún hefði uppfyllt læknisfræðileg skilyrði örorku áður en greining sérfræðings fór fram,“ segir í áliti umboðsmanns sem er ósammála túlkun Tryggingastofnunar og síðar úrskurðarnefndarinnar. „Öryrkjabandalagið er búið að benda á þetta í mörg ár en Tryggingastofnun hefur þráast við og barið hausnum við steininn,“ segir Daníel.

Umboðsmaður Alþingis segir að bætur skuli reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandi uppfyllti skilyrði til bótanna en þó ekki lengra en tvö ár aftur í tímann. - gar / sjá síðu 4

Fara tímabundið út á land:

# Læknar fá 900 þúsund á viku

**HEILBRIGÐISMÁL** Verktökulæknar sem fara út á land í afleysingar á heilsugæslustöðvum fá um 900 þúsund krónur í laun á viku samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir að launatölur upp á 900 þúsund á viku hljómi nokkuð háar við fyrstu sýn. „Ég tel að við núverandi aðstæður sé þetta úrræði nauðsynlegt. Það er betra að hafa lækni á staðnum en hafa engan lækni,“ segir ráðherra en segist vilja hafa fastráðna heimilislækna við störf úti á landi. - jme / sjá síðu 10



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**




**SÁRT SAKNAÐ** Innan við helmingur kvenna, sem boðaðar eru í leit að leghálskrabbameini, mætir í skoðun. Nú er auglýst eftir þeim konum sem ekki hafa mætt í tilefni af því að árlegt átak Krabbameinsfélags Íslands, kennt við bleiku slaufuna, hefst í dag. Forstjóri Krabbameinsfélagsins segir að skoðunin bjargi lífi tuttugu kvenna á hverti. - ih / sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Átak hjá Kvikmyndasafninu:

# Margar myndir ófáanlegar

**KVIKMYNDIR** Hrollvekjan Blóðrautt sólarlag er loksins fáanleg en margar íslenskar kvikmyndir eru enn ófáanlegar. Þumalputtareglan er kannski sú að ef myndin er ekki fáanleg á bókasöfnum landsins, þá er hún ekki fáanleg yfirhöfuð, nema hún sé til á Kvikmyndasafni Íslands.

Nú stendur yfir átak á vegum Kvikmyndasafnsins og Kvikmyndamiðstöðvar að hafa uppi á öllum íslenskum kvikmyndum á filmu. Safnið stefnir á að hefja útgáfu á íslenskum kvikmyndum þegar höfundarréttarmál hafa verið leyst, auk þess sem þarf að bæta hljóð- og myndgæði.

„Kvikmyndasafnið er með gríðarlega mikið af myndum í sínum geymslum. Hjá okkur er titlaskrá upp á 20.000 titla, útgefna og óútgefna,“ segir Erlendur Sveinsson, forstöðumaður. - þij / sjá síðu 70



**ERLENDUR SVEINSSON**

Allar líkur eru á að nýrri stjórnsýslustofnun verði komið fyrir úti á landi:

# Barnaverndarstofa lögð niður

**STJÓRNSÝSLA** Allar líkur eru á að ný stjórnsýslustofnun sem á að taka yfir málefni Barnaverndarstofu, Fjölmenningarseturs, réttargæslumanna fatlaðs fólks auk verkefna sem félagsmálaráðuneytið sinnir, verði komið fyrir á landsbyggðinni.

„Það er talað um mikilvægi þess í stjórnarsáttmálanum að flytja opinber störf út á land,“ segir Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra.

Hún hefur skipað nefnd sem á að endurskoða stjórnsýslu á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.

Í erindisbréfi nefndarinnar segir að hún eigi að vinna að lagabreytingum, leggja fram tillögur að nýrri stofnun, staðsetningu höfuðstöðva hennar og annarra starfsstöðva. Formaður nefndarinnar er Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar. - jme, sa / sjá síðu 6

> Það þarf að skoða það hvort þetta sé dæmi um nýja stofnun sem gæti verið annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu
>
> *Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar*


Betri melting!
Probiotic 16 Strain



SWANSON – ánægðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013.
Söluaðilar á Íslandi á www.swanson.is






## SPURNING DAGSINS



Rán, fenguð þið leyfi hjá mannanafnanefnd fyrir nafninu Rómeyja?

**„Völd mannanafnanefndar ná ekki yfir stærstu ástarsögu allra tíma.“**

Rán Ísold Eysteinsdóttir er formaður listafélags Verzlunarskóla Íslands sem setur upp leikritið Rómeó og Júlíu, með tveimur konum í aðalhlutverki. Persónurnar heita Rómeyja og Júlía.

Kristján Þór Júlíusson útdeilir styrkjum úr Framkvæmdasjóði aldraðra:

# 80 milljónir í eigið kjördæmi

**STJÓRNMÁL** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að úthluta 132 milljónum króna úr Framkvæmdasjóði aldraðra til ellefu verkefna. Rúmlega 60 prósent af þeirri upphæð fara til verkefna í kjördæmi ráðherra eða rúmar 80 milljónir.

Hæsta framlagið eða 52 milljónir, rennur til Öldrunarheimilis Akureyrar vegna endurbóta á húsnæði. Næsthæsta framlagið, 23 milljónir, rennur til Öldrunarheimilisins Dalbæjar í Dalvíkurbyggð. Þá fær Dvalarheimili aldraðra í Norðurþingi rúmar sex milljónir. Öll eru þessi heimili í Norðausturkjördæmi, sem er kjördæmi Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra. Samtals fá þessi verkefni 81,7 milljónir af þeim 132 sem var úthlutað.

Úthlutun ráðherra byggir á tillögum stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra. Stjórnin leggur mat á umsóknir um framlög úr honum og gerir tillögu til ráðherra.

Alls bárust 23 umsóknir samkvæmt vef ráðuneytisins. hks@365.is



**FRAMKVÆMDASJÓÐUR** Um sextíu prósent úhlutananna fara til verkefna í kjördæmi ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fækka á starfsmönnum:

# Hópuppsögn hjá Sérstökum

**STJÓRNSÝSLA** Embætti Sérstaks saksóknara hefur sagt upp sextán starfsmönnum.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að stefnan sé að fækka starfsmönnum embættisins í fimmtíu en fjárframlög til embættisins hafa verið skorin mikið niður bæði á fjárlögum þessa árs sem og því næsta.

Um hópuppsögn er að ræða og segir Ólafur að farið verði eftir því ferli sem kveðið er á um í lögum um slíkar uppsagnir. - skh



**TROÐNINGUR** Sýrlenskir Kúrdar troða sér inn í rútu eftir að hafa farið yfir landamæri Sýrlands og Tyrklands. NORDICPHOTOS/AFP

Flóttamönnum fjölgar mjög í Tyrklandi vegna loftárása:

# Flúðu sprengjuregnið í Sýrlandi

**SÝRLAND Þó nokkrar sprengjur féllu í gær í nágrenni tyrkneska bæjarins Suruc sem er skammt frá landamærunum að Sýrlandi.**

**Tugir þúsunda sýrlenskra Kúrda hafa flúið yfir landamærin til Tyrklands vegna loftárása Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra á öfgasamtökin Íslamska ríkið í Sýrlandi. Sameinuðu þjóðirnar hafa óskað eftir því að þjóðir heims aðstoði Tyrki við að takast á við þennan aukna fjölda flóttamanna inn í landið.** - fb

Stefnubreyting í Noregi:

# Meiri kröfur til kennaranema

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld kynntu í gær stefnu sína í menntamálum og var meðal annars greint frá því að herða ætti kröfur fyrir kennaranám. Hægri flokkurinn vill hækka viðmið um lágmarkseinkunnir í öllum grunnfögum, einnig norsku og ensku. Menntamálaráðherra Noregs, Torbjørn Røe Isaksen, hyggst hins vegar herða kröfurnar í áföngum og byrja á stærðfræði.

Hann segir 70 prósent umsækjenda í fyrra ekki myndu hafa komist að ef kröfur hefðu verið hertar í norsku og stærðfræði. - ibs

Fórnarlambið kjálkabrotnaði:

# Ákærður fyrir árás með riffli

**SAKAMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært sjötugan karlmann fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Árásin átti sér stað í sumarhúsi á Suðurlandi árið 2012 en maðurinn er sakaður um að hafa slegið annan mann ítrekað með riffli, meðal annars í höfuðið. Fórnarlambið kjálkabrotnaði, hlaut mar víðs vegar um líkamann og þurfti að undirgangast aðgerð.

Krafist er að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu á rúmlega tveimur milljónum króna í bætur. - sks






# Nokkur þúsund urðu fyrir árás tölvuþrjóta

Netárásir erlendis frá sýna þess merki að tölvuþrjótar vanda sig nú meira en áður – ekki síst við að koma gylliboðum sínum á framfæri á frambærilegri íslensku. Almenn snjallsímaeign gerir fólk berskjaldaðra fyrir árásum en áður var.

**ÖRYGGISMÁL** Tölvuþrjótar sendu skilaboð á þúsundir Íslendinga í september í tilraun til að komast yfir aðgangsorð að heimabönkum en uppskera árásarinnar var rýr. Almenningur er berskjaldaðri fyrir netárásum með aukinni snjallsímanotkun.

Þegar vika var liðin af september bárust fréttir af tilraunum tölvuþrjóta til að komast yfir aðgangsorð að heimabönkum. Tölvupóstur var sendur til Íslendinga frá netföngum sem líktust netföngum íslenskra banka. Strax í kjölfarið sendu allir bankarnir ásamt netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar og Ríkislögreglustjóra frá sér sameiginlega fréttatilkynningu, til að vara við árásinni.

Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar sem netöryggissveitin CERT-ÍS tilheyrir, segir ljóst að pósturinn barst þúsundum manna, en heildarfjöldi þeirra sem fyrir árásinni varð, er ekki þekktur.

„Því miður er það þannig að ekki virðist skipta máli hvort svona póstur er skrifaður á vondri íslensku, fólk smellir samt. Ég held að enginn hafi lent í umtalsverðu tjóni, enda fór strax af stað aðgerð sem lokaði á síðuna sem fólki var ætlað að fara inn á. Aðgerðir okkar miðuðust við það,“ segir Þorleifur.

Þorleifur játar því að þess séu sýnileg merki að netárásir að utan, og beinast að íslenskum almenningi, séu að breytast í þá átt að óprúttnir aðilar vandi sig meira en áður var og fólk verði því að vera enn betur á varðbergi en áður. Þekkt eru dæmi, t.d. svokölluð Nígeríubréf, þar sem þýðingarvélar eru notaðar til að berja saman skilaboð sem flestir sjá strax í gegnum. Núna virðist þetta vera að breytast, í einhverjum tilvikum. En að fleiru er að hyggja, að sögn Þorleifs. Útbreidd notkun snjallsíma gerir það að verkum að fleiri eru líklegri til að opna svona sendingar. Skjárinn er minni, og viðmótið öðruvísi, svo fleiri virðast falla í gildruna.

Viðmælendur Fréttablaðsins, bæði innan bankanna, stofnana og fyrirtækja, eru sammála um að íslenskur almenningur eigi að vera á verði sem aldrei fyrr. Jafnvel atburður eins og eldgosið í Holuhrauni, með allri þeirri umfjöllun sem því fylgir, getur fjölgað netárásum hérlendis fyrir það eitt að umfjöllun um landið er meiri en ella. svavar@frettabladid.is




**Á VETTVANGI** Almenningur verður sífellt að vera á varðbergi gagnvart netárásum hvers konar. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Fyrirséð aukning á tölvu- og netglæpum

- Í skýrslu ríkislögreglustjóra frá 2013 um mat á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum segir að ganga megi út frá því sem vísu að umfang tölvu- og netglæpa aukist hér í fyrirsjáanlegri framtíð.
- Tölvu- og netglæpir eru það form skipulagðrar glæpastarfsemi sem líklegast er að sé beint gegn almenningi hér á landi, samkvæmt skýrslunni. Þar er til dæmis átt við tilraunir til fjársvika. Einnig er vísað til tilrauna til að brjótast inn í tölvur og bankareikninga.



**Því miður er það þannig að ekki virðist skipta máli hvort svona póstar eru skrifaðir á vondri íslensku, fólk smellir samt.**

*Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar*

Bilun og mistök kostuðu kennara og nemanda lífið segir rannsóknarnefnd:

# Tók myndir af flugvél að hrapa

**FLUGMÁL** Gat á nýrri eldsneytisleiðslu og röng viðbrögð flugmanna við ofrisi leiddu til þess að lítil fisflugvél hrapaði til jarðar og flugkennari og nemandi fórust á Reykjanesi 20. október árið 2012. Þetta er niðurstaða Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Nemandinn í fluginu, 42 ára karlmaður, hafði skömmu fyrir slysið keypt fisflugvélina ásamt öðrum. Hann var við stjórn vélarinnar þegar hún ofreis og hrapaði til jarðar skömmu eftir flugtak á Sléttuflugvelli. Flugkennarinn var 66 ára. Rannsóknarnefndin telur að gat á nýrri eldsneytisleiðslu, sem eigendurnir settu í sjálfir, hafi valdið gangtruflunum þannig að hreyfillinn missti afl.

„Það er mat RNSA [rannsóknarnefndarinnar] að viðbrögð flugmannanna við ofrisi og spuna hafi ekki verið rétt,“ segir í skýrslunni.

Þá kemur fram að flugmaður annarrar kennsluflugvélar sem var á lofti fylgdist með flugi fisflugvélarinnar og myndaði það allt þar til hann missti símann úr höndunum eftir að fisið var byrjað að snúast til jarðar en rétt áður en vélin skall á nefið. Studst var við myndband hans og vitnisburð, auk frásagnar annars sjónarvotts á jörðu niðri við rannsókn slyssins. - gar



**Á SLYSSTAÐ** Fisflugvélin hrapaði á nefið en þegar fulltrúar Rannsóknarnefndar samgönguslysa komu á staðinn var búið að snúa vélinni á réttan kjöl. MYND/HILMAR BRAGI-VÍKURFRÉTTIR




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

## SVONA ERUM VIÐ



**1.011 þeirra sem voru við kennslu á framhaldsskólastigi veturinn 2011 til 2012**

**voru konur. Karlar við kennslu voru þá 904.**

Hafði konum við kennslu þá fjölgað um 56 prósent frá skólaárinu 1999 til 2000 þegar konur við kennslu voru 650 og karlar við kennslu voru 829.

Geir H. Haarde hlakkar til að taka við stöðu sendiherra Íslands í borginni Washington á næsta ári:

# Segir spennandi tækifæri fram undan

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra Íslands og formaður Sjálfstæðisflokksins, segist hlakka til að taka við stöðu sendiherra í Washington en stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa samþykkt skipun hans í embættið.

„Ég lít á þetta sem mjög spennandi verkefni. Það er mjög margt hægt að gera er varðar samskipti Íslands og Bandaríkjanna á öllum sviðum, eins og í stjórnmálum, viðskiptum, mennta- og menningarmálum og fleiru," segir Geir, sem hefur störf um áramótin. „Það er mikið af tækifærum fram undan."

Hann segist þekkja vel til í Bandaríkjunum, enda stundaði hann nám þar í sex ár í þremur mismunandi háskólum. „Ég bjó m.a. í tvö ár í Washington og síðan þá hef ég verið þar í miklum samskiptum sem hafa tengst mínum ýmsu störfum í gegnum árin," segir Geir. „Ég hef haldið sambandi við fjölmarga í stjórnsýslunni þarna, í háskólum og viðskiptalífi, víða um Bandaríkin. Það er nú þannig í svona starfi að sambönd og tengsl sem byggjast kannski upp á löngum tíma geta verið mjög mikilvæg," bætir hann við. „Svo þekki ég íslensku utanríkisþjónustuna vel bæði af áralöngu samstarfi við marga af starfsmönnum hennar og einnig sem utanríkisráðherra. Þannig að í stuttu máli hlökkum við hjónin mikið til að takast á við þetta verkefni."



**Það er mjög margt hægt að gera er varða rsamskipti Íslands og Bandaríkjanna á öllum sviðum.**

*Geir H. Haarde*

Geir höfðaði mál gegn íslenska ríkinu árið 2012 vegna óréttlátrar málsmeðferðar en hann var ákærður af Alþingi 2010 fyrir vanrækslu í aðdraganda bankahrunsins. Málið er nú til meðferðar hjá Mannréttindadómstól Evrópu. - fb



**HVAMMSTANGI** Fá frest til úrbóta.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Húnaþing fær áminningu:

## Mengun stafar frá urðunarstað

**UMHVERFISMÁL** Húnaþing vestra hefur fengið áminningu frá Umhverfisstofnun vegna aðstæðna á sorpurðunarstað að Syðri-Kárastöðum. Áminnt er fyrir frávik frá kröfum um verndun jarðvegs, grunn- og yfirborðsvatns með jarðfræðilegum tálma og botnþéttingu á urðunarstöðum.

„Umhverfisstofnun veitir Húnaþingi vestra frest til að stöðva urðun á svæðinu og senda Umhverfisstofnun staðfestingu þess eðlis til og með 6. október 2014," segir um málið í fundargerð byggðaráðs Húnaþings vestra. - gar

Greiddu dagsektir í mánuð:

## Lýsing verður við kröfu FME

**VIÐSKIPTI** Lýsing hefur orðið við kröfum FME um að senda þeim aðilum, sem hafa greitt upp lán frá fyrirtækinu, bréf um dóm Hæstaréttar frá árinu 2012. Í dómnum sagði að Lýsing mætti ekki reikna verðtryggingu og breytilega vexti á ákveðna tegund lánasamninga. FME lagði 200 þúsund króna dagsektir á Lýsingu frá 28. ágúst vegna þess að Lýsing hafði ekki orðið við beiðni FME. - ih

## SKIPULAGSMÁL

### Þjónustuhús á Hakið

Byggingarfulltrúi hefur gefið Þingvallanefnd heimild til að reisa tæplega 80 fermetra þjónustuhús við hlið snyrtingarinnar á Hakinu. Í húsinu verður aðstaða fyrir starfsfólk þjóðgarðsins.

# Snuða öryrkja með kröfum sem eiga enga stoð í lögum

**Umboðsmaður Alþingis segir Tryggingastofnun setja skilyrði fyrir örorkubótum aftur í tímann án lagastoðar. Brotið hafi verið á konu með því að draga í efa að fötlun hennar væri meðfædd.**

**FÉLAGSMÁL** „Tryggingastofnun er búin að vera að praktísera lögin með röngum hætti og hefur snuðað örugglega hundruð öryrkja um bætur," segir Daníel Isebarn Ágústsson, lögmaður Öryrkjabandalags Íslands, um niðurstöður í nýju áliti umboðsmanns Alþingis.

Öryrkjabandalagið leitaði til umboðsmanns Alþingis fyrir hönd þroskaskertrar konu um þrítugt vegna úrskurðar Úrskurðarnefndar almannatrygginga sem staðfesti ákvörðun Tryggingastofnunar um að konan ætti rétt til örorkulífeyris frá þeim tíma sem hún sótti um en ekki líka tvö ár aftur í tímann eins og lögin heimila.

„Kröfunni var hafnað þar sem læknisfræðileg gögn málsins voru ekki talin bera ótvírætt með sér að hún hefði uppfyllt læknisfræðileg skilyrði örorku áður en greining sérfræðings fór fram," segir í áliti umboðsmanns sem er ósammála túlkun Tryggingastofnunar og síðar úrskurðarnefndarinnar.




**TRYGGINGASTOFNUN** Verið er að fara yfir álit umboðsmanns Alþingis hjá Tryggingastofnun.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Segir umboðsmaður að „ekki yrði séð að læknisfræðileg gögn málsins hefðu borið með sér að ástand A [konunnar] hefði breyst gegnum tíðina heldur bentu þau þvert á móti til þess að ástand hennar hefði verið meðfætt." Og hafi verið álitið að ekki hafi verið sýnt fram á ástand konunnar með nægilega skýrum hætti hefði átt að gefa henni kost á að leggja fram frekari gögn.



**SIGRÍÐUR LILLÝ BALDURSDÓTTIR**

„Öryrkjabandalagið er búið að benda á þetta í mörg ár en Tryggingastofnun hefur þráast við og barið hausnum við steininn. Núna fá þeir loksins álit frá umboðsmanni og þá ætla ég rétt að vona að þeir uppfylli þá skýru lagaskyldu sína að kafa ofan í öll mál sem hefur verið hafnað á þessu forsendum og endurupptaka þau öll," segir Daníel Isebarn.

Að sögn Daníels er það sérstakt fagnaðarefni fyrir Öryrkjabandalagið að í áliti umboðsmanns sé fjallað um almenna verklagsreglu hjá Tryggingastofnun. Tekið sé á tveimur meginatriðum varðandi heimildina til að ákvarða bótarétt aftur í tímann. Fyrra atriðið sé óhemju harðar kröfur um að sýnt sé fram á ótvíræðan bótarétt. Fyrir það fái þeir skammir hjá umboðsmanni. Seinna atriðið sé ekki síður mikilvægt.

„Við þá sem ná þó að sýna fram á að þeir ættu að eiga bótarétt aftur í tímann er sagt að Tryggingastofnun telji ekki vera sérstakar aðstæður í þeirra máli, algerlega án frekari rökstuðnings og án stoðar í lögum," segir Daníel.

Í svari Tryggingastofnunar til áðurnefndrar konu segir einmitt: „Tryggingastofnun hefur farið yfir mál þitt og telur að ekki verður séð að í þessu tilfelli sé um að ræða sérstakar aðstæður sem réttlæti greiðslu aftur í tímann."

Umboðsmaður Alþingis segir að bætur skuli reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandi uppfylli skilyrði til bótanna en þó ekki lengra en tvö ár aftur í tímann. Krafa Tryggingastofnunar um „sérstakar aðstæður" eigi sér ekki stoð í lögunum.

Daníel segir lagaregluna um bætur aftur í tímann ekki hafa verið framkvæmda í samræmi við orðanna hljóðan.

„Hugsunin er sú að ef fólk kemur í örorkumat séu allar líkur á að það sé búið að uppfylla skilyrðin í einhvern tíma áður en það fer í mat. Þess vegna er gert ráð fyrir að hægt sé ákvarða bætur aftur í tímann," segir lögmaður Öryrkjabandalagsins.



**Ætla ég rétt að vona að þeir uppfylli þá skýru lagaskyldu sína að kafa ofan í öll mál sem hefur verið hafnað á þessu forsendum og endurupptaka þau öll.**

*Daníel Isebarn Ágústsson, lögmaður Öryrkjabandalags Íslands.*

Ekki fengust svör frá Tryggingastofnun í gær.

gar@frettabladid.is




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Friedrichshafen | 20° | New York | 22° |
| Aþena | 27° | Gautaborg | 16° | Orlando | 29° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 16° | Ósló | 13° |
| Berlín | 20° | Las Palmas | 27° | París | 23° |
| Billund | 17° | London | 20° | San Francisco | 25° |
| Frankfurt | 21° | Mallorca | 26° | Stokkhólmur | 12° |




**Á MORGUN** Lægð fer yfir landið með hvassviðri og úrkomu.




**FÖSTUDAGUR** 10-18 m/s.

**LEIÐINDASPÁ** Von er stífum vindi víðast í dag og stormi um suðvestanvert landið frá hádegi og fram eftir degi, rigning einkum um landið sunnanvert. Vindasamt og mikil rigning þegar lægð fer yfir á morgun.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

AFSLÁTTUR: 350.000 KR.



TILBOÐ: 3.970.000 KR.

**Ford Kuga** Titanium S JJF07
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 85.000 km. Litur: Brúnn
Ásett verð: 4.320.000 kr.



VERÐ: 1.350.000 KR.

**Ford Ka** Trend UUL33
Skráður maí 2013, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 64.000 km. Litur: Hvítur

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 2.690.000 KR.

**Ford Focus** Titanium STW SUP15
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 80.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.890.000 kr.

AFSLÁTTUR: 140.000 KR.



TILBOÐ: 1.190.000 KR.

**Citroën C1** Attraction OIA86
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 78.500 km. Litur: Rauður
Ásett verð: 1.330.000 kr.

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

## ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með **lægri eyðslu** og **minna viðhaldi** og eru jafnframt **öruggari.** Skoðaðu úrval nýlegra bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:
**notadir.brimborg.is**

## LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði. **Nýlegir** bílaleigubílar eru af nýjustu gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014) en fást á **lægra verði.**

**Hafðu samband við ráðgjafa** og við gerum þér frábært tilboð.

**Nýttu tækifærið!**

## LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður **sérkjör á fjármögnun** við kaup á nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- 9,15% vextir
- Lægri lántökugjöld
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 75% fjármögnun

Brimborg tekur allar tegundir bíla upp í. Hagstætt uppítökuverð.

**KOMDU NÚNA**



VERÐ: 2.130.000 KR.

**Ford Fiesta Trend** FHY05
Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: Ljósgrár

AFSLÁTTUR: 190.000 KR.



TILBOÐ: 2.090.000 KR.

**Ford Fiesta** Titanium OTD62
Skráður maí 2013, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 69.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.280.000 kr.



VERÐ: 3.550.000 KR.

**Mazda6 Vision** VAD41
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 75.000 km. Litur: Hvítur

AFSLÁTTUR: 180.000 KR.



TILBOÐ: 2.290.000 KR.

**Citroën C4** Comfort LNZ23
Skráður maí 2013, 1,6HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.470.000 kr.

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



VERÐ: 2.340.000 KR.

**Mazda3** Advance LZX64
Skráður apríl 2013, 1,6Di dísil, beinskiptur
Ekinn 68.000 km. Litur: Grár
Ásett verð: 2.540.000 kr.

AFSLÁTTUR: 580.000 KR.



TILBOÐ: 8.290.000 KR.

**Volvo XC90** Momentum D5 AWD KNS06
Skráður des. 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 76.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 8.870.000 kr.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.



TILBOÐ: 3.950.000 KR.

**Ford Kuga** Titanium S FKY75
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 81.000 km. Litur: Grár
Ásett verð: 4.250.000 kr.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

FINNDU BÍLINN ÞINN HÉR

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Notaðir bílar – Brimborg

FYLGSTU MEÐ NÝJUSTU TILBOÐUNUM

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða sæti lenti íslenska landsliðið í kotru á Evrópumótinu?
**2.** Hvaða leikrit setur Listafélag Verzló upp í vetur?
**3.** Við hvaða lið hefur Jón Arnór Stefánsson gert samning?

**SVÖR:**
**1.** Í fimmta sæti. **2.** Rómeó og Júlíu. **3.** Unicaja Malaga.

Atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun allra lækna hefst á fimmtudagskvöld:

# Á leið í verkfall í mánaðarlok

**VINNUDEILUR** Læknar landsins eru á leið í verkfall takist samningar ekki á næstunni.

Annað kvöld hefst atkvæðagreiðsla meðal lækna um hvort boðað verði til verkfalls. Verði samþykkt að fara í verkfall hefst það að óbreyttu 27. október.

Læknisþjónusta í landinu leggst þó ekki af þó læknar fari í verkfall. Samkvæmt lögum verður að halda uppi neyðarþjónustu. Á hverju ári er gefinn út svokallaður undanþágulisti en á honum er skilgreint hverjir eigi að sinna vinnuskyldu í verkfalli.

„Ef læknar fara í verkfall verður náttúrulega skert þjónusta þann tíma sem verkfallið varir. Við munum auðvitað reyna að tryggja það eftir fremsta megni að það bíði enginn skaða af verkfallinu. Við leggjum áherslu á það,“ segir Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands. Kjarasamningur lækna rann sitt skeið á enda fyrir rúmum átta mánuðum og síðan hafa þeir verið samningslausir. Læknar segjast orðnir langþreyttir á því sem þeir kalla ábyrgðarleysi stjórnvalda við að tryggja heilbrigðisþjónustuna. **- jme**



> **Ef læknar fara í verkfall verður náttúrulega skert þjónusta**
>
> *Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands*

Smitaðist líklega í Líberíu:

# Ebóla greinist í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** Búið er að greina fyrsta tilfelli ebólu á bandarískri grund. BBC greinir frá.

Heilbrigðisyfirvöld í Dallas í Texas staðfestu það í gærkvöldi. Talið er að maðurinn hafi smitast í Líberíu en hafi var einkennalaus þar til hann kom til Bandaríkjanna.

Hingað til hafa nokkrir bandarískir heilbrigðisstarfsmenn greinst með ebólu en hafa náð heilsu eftir að flogið var með þá til Bandaríkjanna til meðferðar. **- ih**



**Í RÆKTINNI** Hin áttræða Marianna Blomberg stundar líkamsrækt í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðleg skýrsla birt í gær:

# Öldruðum líður best í Noregi

**NEW YORK, AP** Samkvæmt alþjóðlegri skýrslu þar sem tekin eru með í reikninginn efnahagslegt öryggi, heilsa og fleiri atriði, þá hefur eldra fólk í Noregi það best allra í heiminum. Ísland er í sjöunda sæti en í því neðsta er Afganistan. Skýrslan Global AgeWatch Index var birt í gær en hún var sett saman af fyrirtækinu HelpAge International. Tilgangur þess er að hjálpa öldruðum við að vinna gegn mismunun, koma í veg fyrir fátækt og að lifa öruggu og viðburðaríku lífi. Auk Noregs voru í fimm efstu sætunum Svíþjóð, Sviss, Kanada og Þýskaland. **- fb**

Lögregla til rannsóknar:

# Grunaður um alvarlegt brot

**LÖGREGLUMÁL** Grunur leikur á að lögreglumaður við embætti lögreglunnar á Seyðisfirði hafi brotið af sér í starfi með alvarlegum hætti. Málið kom upp í lok ágúst og var tilkynnt til ríkissaksóknara sem fól í framhaldinu lögreglunni á Eskifirði að rannsaka málið.

Jónas Wilhelmsson, yfirlögregluþjónn á Eskifirði, segir brotið ekki snúa beint að skjólstæðingum lögreglunnar en vildi annars lítið tjá sig um málið.

Ekki er búið að yfirheyra lögreglumanninn. **- ak**

# Ný ríkisstofnun verður staðsett á landsbyggðinni

Ný stofnun sem á að búa til á meðal annars að taka yfir málefni Barnaverndarstofu og fatlaðra. Stofnuninni verður líklega komið fyrir á landsbyggðinni. Ráðherra vill bæta barnavernd og félagsþjónustu á landinu öllu.

**STJÓRNSÝSLA** Allar líkur eru á að ný stjórnsýslustofnun sem á að taka yfir málefni Barnaverndarstofu, Fjölmenningarseturs, réttargæslumanna fatlaðs fólks auk verkefna sem félagsmálaráðuneytið sinnir, verði höfð á landsbyggðinni.

„Það er talað um mikilvægi þess í stjórnarsáttmálanum að flytja opinber störf út á land,“ segir Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra.

Eygló hefur skipað nefnd til að endurskoða stjórnsýslu á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.

Í erindisbréfi nefndarinnar segir að hún eigi að vinna að nauðsynlegum lagabreytingum, leggja fram tillögur að nýrri stjórnsýslustofnun, staðsetningu höfuðstöðva hennar og annarra starfsstöðva.

Formaður nefndarinnar er Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar.

Þóroddur segir að samkvæmt byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar eigi að stefna að því að draga úr ójafnri dreifingu ríkisstarfa um landið.

„Þetta hefur náttúrulega verið töluvert í umræðunni. Menn hafa talað um að það sé auðveldara að gera það með nýjar stofnanir en gamlar. Hér er auðvitað ný stofnun á ferðinni og augljóst mál að það þarf að skoða það hvort þetta sé dæmi um nýja stofnun sem gæti verið annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Það er alls ekki svo að það þarf að tala við alla aðila og kanna málið vandlega,“ segir Þóroddur.

Eygló Harðardóttir segir að með þessu vonist hún til að það verði hægt að bæta barnavernd og félagsþjónustu á landinu öllu.

Hún segir að það hafi komið fram fjölmargar ábendingar um að það séu ýmsar brotalamir þegar kemur að þessum málaflokkum.

„Það eru ekki til nein viðmið um hvað sé góð félagsþjónusta eða barnavernd. Það þarf að skilgreina það. Það verður að koma upp sérstökum gæðastöðlum á þessum sviðum, líkt og menn hafa gert í heilbrigðisþjónustunni,“ segir Eygló.

Hún segir að það sé þar af leiðandi mjög mikilvægt að koma í laggirnar sérstakri stjórnsýslustofnun sem hefði það verkefni með höndum að styðja við sveitarfélögin og tryggja að þjónusta þeirra á sviði barnaverndar og félagsþjónustu verði með sem bestum hætti.

Þóroddur segir að vinna nefndarinnar snúist fyrst og fremst um skjólstæðingana.

„Þetta er spurning um það hvernig við getum tryggt sem best þá þjónustu fyrir þá sem hennar njóta um allt land. Þá er þetta spurning um það hvernig við stillum af þessi samskipti milli ríkis og sveitarfélaga,“ segir Þóroddur.

johanna@frettabladid.is / sveinn@frettabladid.is



> **Það eru ekki til nein viðmið um hvað sé góð félagsþjónusta eða barnavernd. Það þarf að skilgreina það. Það verður að koma upp sérstökum gæðastöðlum á þessum sviðum, líkt og menn hafa gert i heilbrigðisþjónustunni.**
>
> *Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra*



**ÚT Á LAND** Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að það eigi að flytja opinber störf út á land. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



> **Hér er auðvitað ný stofnun á ferðinni og augljóst mál að það þarf að skoða það hvort þetta sé dæmi um nýja stofnun sem gæti verið annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu.**
>
> *Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar*



VIÐ FÖGNUM
35
ÁRUM MEÐ ÍSLENDINGUM

## NÝR MITSUBISHI **OUTLANDER INTENSE**

# 5.290.000 KR. FYRIR FULLVAXIÐ VILLIDÝR MEÐ FJÖLSKYLDUSVIP



**Mitsubishi Outlander Intense** er fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll sem dúxar í sparneytni og lágum útblæstri kolefnis en skilar samt framúrskarandi afköstum. Háþróaður öryggisbúnaður, bakkmyndavél og handfrjáls símabúnaður eru bara örfáar ástæður til að hjálpa þér að gera upp hug þinn. Komdu og prófaðu ævintýralegan Outlander Intense.

**Mitsubishi Outlander**
Intense Bensín
**5.290.000 kr.**



Xenon aðalljós með sérstaklega víðu birtusviði.



Sparneytin 2.0 lítra vél skilar lágum útblæstri kolefnis.



Sjö SRS loftpúðar vernda ökumann og farþega.

Búnaður í Outlander Intense: 18" álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilari, rafdrifnir og upphitaðir útispeglar með stefnuljósum, vindskeið að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan, regnskynjari á rúðuþurrkum, sjö öryggispúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, langbogar á þaki, þvottasprautur á aðalljósum, dagljósabúnaður.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

Ferðalög ríkisstarfsmanna:

## Dagpeningar lækka talsvert

**STJÓRNSÝSLA** Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins.

Dagpeningar fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring verða 24.900 krónur, en voru áður 31.300 krónur. Dagpeningar fyrir gistingu í einn sólarhring verða 14.100 krónur en voru áður 20.500 krónur.

Dagpeningar þegar ekki er gist yfir nótt verða þó óbreyttir. - ih

Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, segir að boðað verði til rakarastofuráðstefnu á næsta ári:

# Ísland og Súrinam funda um jafnréttismál

**JAFNRÉTTISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tilkynnti hjá Sameinuðu þjóðunum á mánudag að boðað yrði til rakarastofuráðstefnu á vettvangi samtakanna á næsta ári þar sem karlar ræði ofbeldi gegn konum.

Ísland mun ásamt Súrínam standa fyrir ráðstefnu þar sem karlar koma saman til að ræða jafnrétti kynjanna með sérstakri áherslu á ofbeldi gegn konum. Hann segir ekki síður karla en kvenna að ræða ofbeldi gegn konum um allan heim.

„Súrínam hefur sýnt mikinn áhuga á þessu máli, ofbeldi gegn konum, og þannig lágu leiðir okkar saman. Það sem við ætlum að gera er að halda ráðstefnu dagana 14. og 15. janúar þar sem við munum leiða saman karla, á sérstökum hluta ráðstefnunnar sem verður bara fyrir karla, þar sem þeir koma saman og ræða jafnréttismál og ofbeldi gegn konum," sagði Gunnar Bragi.

Á næsta ári efna Sameinuðu þjóðirnar til alls kyns viðburða í tilefni þess að 20 ár verða þá liðin frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Utanríkisráðherra segir það ekki síður karlmanna en kvenna að ræða stöðu kvenna og ofbeldi gegn þeim. „Það er held ég sjaldgæft að karlar sitji saman við borð eða hittist á rakarastofunni til að ræða jafnréttismál með þeim hætti. Þetta er kjörið tækifæri til þess." - hmp



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON** Utanríkisráðherra heldur ræðu hjá SÞ á mánudaginn. MYND/SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR




# Málmtæring vandamál í langdregnu gosi

Efnasambönd í gosmekkinum frá Holuhrauni eru mjög tærandi – og viðbúið að upp komi vandamál dragist gosið á langinn. Umhverfisstofnun hefur borist ábending um ryðmyndun sem tengist gosinu. Landsnet lætur kanna áhrif á sín mannvirki.

**NÁTTÚRA** Dragist eldgosið í Holuhrauni á langinn er viðbúið að tæring málma verði viðvarandi vandamál. Gosmökkurinn er ríkur af efnasamböndum sem geta verið mjög tærandi.

Á þetta bendir Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, sem segir að stofnunin hafi nú þegar fengið eina ábendingu um aukna ryðmyndun, sem tengd er gosmekkinum frá Holuhrauni.

„Þessi efni sem um ræðir tæra flesta málma, en það er breytilegt hversu viðkvæmir þeir eru fyrir þessu. Ryðfrítt stál stendur þetta kannski af sér, en flestir aðrir málmar tærast. Mesti skaðvaldurinn varðandi tæringu er brennisteinsdíoxíðið sjálft en hluti þess getur breyst í brennisteinssýru eftir efnahvörf við rakann í andrúmsloftinu. Svo koma einnig upp, þótt í miklu minna magni sé, saltsýra og flússýra. Samanlagt geta þessar sýrur haft töluverðan tæringarmátt," segir Þorsteinn.



**Í HOLUHRAUNI** Talið er víst að eldgosið sé það gasríkasta á Íslandi í um 150 ár. MYND/MAGNÚS TUMI

Eins og komið hefur fram hafa jarðvísindamenn þráfaldlega bent á að líkur eru á því að eldsumbrot í og við Vatnajökul geti staðið árum saman. Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur er t.d. þess fullviss að lokist sprungan í Holuhrauni á næstunni, þá sé aðeins tímaspursmál hvenær byrji að gjósa annars staðar – undir jökli eða á svipuðum slóðum og nú er.

Þorsteinn segir að vissulega sé inni í myndinni að tæringin stytti líftíma burðarvirkja raflína, fjarskiptamastra eða þakjárns. Hins vegar sé það viðkvæmari tæknibúnaður sem lætur fyrst á sjá.

Guðlaugur Sigurgeirsson, deildarstjóri netrekstrar hjá Landsneti, segir að fyrirtækið hafi tekið ákvörðun um að láta kanna hugsanleg áhrif mengunarinnar á mannvirki og búnað. Hann segir enga ástæðu til að álykta að mengunin hafi nefnd áhrif – sérstaklega ekki þegar til skamms tíma er litið, en nauðsynlegt hafi verið að hafa vaðið fyrir neðan sig standi eldgosið mánuði, eða jafnvel ár.

Margir þekkja til vandamála sem fylgja útblæstri brennisteinsvetnis eins og t.d. frá Hellisheiðarvirkjun. Guðlaugur segir merki um að vetnið sé tærandi. „Við vildum því láta gera athugun á þessari ógn til að hafa vaðið fyrir neðan okkur," segir Guðlaugur og bætir við að helst sé litið til viðkvæms búnaðar. Burðarvirkin séu ekki áhyggjuefni núna, heldur frekar viðkvæmur stjórnbúnaður sem tengist fjarstýringu á virkjum frá höfuðstöðvunum í Reykjavík.



> **Þessi efni sem um ræðir tæra flesta málma, en það er breytilegt hversu viðkvæmir þeir eru fyrir þessu. Ryðfrítt stál stendur þetta kannski af sér, en flestir aðrir málmar tærast.**
>
> *Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun*

svavar@frettabladid.is




Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynnir vaxtaákvörðun bankans í dag:

# Allir spá óbreyttum vöxtum

**EFNAHAGSMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri mun kynna ákvörðun peningastefnunefndar um stýrivexti á fundi bankans í dag. Greiningardeildir allra stóru viðskiptabankanna þriggja gera ráð fyrir að stýrivextir verði óbreyttir enn um sinn.

Greiningardeild Arion telur að þrátt fyrir að dregið hafi enn frekar úr verðbólgu og hagvöxtur verið nokkuð undir væntingum á fyrri helmingi ársins, sem almennt gæti gefið tilefni til lækkunar stýrivaxta, séu horfur í efnahagsmálum ekki mikið breyttar frá seinasta fundi. Greining Íslandsbanka spáir því að peningastefnunefnd bankans muni halda stýrivöxtum bankans óbreyttum fram á seinni hluta næsta árs.

Þetta er breyting frá fyrri spá en þá var gert ráð fyrir að nefndin myndi byrja að hækka stýrivexti sína snemma á næsta ári. Ástæðan fyrir þessari breytingu eru betri verðbólguhorfur og mildari vaxtahækkunartónn í yfirlýsingu peningastefnunefndar vegna síðasta vaxtaákvörðunarfundar. - jhh



**BANKASTJÓRAR** Þeir Már Guðmundsson og Arnór Sighvatsson sitja báðir í peningastefnunefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# SMURT ER ... Í OKTÓBER

Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota




## Manstu gömlu bílnúmerin?

Komdu og taktu þátt í smurningarleiknum okkar meðan við smyrjum bílinn.
Þrjú heppin bílnúmer fá ókeypis smurþjónustu* og 50.000 kr. bensínúttekt í vinning.

## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru**

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540 4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440 8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjar | 481 1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

*Næsta smurþjónusta ókeypis hjá viðurkenndum þjónustuaðila (smurning og síur).
**Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

Bókaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

# Verktökulæknar sem fara út á land fá um 900 þúsund á viku

Heilbrigðisráðherra segir nauðsynlegt fyrir heilsugæsluna á landsbyggðinni að fá verktökulækna eins og staðan sé í dag. Stjórnendur tveggja heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni segja hagstæðara að fá verktökulækna til starfa en vera með fastráðna heilsugæslulækna.

**HEILBRIGÐISMÁL** Verktökulæknar sem fara út á land í afleysingar á heilsugæslustöðvum fá um 900 þúsund krónur í laun á viku, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Víða á landsbyggðinni eru heilsugæslustöðvar mannaðar með því að fá lækna til starfa í verktöku. Til að fylla allar fastar stöður heimilislækna úti á landi með fastráðnum læknum vantar um 40 lækna.

Ýmsir fastráðnir sérgreinalæknar og heimilislæknar á höfuðborgarsvæðinu fara til starfa úti á landi í skamman tíma. Það gera þeir í sumarleyfum, í vaktafríum eða þegar þeir hafa safnað upp frítökurétti. Menn geta því drýgt föstu launin sín með því að fara út á land.

Menn vilja ekki ræða opinskátt um hvað læknar fá í laun, en læknir sem hefur tekið að sér að skipuleggja slíka þjónustu fyrir heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni segir að verktökulaunin geti verið 900 þúsund krónur á viku. Þá er miðað við að læknirinn sé á sólarhringsvöktum alla vikuna og sjái sjálfur um að greiða skatta og önnur gjöld af launum sínum.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir að launatölur upp á 900 þúsund á viku hljómi nokkuð háar við fyrstu sýn. „Það verður þó að hafa í huga að inni í þessari tölu, eftir því sem ég best veit, er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum, lífeyrisskuldbindingum, sumar- og námsleyfum auk þess sem viðkomandi hefur ekki rétt á launuðu veikindaleyfi.

„Ég tel að við núverandi aðstæður sé þetta úrræði nauðsynlegt. Það er betra að hafa lækni á staðnum en hafa engan lækni,“ segir ráðherra og bætir við að þeir sem stjórni heilsugæslunni telji þetta ódýrara en að hafa fastráðna lækna á staðnum og hafi fært fyrir því ágætis rök.

„Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að við viljum að sjálfsögðu hafa fastráðna heimilislækna úti á landi,“ segir Kristján.

„Við höfum mannað norðanvert Snæfellsnesið með verktökulæknum. Þessir staðir eru mannaðir með læknum sem eru í fullu starfi annars staðar en nota frítökuréttinn sinn til að koma til starfa hjá okkur,“ segir Þórir Bergmundsson, yfirlæknir hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Hann segir launakjör verktökulæknanna trúnaðarmál en það sé hagkvæmt að fá þá til starfa. Það sé enginn halli á rekstrinum þar sem verktökulæknar séu við störf, þar sé reksturinn í jafnvægi.



> „Ég tel að við núverandi aðstæður sé þetta úrræði nauðsynlegt. Það er betra að hafa lækni á staðnum en hafa engan lækni
>
> *Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra*

„Ef við berum þetta saman við að hafa fastráðna lækna þá er þetta mjög hagkvæmt fyrir stofnunina. Við sleppum við að greiða launatengd gjöld, veikindarétt, námsfrí og annað sem læknar eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum,“ segir Þórir. Hann segir þó að þetta sé ekki sú staða sem menn kjósi.

„Okkur vantar heimilislækninn sem viðhefur hin gömlu og góðu gildi. Hann þekkir sjúklingana og fjölskyldur þeirra og hefur því mikla yfirsýn yfir sjúkrasögu þeirra,“ segir Þórir.

Á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Blönduósi hafa menn fjögurra ára reynslu af því að manna lausar stöður heimilislækna með verktökulæknum.

Valbjörn Steingrímsson, forstöðumaður tekur undir með Þóri að það sé hagkvæmt að manna með verktakalæknum. Það kosti minna en vera með fastráðna lækna.

„Þetta kerfi hefur reynst afar vel hér. Þetta eru frábærir læknar sem koma til okkar og manna þær stöður sem eru lausar. Á meðan verktökulæknarnir koma hingað þá er ekki hægt að tala um læknaskort hér,“ segir Valbjörn og bætir við hann telji að fólk fái að mörgu leiti betri þjónustu með þessu kerfi.

„Hér kemur hjartalæknir, lungnalæknir, innkirtlafræðingur og fleiri sérgreinalæknar. Það kemur fjölbreyttur hópur lækna með mismunandi reynslu. Að fá svo fjölbreyttan hóp lækna er gott fyrir það fólk sem við þjónum hér í Húnavatnssýslum,“ segir Valbjörn.

johanna@frettabladid.is



**LÆKNASKORTUR** Ráðamenn segja nauðsynlegt fyrir heilsugæsluna á landsbyggðinni að fá verktökulækna til starfa. Án þeirra væri læknaskortur á landsbyggðinni. MYND/GETTY

KIA | Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

**Kia cee'd LX**

Árgerð 4/2013, ekinn 78 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,4 l/100 km.

**2.390.000 kr.**

Lykill

Afborgun aðeins 36.000 kr. á mánuði m.v. 239.000 kr. útborgun og 90% bílalán frá Lykli í 84 mánuði. 9,15% vextir, 10,87% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 84 mánaða. Nánar á lykill.is



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

**Kia Sportage X-Tra**

Árgerð 2/2014, ekinn 37 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.

**5.990.000 kr.**



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

**Kia cee'd EX**

Árgerð 3/2014, ekinn 7 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla 4,3 l/100 km.

**3.590.000 kr.**



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

**Kia Sportage EX**

Árgerð 6/2013, ekinn 33 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.

**4.990.000 kr.**



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

**Kia Sorento Classic**

Árgerð 7/2013, ekinn 36 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.

**6.190.000 kr.**

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

Fjármálastofnanir munu skoða hvort þær hafi veitt lán með sambærilegum ákvæðum og Íslandsbanki:

# Óvíst um áhrif banns á endurskoðun vaxta

**FJÁRMÁL** Fulltrúar Landsbankans og Arion banka segja óljóst hvaða áhrif úrskurður Neytendastofu gegn Íslandsbanka muni hafa á bankana. Neytendastofa bannaði Íslandsbanka að breyta ákvæði um endurskoðun vaxta vegna fasteignaláns sem tekið var árið 2005.

Fara þurfi yfir hvort bankarnir hafi veitt lán með sambærilegum ákvæðum og um hve stóran hluta lánasafnsins sé að ræða en málið sé enn til skoðunar.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir þó að Landsbankinn hafi veitt lán með sambærilegum ákvæðum og Íslandsbanki. „Íslandsbanki gæti áfrýjað úrskurðinum til áfrýjunarnefndar neytendamála og farið með þetta fyrir dómstóla ef því er að skipta. Fyrr en það er orðið ljóst veit maður ekki hvaða áhrif þetta mun hafa,“ segir Kristján.

Í málsvörn sinni vísaði Íslandsbanki til þess að sambærileg endurskoðunarákvæði tíðkuðust hjá Íbúðalánasjóði. Aðspurður kannaðist Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, ekki við slíkt ákvæði í lánaskilmálum bankans en vildi ekki útiloka að hægt væri að finna einhver dæmi um slíkt. Úrskurður Neytendastofu muni hins vegar hafa óveruleg áhrif á Íbúðalánasjóð að sögn Sigurðar. - ih


**SIGURÐUR ERLINGSSON**


**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON**


**ÍSLANDSBANKI** Neytendastofa úrskurðaði að vaxtaendurskoðun bankans stæðist ekki lög.


**DAVID CAMERON** Forsætisráðherra Bretlands tekur til máls í þinginu um fyrirhugaðar loftárásir á Íslamska ríkið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Loftárásir í Írak í gær:

## Bretar réðust á Íslamska ríkið

**BRETLAND** Breskar herþotur gerðu í gær árásir á stöðvar Íslamska ríkisins í Írak. Þetta voru fyrstu loftárásir Breta á Íslamska ríkið síðan þeir samþykktu á föstudag að taka þátt í hernaði gegn öfgasamtökunum. Gerðar voru tvær „nákvæmar árásir“ og báðar tókust þær vel, að sögn breska varnarmálaráðuneytisins. Bandaríkjamenn og samherjar þeirra hafa heitið því að stöðva framgang Íslamska ríkisins í Írak og Sýrlandi. Að sögn heimildarmanna úr röðum Kúrda hjálpuðu loftárásir Breta þeim að ná stjórn á mikilvægu svæði skammt frá landamærunum að Sýrlandi, að því er kom fram á vef BBC. - fb


**KYNNIR WINDOWS** Satya Nadell, framkvæmdastjóri Microsoft, kynnir Windows fyrir indverskum nemendum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný útgáfa frá Microsoft:

## Windows 10 var tilkynnt í gær

**SAN FRANCISCO, AP** Næsta útgáfa Windows-stýrikerfis tölvurisans Microsoft mun heita Windows 10. Fyrirtækið ákvað að sleppa Windows 9 til að leggja áherslu á framfarir kerfisins þar sem aukin áhersla er á farsíma- og netþjónustu. Núverandi stýrikerfi Microsoft, Windows 8, hefur nokkuð verið gagnrýnt. Til að bregðast við því hefur Microsoft til dæmis ákveðið að bjóða upp á svipaðan „start menu“ og var í Windows 7. Hluti nýja stýrikerfisins var afhjúpaður í San Francisco í gær en það verður formlega gefið út um mitt næsta ár. - fb

Dvalarheimili aldraðra:

## Meiri aðstoð frá ættingjum

**DANMÖRK** Yfir helmingur bæjarstjóra í Danmörku, sem þátt tóku í rannsókn Jótlandspóstsins, telur að í framtíðinni muni sjálfboðaliðar og ættingjar aðstoða íbúa á dvalarheimilum aldraðra og hjúkrunarheimilum í meiri mæli en nú er gert, til dæmis þegar þeir þurfa að fara í gönguferð, versla eða drekka kaffi í félagsskap með öðrum.

Þriðji hver bæjarstjóri í Danmörku er þeirrar skoðunar að sjálfboðaliðar og ættingjar eigi að halda jól fyrir íbúa dvalarheimila aldraðra. - ibs







Styrkjum starfsemi Krabbameinsfélagsins

*Hreyfill/Bæjarleiðir er styrktaraðili árvekniátaks Krabbameinsfélagsins í október og nóvember*

*Með hverri pantaðri ferð styrkir þú verkefni Krabbameinsfélagsins til að berjast gegn krabbameinum hjá konum.*

*Af því tilefni höfum við sérmerkt bílana okkar enn á ný með bleikum taxaljósum og munu bílstjórarnir taka fagnandi á móti þér.*



Bleika slaufan

*Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!*

„Bleika slaufan” er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.

TAXI HREYFILL BÆJARLEIÐIR
5 88 55 22




OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

Helle Thorning-Schmidt:

## Atvinnulausir Danir í forgang

**DANMÖRK** Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, segir mikilvægara að Danir sem eru atvinnulausir komist aftur út á vinnumarkaðinn heldur en að útlendingum verði gert auðveldara að fá vinnu í Danmörku.

Í ræðu á fundi með dönskum atvinnurekendum í gær sagði forsætisráðherrann að kæmu útlendingar með rétta fagmenntun til Danmerkur gætu þeir átt þátt í að auka efnahagslega velsæld í landinu. - ibs

Um tuttugu konum er bjargað ár hvert með leit að leghálskrabbameini:

## Þær yngstu mæta verst í skoðun

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það mætir ekki nema tæplega helmingur þeirra kvenna sem eru boðaðar í leit að leghálskrabbameini,“ segir Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Félagið auglýsir nú eftir þeim konum sem ekki hafa látið sjá sig í tilefni af árlegu árveknis- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélags Íslands, kenndu við Bleiku slaufuna.

„Það má segja að allir aldursflokkar mæti illa en verst þessar yngstu. Við gerðum könnun til þess að reyna að skoða hvers vegna konur koma ekki. Aðalástæðan var framtaksleysi og frestunarárátta,“ segir Ragnheiður en allar konur á aldrinum 23 til 65 ára eru boðaðar í skoðun á þriggja ára fresti.

Ragnheiður telur leitina afar mikilvæga. „Það greinast 1.800 frumsýni með frumubreytingum en um tvær konur látast á hverju ári úr þessum sjúkdómi. Það er talið að það bjargist um tuttugu konur á ári vegna leitarinnar,“ segir Ragnheiður. - ih



**BLEIKT** Þjóðmenningarhúsið verður lýst bleiku ljósi í október vegna átaks Krabbameinsfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fíkniefnasalar handteknir:

## Hald lagt á skotvopn og fé

**NOREGUR** Sextán manns voru handteknir í Ósló í gær í aðgerðum yfir 100 lögreglumanna gegn skipulagðri fíkniefnasölu. Í kjölfar leitar á um þrjátíu stöðum fengu barnayfirvöld fimmtíu til 100 tilkynningar, að því er segir á vef norska ríkisútvarpsins. Börn munu hafa verið send út til að selja eða verið í fylgd með foreldrum við sölu fíkniefna. Lögreglan lagði hald á fíkniefni, skotvopn og háar peningaupphæðir. Flestir hinna handteknu eru norskir ríkisborgarar. - ibs

# Vilja fund með leiðtoga Hong Kong

Mótmælendur í Hong Kong krefjast fundar með Leung Chun-ying leiðtoga borgarinnar. Hann segir Kínverja ekki gefa neitt eftir.

**HONG KONG, AP** Mótmælendur í Hong Kong hafa krafist þess að leiðtogi borgarinnar fundi með þeim. Ef hann vill það ekki hafa þeir hótað frekari mótmælaaðgerðum.

Leiðtoginn, Leung Chun-ying, sagði í gær að Kínverjar ætluðu ekki að víkja frá ákvörðun sinni um að takmarka kosningaúrbætur í borginni, sem er miðpunktur fjármála í Asíu. „Ef Leung Chun-ying mætir ekki á Almenningstorgið fyrir miðnætti held ég að óumflýjanlegt sé að fleira fólk komi út á göturnar,“ sagði Alex Chow, talsmaður nemendanna. Hann sagði að þeir væru að íhuga ýmsa kosti í stöðunni, þar á meðal að mótmæla á stærra svæði, krefjast verkfalls verkamanna og hugsanlega setjast að í byggingu í eigu stjórnvalda. Búist er við auknum fjölda mótmælenda á þjóðhátíðardegi Kínverja í dag og talið er að þeir verði í heildina um 100 þúsund. Xi Jinping, forseti Kína, hét því í þjóðhátíðarræðu sinni að styðja þétt við bakið á hagsæld og stöðugleika í Hong Kong. Hann sagði að stjórnvöld í Peking, höfuðborg Kína, teldu að Hong Kong myndi „skapa enn betri framtíð fyrir hina stóru fjölskyldu móðurlandsins“.

Stjórnvöld í Kína hafa fordæmt mótmælin í Hong Kong, sem mennta- og háskólanemendur hafa staðið fyrir, og segja þau ólögleg. Enn sem komið er hafa þau ekki gripið inn í og hafa því látið hin hálfsjálfstæðu stjórnvöld í Hong Kong takast á við vandann. Eftir að Leung Chun-ying hafnaði kröfum nemenda dró úr vonum um skjótfengna lausn á deilunni, sem hefur staðið yfir í sex daga. Mótmælendur hafa lokað götum víða í Hong Kong og hefur þurft að loka mörgum skólum og skrifstofum af þeim sökum. Lögreglan notaði táragas og piparúða á mótmælendur um síðustu helgi en hefur ekki beitt sömu aðferðum síðan þá, enda urðu þær síður en svo til að draga úr mótmælunum.

> **Við erum ekki hrædd við óeirðalögregluna, við erum ekki hrædd við táragas, við erum ekki hrædd við piparúða**
>
> *Leung Chun-ying, leiðtogi mótmælenda*

„Við erum ekki hrædd við óeirðalögregluna, við erum ekki hrædd við táragas, við erum ekki hrædd við piparúða. Við förum ekki í burtu fyrr en Leung Chun-ying segir af sér. Við ætlum ekki að gefast upp, við munum þrauka áfram,“ hrópaði Lester Shum, einn af leiðtogum mótmælenda, yfir mannfjöldann.

freyr@frettabladid.is



**REGNHLÍFAR GEGN PIPARÚÐA** Óeirðalögreglan beitir piparúða gegn mótmælendum eftir að þúsundir þeirra höfðu lokað aðalgötunni sem liggur að miðstöð fjármálahverfisins í Hong Kong. Mótmælendurnir notuðu regnhlífar til að verjast úðanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**➜ Samkomulag um „eitt land, tvö kerfi“**

Mótmælendurnir vilja að dregin verði til baka ákvörðun kínverskra stjórnvalda um að dómnefnd þurfi að samþykkja alla frambjóðendur í fyrstu beinu kosningunum í Hong Kong sem eru fyrirhugaðar árið 2017. Kínverjar tóku við stjórn Hong Kong af Bretum árið 1997 og kvað samkomulag þeirra á um „eitt land, tvö kerfi“. Það átti að tryggja þessari fyrrverandi nýlendu Breta aðskilið laga- og hagkerfi í anda vestrænna ríkja.






**VIÐ YFIRHEYRSLUNA** Julia Pierson viðurkenndi að leyniþjónustan hefði brugðist skyldum sínum við verndun Hvíta hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maðurinn sem komst óáreittur inn í Hvíta húsið:

## Leyniþjónustan brást skyldum sínum

**WASHINGTON, AP** Julia Pierson, yfirmaður leyniþjónustu Bandaríkjanna, viðurkenndi að stofnunin hefði brugðist skyldum sínum eftir að maður vopnaður hnífi komst óáreittur inn í Hvíta húsið og hljóp um helming þess áður en hann var yfirbugaður.

„Þetta er óásættanlegt,“ sagði Pierson, þegar hún var yfirheyrð af þingnefnd í Washington vegna atviksins. Hún lofaði því að fara yfir starfshætti stofnunarinnar og hvers vegna henni tókst ekki að stöðva manninn fyrr. Pierson gekkst við ábyrgð á því sem gerðist og sagði að þetta myndi ekki gerast aftur.

Hún hefur verið harðlega gagnrýnd vegna atviksins. „Ég vildi óska að þú hefðir verndað Hvíta húsið eins og þú varðir mannorð þitt hérna í dag,“ sagði fulltrúi demókrata við yfirheyrsluna. Skömmu áður en hinn vopnaði maður stökk yfir girðinguna við Hvíta húsið báru tveir einkennisklæddir starfsmenn leyniþjónustunnar kennsl á hann frá fyrri samskiptum sínum við hann. Þeir töluðu samt ekkert við hann og létu yfirmenn sína ekki vita af því að maðurinn væri á svæðinu. Hann hafði verið stöðvaður 25. ágúst með litla exi skammt frá girðingu Hvíta hússins.

Barack Obama Bandaríkjaforseti var ekki í Hvíta húsinu, þegar maðurinn ruddist þangað inn og ekki heldur fjölskylda hans. - fb

GAGNLEGT

# ÞARFTU AÐ **GERA VIÐ** GAMLA ORGELIÐ?



**NÚ KOSTAR MINNA AÐ VITA MEIRA**

1819 er ný upplýsingaveita sem veitir svör á hagkvæmari hátt en áður hefur þekkst. Hringdu núna – 1819 veitir alltaf svar.

18 19

S: 1819 | 1819.IS




**RANNSAKA EITURGUFUR** Slökkviliðsmenn frá borginni Nagoya í Japan mæla eiturgufur úr eldfjallinu Ontake, skammt frá Búddastyttu við tind fjallsins. Vegna aukinnar skjálftavirkni við fjallið er óttast að það muni gjósa á nýjan leik. Tugir manna fórust í eldgosinu og enn á eftir að flytja mörg lík niður af fjallinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ÁSTAND HEIMSINS







**TÝNDI FORELDRUNUM** Tyrkneskur hermaður heldur í höndina á hinni tólf ára Sidru, kúrdískum flóttamanni, sem týndi foreldrum sínum í flóttamannabúðum við landamæri Tyrklands og Sýrlands. Bandaríkjamenn og samherjar þeirra hafa varpað sprengjum á liðsmenn Íslamska ríkisins skammt frá landamærunum.




**Í HVÍTA HÚSINU** Narendra Modi, nýkjörinn forsætisráðherra Indlands, heimsótti Barack Obama Bandaríkjaforseta í Hvíta húsið á mánudag. Vel fór á með leiðtogunum tveimur.




**HJÁ BRENNANDI VEGARTÁLMA** Ung, grísk Rómakona stendur við brennandi vegartálma á meðan á mótmælum stendur í borginni Aþenu. Gríska Rómasamfélagið hefur mótmælt áætlunum stjórnvalda um að vísa fólkinu úr borginni þar sem það hefur sest ólöglega að og færa það yfir á afskekkt svæði í sveitinni.




**HARRY POTTER-HEIMSMEISTARI** 37 ára lögfræðingur í Mexíkó, Menahem Asher Silva Vargas, veifar töfrasprota fyrir framan safn sitt af Harry Potter-munum. Hann komst í heimsmetabók Guinness fyrir stærsta Harry Potter-safn í heimi. Í því eru meira en þrjú þúsund munir, þar á meðal spil, fígúrur, föt og fylgihlutir.




**HITTI HERMENN** Arseniy Jatsenjúk, forsætisráðherra Úkraínu, gengur fram hjá úkraínskum hermönnum á herstöð í þorpinu Novi Petrivtsi í austurhluta landsins. Þrátt fyrir að vopnahlé hafi verið ákveðið fyrir þremur vikum hefur mikið ofbeldi verið á svæðinu að undanförnu, að minnsta kosti tólf manns verið drepnir og 32 hafa særst.




Þjónusta við fyrirtæki

# Stoltur samstarfsaðili

CenterHotel Plaza • CenterHotel Þingholt • CenterHotel Skjaldbreið • CenterHotel Klöpp • CenterHotel Arnarhvoll
CenterHotel Miðgarður • centerhotel.is

Íslandsbanki er stoltur samstarfsaðili CenterHotels sem rekur sex fyrsta flokks hótel í hjarta borgarinnar. Íslandsbanki lauk nýverið við endurfjármögnun á félaginu. Bankinn mun einnig koma að fjármögnun á nýju hóteli, CenterHotel Miðgarði sem verður staðsett í miðborg Reykjavíkur. Hótelið verður 4ja stjörnu með 150 herbergjum.

Íslandsbanki er framsýnn og öflugur samstarfsaðili í framkvæmdafjármögnun í fasteigna- og byggingariðnaðinum. Við leggjum metnað okkar í að bjóða fyrirtækjum sérþekkingu og erum traustur bakhjarl alla leið.

Þekking okkar sprettur af áhuga.

EUROMONEY Awards for excellence 2014

Íslandsbanki var annað árið í röð valinn besti íslenski bankinn af hinu virta tímariti Euromoney.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM64088

Mjólkurmálið snýst, umfram allt, um stjórnmál:

# Hinir vammlausu

Mikið hefur farið fyrir Guðna Ágústssyni, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, vegna mjólkurmálsins. Í viðtali við Vísi sagði Guðni orðrétt: „…þar sem ég kom fram með upplýsingar beint frá Ásmundi Stefánssyni, sem var vammlaus verkalýðsleiðtogi og svo bankastjóri Landsbankans á erfiðustu tímum Íslandssögunnar. Hann sagði klárt mál að öll þau viðskipti hefðu farið fram á bankalegum forsendum.“



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Þarna er Guðni að tala um viðskipti Ólafs Magnússonar, áður í Mjólku, og Landsbankans, banka sem Ásmundur Stefánsson stýrði skamma stund eftir hrun. Af orðum Guðna má ráða að Ásmundi hafi þótt við hæfi að upplýsa ráðherrann fyrrverandi um viðskipti Ólafs og bankans. Má þetta? Eru fyrrverandi bankastjórar fríir frá bankaleynd? Og ef Ásmundur dreifir slíkum upplýsingum til birtingar í fjölmiðlum er nærtækast að spyrja hvort aðrar upplýsingar, og viðkvæmari, um annað fólk og önnur viðskipti séu einnig á vitorði fyrrverandi ráðamanna, eða núverandi eða bara hvers sem er. Hverjir eru vammlausir?

Eitt er að lagasmiðurinn Guðni gangi fram fyrir skjöldu og verji afleiðingar laganna, og það í umboði þeirra sem nutu góðs af þeim. Annað er og af allt öðrum meiði að í þeirri baráttu sé unnt að opinbera fyrir alþjóð upplýsingar um bankaviðskipti fólks og fyrirtækja. Mjólkurmálið ætlar að geta af sér skuggahliðar. Spurning um trúnað fyrrverandi bankastjóra er meðal þeirra og það verður að gera þá kröfu að áragömul bankaviðskipti rati ekki í átök eða dægurþras. Bankamenn verða að vera ærlegri en svo að þeir láti undan ráðafólki, núverandi og fyrrverandi, og láti því í té upplýsingar um hvernig einn eða annar stóð sig gagnvart viðskiptabankanum.

Ef þeir eru vammlausir, þá er spurt hvort þeir hafi leikið leikinn án þess að sjá fyrir endann á honum. Vissir í sinni sök. Nýjasta staðan er sú að frá Seljavöllum heyrist rödd Egils Eiríkssonar, sem á sæti í fulltrúaráði Auðhumlu. Egill er ákveðinn. Hann segir í samtali við Fréttablaðið: „Ég tel í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er núna að það sé réttast að kalla til fulltrúaráðsfundar þar sem ný stjórn yrði kjörin og í framhaldi af því myndi hún ráða nýjan forstjóra Mjólkursamsölunnar.“

Þrátt fyrir yfirburði í umræðunni, meðal annars vitneskju um viðskipti einstakra manna við Landsbankann, er málið hugsanlega að snúast í höndum þeirra. Meðal bænda er ekki samstaða. Þaðan er greinilega sótt að forsvarsmönnunum. „Við kúabændur viljum ekki að svona sé staðið að málum. Okkur er umhugað um orðstír Mjólkursamsölunnar og viljum ekki að honum sé stefnt í voða. Neytendur verða að vera vissir um það að við séum fyrst og fremst að gæta hagsmuna þeirra,“ sagði Egill í Fréttablaðinu í gær.

Innan stjórnmálanna er mikill og þverpólitískur vilji til að halda óbreyttu kerfi. Rök þingmanna eru þau að neytendur og bændur hafi mikinn hag af því að samkeppnin sé sem minnst. Þeir taka undir með Guðna Ágústssyni og fleirum og færa fram sömu rök og hann. Það eru önnur rök í málinu. Það eru rök sem mæla með fjölbreytni, nýjungum og öðru sem fæðist í hinu smáa.

Mjólkurmálið snýst aðeins að hluta um mjólk og Mjólkursamsöluna. Miklu frekar um sérhagsmuni, sérreglur, vandann við fámennið, litla markaði, nærgætni, tillitssemi og fjölbreytni. Engum þarf að koma á óvart að á Alþingi sé þverpólitísk samstaða um að viðhalda sérréttindum þess sterka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Staðan batnar

Þeir Magnús Halldórsson blaðamaður og Sigurður Már Jónsson deildu á Facebook í gær um hvort skuldaleiðréttingin ætti rétt á sér. Tilefnið var frétt Hagstofunnar um að eiginfjárstaða heimila batnar frá ári til árs. Það er rétt og eðlilegt að menn spyrji sig í ljósi þessa hvort raunverulegur forsendubrestur hafi orðið hjá húsnæðiseigendum. Í framhaldi er vissulega eðlilegt að spyrja hvort réttlætanlegt sé að ríkið verji áttatíu milljörðum í skuldaleiðréttinguna sem boðuð hefur verið. Áttatíu milljarðar króna myndu til að mynda fara langt með að duga til þess að fjármagna nýjan Landspítala, sem kallað hefur verið eftir í langan tíma.



### Furðuleg umræða

Umræðan um fjármögnun á nýjum Landspítala er annars farin að taka á sig býsna undarlega mynd. Nú eru farnar að skjóta upp kollinum hugmyndir um að tekjur af eignasölu ríkisins geti nýst til að fjármagna byggingu spítala. Eftir bankahrun hefur líka verið talað um að nýta tekjur af sölu ríkiseigna í að greiða niður ríkisskuldir. Varla er hægt að nýta söluágóðann bæði í að greiða niður skuldirnar og fjármagna nýjan spítala. Er það ekki eins og að ætla að borða kökuna og eiga hana?



### Þá og nú

„Í fyrra fengu kjósendur ríkisstjórn sem þeir vildu en þeir hafa nú áttað sig á því að þeir vildu ekki það sem þeir fengu.“ Þetta eru orð Bjarna Benediktssonar. Ekki í framhaldi af skoðanakönnun sem sýnir minnkandi fylgi núverandi ríkisstjórnar, heldur þegar síðasta ríkisstjórn hafði setið ámóta lengi og núverandi ríkisstjórn hefur gert núna. „Bjarni segir að fylgistap ríkisstjórnarinnar í könnuninni komi sér ekki á óvart. Hún hafi verið ósamstiga, lagt áherslu á röng mál, brugðist í hagsmunagæslu og svikið fyrirheit um aðgerðir.“ Enn og aftur eru orðin um fyrrverandi ríkisstjórn. Trúlega geta þeir sem nú eru í minnihluta notað orð Bjarna í dag.

sme@frettabladid.is

jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Útverðir Íslands

UTANRÍKISÞJÓNUSTA



**Gunnar Bragi Sveinsson**

utanríkisráðherra

Íslendingar hafa ávallt verið víðförul þjóð og ver vandfundinn sá kimi jarðar þar sem við höfum ekki stungið niður fæti við leik, nám eða störf. Smávaxin utanríkisþjónusta eins og okkar, sem hefur það að forgangsmáli að gæta öryggis og hagsmuna Íslendinga erlendis, mætti sín lítils ef við nytum ekki liðsinnis þéttriðins nets ræðismanna okkar víða um veröld.

Á hverjum einasta degi, allan ársins hring getur utanríkisþjónustan reitt sig á þá 243 ræðismenn Íslands sem nú eru starfandi í 89 þjóðlöndum. Sinna þeir störfum í þágu lands og þjóðar án þess að þiggja fyrir það laun og í flestum tilvikum eru ræðismenn Íslands erlendir ríkisborgarar sem eru boðnir og búnir að leggja á sig ómælt erfiði í sjálfboðavinnu við að rétta Íslendingum hjálparhönd ef þess er óskað. Í hverri viku koma upp mál þar sem reynir á útsjónarsemi utanríkisþjónustunnar við að koma fólki til aðstoðar og oftar en ekki reiðum við okkur á þessa frábæru menn og konur sem skirrast ekki við að leggja á sig margra daga ferðalög til að heimsækja þá samborgara okkar sem villst hafa af lífsins leið eða veita þeim aðstoð sem um sárt eiga að binda. Eðli málsins samkvæmt fara þessi mál hljótt en úrlausn þeirra er eitt mikilvægasta viðfangsefnið sem okkur er falið.

**➜ Er það ríkisstjórninni sérstakt fagnaðarefni að taka vel á móti þessum útvörðum Íslands og sýna þakklæti okkar í verki.**

Ræðismennirnir eru þannig hinn framlengdi armur Íslands á staðnum og er það ómetanlegt að eiga reitt okkur á aðstoð ræðismannanetsins þegar þörfin er brýn. Þá má fullyrða að ræðismenn okkar og tengsl þeirra í heimaríkjum sínum hafi reynst ákaflega vel fyrir íslenskan útflutningsiðnað og viðskipti í gegnum tíðina og mýmörg dæmi um opnun markaðstækifæra fyrir tilstuðlan þeirra.

Á morgun býð ég velkomna hingað til lands 136 ræðismenn Íslands sem lagt hafa undir sig langt ferðalag á eigin kostnað til að kynnast betur landi og þjóð á sjöundu ræðismannastefnunni sem haldin er í Hörpu nú í vikunni. Síðast var slík ráðstefna haldin árið 2006 og er hefð fyrir því að halda ræðismannaráðstefnu á fimm ára fresti. Það hefur dregist um þrjú ár af skiljanlegum ástæðum. Er það ríkisstjórninni sérstakt fagnaðarefni að taka vel á móti þessum útvörðum Íslands og sýna þakklæti okkar í verki.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Heimahjúkrun HH – ört vaxandi álag

HEILBRIGÐISMÁL





**Anný Lára Emilsdóttir**
hjúkrunarfræðingur, Heimahjúkrun Garðabæjar

**Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir**
yfirhjúkrunarfræðingur, Heilsugæslu Garðabæjar

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) starfrækir heimahjúkrun í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og Mosfellsumdæmi. Þegar þetta er skrifað sinna hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og félagsliðar heimahjúkrunar HH rúmlega 600 sjúklingum, sumum hverjum oft á dag. Greinarhöfundar gerðu úttekt á starfseminni þar sem einblínt var á árin 2010 og 2013. Hér verður farið yfir meginniðurstöður þeirrar vinnu en skýrslan er birt í heild sinni á heimasíðu HH http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=61.

Á árunum 2010-2013 varð fjórðungsaukning í sjúklingafjölda og 27% í aukningu vitjana hjá heimahjúkrun HH. Nokkrar meginskýringar eru á þessu aukna álagi. Stefna stjórnvalda hérlendis hefur verið að draga úr stofnanavistun, legudögum sjúkrahúsa fækkar, íbúum fjölgar og hlutfall aldraðra eykst. Tækninýjungar gefa veikum einstaklingum tækifæri á að lifa lengur og aukinn vilji er hjá sjúklingum að liggja banaleguna í heimahúsi.

Því miður hefur fjármagn til starfseminnar ekki aukist að sama skapi en HH er á fjárlögum ríkisins. Mesti álagstíminn hjá heimahjúkrun HH er dagvakt á virkum dögum en á umræddu þriggja ára tímabili var engin fjölgun stöðugilda á þeim vöktum. Ef mönnunin hefði átt að haldast í hendur við fjölgun sjúklinga hefði þurft að fjölga stöðugildum á dagvakt á virkum dögum um 28%, þ.e. úr 37 stöðugildum í 47 stöðugildi. Á viðmiðunarárinu 2010 var aukins álags þegar farið að gæta hjá heimahjúkrun HH því sú þróun var þá hafin sem hér að framan er lýst. Takmarkað svigrúm var því til að mæta þessu aukna álagi. Hér er ekki um tímabundið ástand að ræða. Mannfjöldaspár gera ráð fyrir að öldruðum fjölgi um 14% á næstu fjórum árum hérlendis, en í dag er þessi aldurshópur 84% af skjólstæðingum heimahjúkrunar HH.

### Er pláss fyrir tengdó?

Að mati greinarhöfunda er búið að hagræða eins og frekast er unnt hjá heimahjúkrun HH. Starfsfólk hefur í síauknum mæli þurft að grípa til aðgerða, s.s. að auka kröfur um aðkomu aðstandenda, skera vitjunartíma við nögl og mynda biðlista. Starfsfólk telur sig ekki ná að sinna sjúklingum sínum eins vel og þörf er á og sjúklingar, aðstandendur og starfsfólk annarra heilbrigðisstofnana lýsa óánægju sinni með ófullnægjandi þjónustu heimahjúkrunar HH. Aukið fjármagn þarf til heimahjúkrunar HH til að hægt sé að fylgja stefnu stjórnvalda og bjóða upp á viðunandi hjúkrunarþjónustu í heimahúsi. Að öðrum kosti þarf að endurskilgreina og í kjölfarið draga verulega úr þeirri þjónustu sem heimahjúkrun HH er ætlað að veita. Sú leið er ekki vænleg að mati greinarhöfunda, hvorki fjárhagslega né fyrir samfélagið þar sem það hefði ný vandamál í för með sér, s.s. auknar innlagnir á sjúkrahús, bugaða aðstandendur og óánægju í þjóðfélaginu.

**→ Mesti álagstíminn hjá heimahjúkrun HH er dagvakt á virkum dögum en á umræddu þriggja ára tímabili var engin fjölgun stöðugilda á þeim vöktum.**

Er pláss fyrir tengdó heima hjá þér? er yfirskrift komandi hjúkrunarþings Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Þetta er spurning sem þú, lesandi góður, gætir þurft að spyrja sjálfan þig ef heldur fram sem horfir.

# Grenjað yfir grillinu

LANDBÚNAÐUR



**Margrét Jónsdóttir**
eftirlaunaþegi á Akranesi

Nú, þegar menn hafa grátið úr sér augun yfir lélegu grillsumri og óseldu rollukjöti, kemur skýrsla frá OECD út. Ekki er hún falleg, því þar segir að við Íslendingar séum í djúpum skít, hvað meðferð okkar á landinu viðkemur. Gróðureyðing af völdum ofbeitar SEM BORGAÐ ER MEÐ.

Það er eins og ég kannist eitthvað við þetta! Jú, einmitt. Nokkuð sem ég hef bent hér á í skrifum mínum undanfarinn rúmlegan áratug. Við höfum nefnilega verið að borga með ofbeitinni en dregið lappirnar í að græða upp landið eins og til stóð þarna um árið. Hættum nú að stinga hausnum í sandinn og rífum okkur upp á ra........ og gerum ærlega tiltekt í þessu vandræðalega máli sem sauðfjárbúskapur hefur ratað í.

### Nú hvað er til ráða?

**1.** Hætta beingreiðslum.
**2.** Friða allt viðkvæmt land og koma fé í beitarhólf.
**3.** Framleiðum aðeins það sem við torgum hér innanlands. Sem þýðir að við getum refsað Rússum í leiðinni og hætt að selja þeim okkar dýrmæta gróður í formi kjöts.
**4.** Eflum uppgræðslu með lúpínu og hættum að vera svona ofboðslega hrædd við hana. Hún er ekki bara falleg heldur breytir hún eyðimörkinni í frjósaman jarðveg. Hopar svo fyrir öðrum gróðri í fyllingu tímans. Þetta má sjá víða um land.
**5.** Stóreflum skógrækt. Ekki veitir af í þessu eldfjallalandi, þar sem koldíoxíðkvótinn getur gufað upp í einu gosi.

Það er kominn tími til að tengja. Stórminnkum sauðfjárrækt, friðum öll viðkvæm svæði og græðum landið upp. Verum okkur ekki lengur til skammar í alþjóðasamfélaginu.



# Elsku besti Illugi!

SKATTUR


Gunnar Helgason
rithöfundur

Mér rennur blóðið til skyldunnar. Ég verð að stinga niður penna og fjalla örlítið um stöðu barnabókarinnar á Íslandi í dag. Sem handhafi Bókaverðlauna barnanna árið 2014 finn ég mig knúinn til að koma barnabókinni og þar með læsi, til varnar. Ég hef skrifað sjö barnabækur og sú áttunda er í prentun þegar þetta er skrifað og ég tel mig því hafa nokkuð góða innsýn og skilning á heimi barnabókanna. Það sem ég skil hins vegar ekki – og langar að biðja þig að útskýra fyrir mér – er málflutningur þinn, elsku besti menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson, á undanförnum dögum og vikum varðandi læsi og bókaverð.

Á hverju ári kemur ný PISA-könnun þar sem niðurstaðan er að læsi hrakar hjá börnunum okkar. Á hverju ári fyllast fjölmiðlar af stjórnmálamönnum, foreldrum, rithöfundum og sérfræðingum sem lýsa yfir miklum áhyggjum af þessu. En það er ekki á hverju ári sem bókaverð er hækkað með lagabreytingu.

Bjarni vinur þinn hefur sem sagt ákveðið að hækka virðisaukaskattinn á bókum. Þetta á að vera liður í því að einfalda virðisaukaskattskerfið. Þetta er reyndar í mínum augum hluti af mótvægisaðgerðum stjórnarinnar vegna niðurfellingar á öðrum sköttum, s.s. hátekjuskatti, en það getur verið rangt hjá mér. Hver sem ástæðan er fyrir þessari hækkun er augljóst að þetta kemur barnafjölskyldum verst því það liggur í hlutarins eðli að þær kaupa mest af barnabókum. Að vísu kemur þetta ömmum og öfum barnanna illa líka því það er alkunna að þau kaupa mikið af bókum þegar gefa á jóla- og afmælisgjafir. Þannig að þetta kemur ungum foreldrum og ellilífeyrisþegum hvað verst. En hátekjufólki hvað best. Auðvitað vona ég að það hátekjufólk sem losnar við hátekjuskattinn sinn kaupi þá meira af barnabókum fyrir peninginn sem það sparar sér en það er líklega bjartsýni. Það myndi samt sem áður stuðla að því að hinir munu líklega kaupa minna af bókum og þar af leiðandi leiða til aukins ólæsis.

### Vefst fyrir mér

Kæri menntamálaráðherra, þú hefur ítrekað – síðast í Íslandi í bítið þann 29.09.2014 – bent á að læsi var meira og betra hjá börnunum okkar árið 2000 þegar virðisaukaskatturinn var 14% heldur en árið 2012 þegar hann hafði verið 7% í nokkur ár. Þú hefur líka bent á að bókaverðið sé bara hluti af því flókna vandamáli sem versnandi læsi er. Ég skil það og það er rétt hjá þér. Það sem ég skil hins vegar ekki er hvernig það að hækka skattinn aftur á að vera hluti af lausninni á ó-læsisvandanum.

Það þarf örugglega að taka til í virðisaukaskattkerfinu, ég veit ekkert um það en það sem er undarlegt við þessa ákvörðun um að hækka bókaverðið er að á sama tíma ferðast þú, menntamálaráðherra, um landið og kynnir fyrir landslýð Hvítbókina þína þar sem lögð er áhersla á betri menntun í landinu. Nú vita allir að grunnurinn að betri menntun er aukið og betra læsi landsbarna. Það sem vefst því fyrir mér er hvernig hækkað bókaverð á að styðja við þessa Hvítbókarstefnu. Ég bara skil það ekki. Best væri að mínu mati að fella virðisaukaskatt á bækur niður með öllu. Það ætti að einfalda kerfið eins og stefna stjórnvalda segir til um og myndi þar á ofan vonandi hjálpa til við að auka læsi barnanna okkar. Elsku besti Illugi Gunnarsson, ert þú kannski til í að skrifa hér á þessar síður greinarkorn þar sem þú útskýrir þetta allt saman fyrir mér – helst eins og ég væri sex ára.

**➜ En það er ekki á hverju ári sem bókaverð er hækkað með lagabreytingu.**

# Þakkað fyrir tómata og rósir á Kristsdegi

TRÚMÁL


Bjarni Karlsson
prestur


Jóna Hrönn Bolladóttir
prestur

Við öll sem unnum kirkju og kristni í landinu höfum fundið sárt til þess undanfarin ár hvernig innri átök og utanaðkomandi andstaða hafa þjakað trúað fólk í landinu. Trúað fólk hefur verið ósammála um ýmis efni sem segja má að hafi kristallast í afstöðunni til samkynhneigðra á sama tíma og sterk þjóðfélagsöfl hafa krafist þess að allri trúarlegri tjáningu væri úthýst úr almannarýminu. Það er þannig með sannleikann í mannlífinu að hann fæðist fram. Allir foreldrar, afar og ömmur þekkja á eigin skinni að meðgöngur og fæðingar eru vesen. Þetta eru fyrirhafnarsöm ferli sem kosta alls kyns þjáningar og erfiði en samt þráir flest fólk að vera aðili að slíku brasi.

Á nýliðnum Kristsdegi sem haldinn var í Hörpu fæddist nýr sannleikur í samvitund kristninnar í landinu og við sem urðum vitni að fæðingunni og jafnframt lítum á okkur sem náin skyldmenni erum fagnandi og stolt. Sannleikurinn sem þar var á hvers manns vörum og skein úr ásjónu fólks var þessi: Það er gott að vera ólík systkin.

Samkoman sem stóð allan daginn og fram á kvöld var ekki síst áhugaverð frá lýðfræðilegu sjónarmiði. Kringlan og Smáralind gætu vart státað af öðru eins samansafni af fólki með ólíkan lífsstíl, fatastíl, fjárhag, heilsufar, menntun, lífsviðhorf og þjóðerni. Þar ægði saman landsbyggðarfólki og höfuðborgarbúum. Þarna var lyft upp klassískri tónlist og gospelrokki, þjóðlegum kórsöng og kirkjusálmum í flutningi landsþekktra tónlistarmanna ásamt margvíslegri annarri tónlist. Þarna flutti forseti lýðveldisins eina af sínum blaðalausu snilldarræðum, helstu leiðtogar kristninnar stigu á svið við hlið hvítasunnumanna og hjálpræðishersmanna auk fulltrúa margra annarra kristinna safnaða og félaga sem sum hver tefldu fram fólki sem alla jafna stendur ekki upp á fjöldasamkomum.

### Áhrifaríkasta bænin

Áhrifaríkasta bænin var að okkar mati sú þegar kona ein þakkaði Guði fyrir starf þeirra sem vinna í gróðurhúsum í landinu og nefndi sérstaklega hvað ræktaðar eru fallegar rósir og hvað íslenskir tómatar bragðast vel. Undir þeirri bæn sem var sjálfsprottin, laus við allan ytri styrk en full af ást á íslenskri gróðurmold þótti okkur fegurð þessarar samkomu ná hámarki sínu.

Við sem þessi orð ritum höfum árum saman gagnrýnt harðlega þá tilhneigingu sem stundum nær yfirhöndinni í trúarlegu samhengi að vilja hafa vit fyrir fólki í siðferðisefnum með því að gera eigin lífsskoðanir að viðmiði fyrir alla hina. Þá hættir systkinaástin að vera skilyrðislaus og allir tapa. Þess vegna bökkuðum við frá þegar hinn umdeildi Franklin Graham kom til landsins í fyrra á Hátíð vonar vegna þess að við álitum hann sem opinbera persónu hafa framgöngu sem útilokar fólk. Það var okkar mat.

**➜ Sannleikurinn sem þar var á hvers manns vörum og skein úr ásjónu fólks var þessi: Það er gott að vera ólík systkin.**

Við sátum samkomuna í Hörpu, hlýddum á hverja einustu bæn sem fram var borin og gengum út þakklát fyrir að heyra það óritskoðaða kærleiksákall sem þarna var fram borið í þágu landsmanna.

Viðurkenna skal að það voru mistök af hálfu nefndarinnar að láta umdeild málefni eins og fóstureyðingar liggja frammi sem fyrirbænarefni á opinberum vef. Slíkt hlaut auðvitað að leiða til deilna. En hrósa má öllum aðstandendum Kristsdags fyrir það að vísa veginn í átt að fjölmenningu í verki þar sem ekki ríkir menningarþótti heldur umvefjandi skilningur og alúð.

# Ekki eldri en 25 ára í framhaldsskóla

MENNTUN


Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir
hjúkrunarfræðingur

Ég heiti Aðalbjörg. Ég er sjúkraliði, hjúkrunarfræðingur og meistaranemi í heilbrigðisvísindum. Þegar ég var 10 ára var ég ákveðin í því að verða hjúkrunarfræðingur þegar ég yrði stór.

En ef ekki væri fyrir frelsi í menntamálum á Íslandi, þá væri ég ekki hjúkrunarfræðingur í dag og þá ekki meistaranemi. Oft er það nefnilega svo að þó að við höfum flest góðar fyrirætlanir um að fylgja straumnum og fara hina hefðbundnu lífsleið, sem felur í sér að ljúka grunnskóla, fara í framhaldsskóla, svo háskóla og útskrifast með höfuðið fullt af hagnýtri þekkingu, þá færir lífið okkur oft gjafir sem gjörbreyta þessum áætlunum.

Ég er ein af þeim; ein af þessum heppnu. Á tuttugasta aldursári eignaðist ég frumburðinn, var að verða 24 þegar tvíburasystur hans komu í heiminn og fjórum og fimm árum síðar fæddust svo litlurnar mínar tvær. 29 ára var ég fimm barna móðir í austurbæ Reykjavíkur, sem átti sér enn þann draum að verða hjúkrunarfræðingur. Og lífsreynslan sem ég hafði upplifað hafði aðeins gert að verkum að ég varð staðráðnari í að láta hann rætast.

### Gafst ekki upp

Ég man eftir sjálfri mér sitjandi í strætó að fara úr kvöldskólanum í Verkmenntaskólanum á Akureyri, meðan börnin voru enn aðeins þrjú. Ég leit upp um leið og vagninn ók fram hjá Fjórðungssjúkrahúsinu – nú Sjúkrahúsinu á Akureyri, og ákvað með sjálfri mér þetta:

Ég ætla að verða hjúkrunarfræðingur áður en ég verð fertug. Innra með mér hafði ég reyndar gífurlegar, og ég ítreka, gífurlegar efasemdir um að mér tækist það. Ég var ekki með stúdentspróf, einstæð 24 ára gömul þriggja barna móðir sem vann vaktavinnu. En ég gafst ekki upp og öðru hverju frá því ég var 19 ára til 29 ára, tók ég einn og einn áfanga í fjarnámi og safnaði mér þannig einingum upp í stúdentspróf. Þegar ég var orðin 32 ára, var komið að því; ég gekk á skrifstofu Guðrúnar Hildar, kennslustjóra sjúkraliðabrautar Fjölbrautaskólans við Ármúla, og sótti um. Og það sem ég naut þess að vera loksins komin í nám! Kennararnir voru hvetjandi, með nýjustu þekkingu á takteinum og voru góðar fyrirmyndir. Ég útskrifaðist vorið 2006 sem sjúkraliði og ákvað að halda áfram og ljúka stúdentsprófi, sem ég gerði um jólin sama ár. Haustið 2007 fór ég í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og ef sjúkraliðanámið var gefandi og lærdómsríkt, þá efldist ég á alla kanta í hjúkrunarnáminu. Hefur þú einhvern tímann verið stödd eða staddur á stað í lífinu, sem er líkt og fyrirfram ætlaður fyrir þig? Þannig leið mér.

### Missir samfélagsins

Það var svo vorið 2011 sem ég tók við brautskráningarskírteininu mínu sem hjúkrunarfræðingur. Þá var ég 39 ára.

Og þá var það ekki aðeins höfuðið mitt sem var fullt af hagnýtri þekkingu, heldur hafði hjarta mitt fyllst af hugsjón um að leggja mitt af mörkum til að gera veröldina aðeins betri. Það er tvennt sem gerir að verkum að ég upplifi mig geta lagt af mörkum til annarra: Í fyrsta lagi gjafirnar sem lífið hefur gefið mér og í öðru lagi námið sem hefur gefið mér verkfæri til að skilja hið óskiljanlega og að beita gagnrýninni hugsun við óhugsandi aðstæður.

Það var vegna frelsis í menntamálum á Íslandi árið 2004, sem ég er sú sem ég er í dag. Þær Aðalbjargir sem lífið hefur gefið sömu gjafir og mér munu því miður ekki geta fetað mína slóð ef fyrirætlanir menntamálaráðherra ná fram að ganga.

Því Aðalbjargir ársins 2015 geta aðeins fetað mína slóð ef þær eru yngri en 25 ára.

Missir þeirra verður mikill, en missir samfélagsins okkar verður enn meiri. Því ég trúi ekki að ráðamenn okkar góða lands forgangsraði frelsi í áfengiskaupum framar frelsi í menntamálum.

**➜ 29 ára var ég fimm barna móðir í austurbæ Reykjavíkur, sem átti sér enn þann draum að verða hjúkrunarfræðingur. Og lífsreynslan sem ég hafði upplifað hafði aðeins gert að verkum að ég varð staðráðnari í að láta hann rætast.**

# Heilsa og vellíðan starfsfólks borgarinnar

VIÐVERA


Ragnhildur Ísaksdóttir
starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins þar sem að jafnaði starfa um átta þúsund manns. Verkefnin eru gríðarlega mörg og fjölbreytt en öll miða þau að því að gangverk borgarinnar haldi sínum eðlilega takti.

Góð viðverustjórnun er hluti af því að efla almenna heilsu borgarstarfsmanna og undanfarna mánuði hefur borgin unnið að því að móta nýja viðverustefnu. Viðverustefnan hefur þann megintilgang að samræma vinnuferla vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla um lengri eða skemmri tíma. Rauður þráður stefnunnar er að auka vellíðan starfsmanna og draga úr veikindafjarvistum.

Veikindahlutfall hjá borginni var 6,2% fyrstu sex mánuði ársins sem er hærra en á hinum almenna markaði. Það gerir samanburðinn flóknari að veikindaréttur þeirra sem vinna hjá hinu opinbera er meiri en þeirra sem starfa á einkamarkaði, en engu að síður er veikindahlutfall borgarstarfsmanna of hátt og við því þarf að bregðast.

### Mikilvæg þjónusta

Borgin er einn vinnustaður, en starfsstöðvar borgarinnar eru margar og ólíkar. Hingað til hefur skráning veikindafjarvista ekki verið samræmd á öllum starfsstöðvum og einnig hefur skort samstillt viðbrögð. Með nýrri viðverustefnu verður tryggt að tekið sé á fjarvistum með samræmdum og sanngjörnum hætti. Stefnt er að því að með réttum viðbrögðum dragi úr fjarvistum. Vinna er þegar hafin við að koma á kerfisbundnum og reglulegum úttektum á fjarvistum. Mikilvægur hluti af innleiðingunni felur í sér þjálfun fyrir stjórnendur um hvernig stemma megi stigu við fjarvistum. Stjórnendur fá þannig aðstoð við að bregðast við með markvissari hætti og veita starfsfólki ráðleggingar varðandi úrræði. Einnig verður lögð áhersla á að styðja sem best við starfsmenn í veikindum og við endurkomu til vinnu, m. a. með því að finna leiðir til að aðstoða þá við að efla starfshæfni sína.

**➜ Með nýrri viðverustefnu verður tryggt að tekið sé á fjarvistum með samræmdum og sanngjörnum hætti.**

Starfsfólk borgarinnar sinnir gríðarlega mikilvægri þjónustu við barnafjölskyldur, aldraða, fatlað fólk og innflytjendur. Það sér um að auka umhverfisgæði, bæta samgöngur, mennta börnin, auðga menninguna – og áfram mætti lengi telja. Starfsemi borgarinnar er því afar umfangsmikil og Reykjavíkurborg ber ríka ábyrgð, bæði gagnvart borgarbúum og starfsfólki.

Stóra verkefnið fram undan er að greina stöðuna vandlega, áður en ályktun er dregin, því orsakir fyrir háu veikindahlutfalli geta verið mjög margar og mismunandi. Verkefnið er nýlega hafið og árangur ekki kominn í ljós. Sambærilegar viðverustefnur hafa skilað góðum árangri í nágrannalöndum okkar og má nefna sem dæmi að veikindafjarvistir í Billund fóru úr ríflega sjö prósentum í fjögur prósent við innleiðingu viðverustefnu.

Góð heilsa og vellíðan starfsfólks hefur jákvæð áhrif á þjónustuna sem borgin veitir – og það er sameiginlegur ávinningur okkar allra.






**DIDRIKSONS VINSON ÚLPA**
Stærðir 80–140
**14.990 KR.**



**VIKING JOLLY STÍGVÉL**
Stærðir 21–35
**4.990 KR.**



**VIKING FROST FIGHT KULDASTÍGVÉL**
Stærðir 21–35
**8.990 KR.**

**VIKING SPINNER STÍGVÉL**
Stærðir 19–23
**5.990 KR.**





**DIDRIKSONS ROGER ÚLPA**
Stærðir 130–170
**18.990 KR.**



**DIDRIKSONS KEBNATS SNJÓGALLI**
Barnastærðir 80–140
**16.990 KR.**



**DIDRIKSONS THERON KULDAGALLI**
Stærðir 80–130
**19.990 KR.**



**DIDRIKSONS SLASKEMAN REGNGALLI**
Stærðir 80–130
**7.990 KR.**



**DIDRIKSONS HAMRES ÚLPA**
Stærðir 80–140
**11.990 KR.**



**DIDRIKSONS KATHLEEN ÚLPA**
Barnastærðir 130–170
**18.990 KR.**



**DIDRIKSONS BOARDMAN REGNSETT**
Stærðir 80–130
**13.990 KR.**

**DIDRIKSONS BRYN YOUTH SNJÓBUXUR**
Stærðir 130–170
**12.990 KR.**



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 142853

# Hafa íslenskir læknar efni á fjölskyldulífi?

KJARAMÁL


**Íris Ösp Vésteinsdóttir**
formaður Félags íslenskra læknanema

**➜ Þetta snýst um almenna kröfu allra lækna að geta átt meiri tíma með fjölskyldu, vinum og áhugamálum.**

Fáir læknar gerast svo hugrakkir að eignast börn á námsárunum. Fæstir hafa möguleika á annarri framfærslu en námslánum og það þarf mikla staðfestu til að sinna uppeldi meðfram námi sem krefst tæplega 200 stunda spítalaviðveru hvern mánuð síðustu námsárin fyrir utan heimalestur.

Við útskrift eru flestir læknar nær þrítugu en tvítugu. Síðustu 10 ár hafa konur verið 55% nemenda í læknadeild HÍ og sem stendur eru konur rúmlega 60% þeirra Íslendinga sem læra læknisfræði erlendis. Þær sem ákveða að fresta barneignum þar til að námi loknu hafa því oft ekki mörg ár eftir af kjöraldri til þess. Sér í lagi ef börnin eiga að verða fleiri en eitt.

Læknisstarfið krefst ýmiss líkamlegs álags og langar vaktir leggjast ofan á dagvinnu. Verkefnin eru mismunandi, allt frá því að hlaupa sjúkrahúsgangana á enda og aðstoða við endurlífgun, standa og aðstoða í langri aðgerð eða jafnvel rjúka í sjúkrabíl upp á háheiði um miðjan vetur. Sumar konur verða ófærar um slík líkamleg átök snemma á meðgöngu. Er það ásættanlegt fyrir sjúkling að vakthafandi læknir geti ekki framkvæmt nógu skilvirkt hjartahnoð? Er það ásættanlegt að læknir á vakt hætti sínu ófædda barni til að hjálpa öðrum?

Eldri kollegar stóðu oft vaktina fram að settum degi en flestar þeirra vara okkur yngri við því og það er orðið algengara að kvenlæknar hætti fyrr töku vakta á meðgöngu. Eftir situr þá dagvinna virka daga frá 8-16 (sem hjá flestum stéttum teldist 100% starf). Það að hætta töku vakta er tvíeggja sverð. Það veldur tímabundið auknu álagi á aðra lækna innan sama vinnustaðar og vaktirnar skapa tekjurnar. Án þeirra eru launin 340.743 kr. fyrir kandídat og 370.485 kr. fyrir lækni með lækningaleyfi eða 254.692 kr. og 272.898 kr. eftir skatt.* Grunnviðmið fyrir einstakling í sambúð með eitt barn, án bíls og húsnæðis er 232.916 kr. **

### Hefur áhrif á mönnun

Annað sem flækir málið er að almennir læknar vinna í stuttum tímabundnum ráðningum. Þetta getur haft áhrif á rétt læknis til fæðingarorlofs og verður til þess að margir almennir læknar fara samningslausir í fæðingarorlof og tapa hlunnindum fastráðningar s.s. réttindum til veikinda, sumarfrís o.fl. Þegar þetta tvennt er skoðað saman þá er skiljanlegt að það færist í aukana að læknar í fæðingarorlofi lendi í erfiðleikum til dæmis með afborganir námslána.

Það að hluti kvenlækna hætti að taka vaktir á meðgöngu og flestar taki sér lengra fæðingarorlof en bekkjarbræður þeirra hefur nú þegar áhrif á mönnun. Kollegar eiga ekki að sitja eftir í súpunni þegar einn hverfur frá og neyðast til aukavakta án þess að ráða nokkru um það. Þetta snýst um almenna kröfu allra lækna að geta átt meiri tíma með fjölskyldu, vinum og áhugamálum. Það er ekki ásættanlegt að einungis með mikilli vaktavinnu ofan á dagvinnu geti læknar haft í sig, á og afgang til afborgunar námslána.

Spá Læknafélags Íslands telur að á næstu 10 árum muni starfandi læknum fækka um 300 meðan þjóðinni fjölgar. Gæti þetta verið enn ein ástæða landflótta lækna? Höfum við efni á því?

**Reiknað af skattur.is gert ráð fyrir einstakling, og greitt í lífeyrissparnað. Ekki er greitt í stéttarfélag miðað við þennan útreikning.*
***Reiknivél velferðarráðuneytis, velferdarraduneyti.is.*

# Lögreglumenntun á háskólastigi

MENNTUN


**Eyrún Eyþórsdóttir**
lögreglukona og doktorsnemi

**➜ Kröfur til lögreglunnar eiga ekki að vera minni en kröfur til annarra hópa – heldur frekar á hinn veginn.**

Alþingi samþykkti á vordögum frumvarp til breytingar á lögreglulögum og var þar farið fram á endurskoðun á skipulagi og starfsemi Lögregluskólans. Á meðan beðið er eftir skýrslu starfshópsins sem fenginn var til verksins er gott að fjalla stuttlega um hvað málið varðar.

### Barn síns tíma

Lögregluskólinn er eyland sem hefur staðið utan menntakerfisins og ekki lotið neins konar eftirliti eða krafna varðandi gæði. Námið hefur verið metið til eininga á framhaldsskólastigi þó svo þær einingar hafi illa fengist metnar inn í aðra skóla. Fastráðnir kennarar skólans eru ekki með námslegan bakgrunn eða starfsréttindi til kennslu og þar er ekki að finna faglegt námsefni. Helstu aðgangskröfurnar eru að hafa lokið tveimur árum í framhaldskóla, vera orðinn tuttugu ára og geta í íslensku og þreki er metin. Kröfurnar útiloka hóp fólks frá lögreglunáminu, t.d. lesblinda, innflytjendur sem hafa ekki náð fullum tökum á íslensku og fatlaða. Þá hefur Lögregluskólinn, eðli málsins samkvæmt, ekki staðið við lögskipað hlutverk sitt sem fræða- og rannsóknarsetur þar sem ekki hefur verið lögð áhersla á að nýta háskólamenntun sem lögreglumenn hafa aflað sér né hefur skólinn haft yfir akademískri þekkingu að ráða.

### Aukin menntun lögreglumanna

Undanfarin ár hafa hugmyndir fólks gagnvart menntun lögreglunnar breyst samfara hröðum þjóðfélagslegum og hnattrænum breytingum. Til dæmis fyrirfinnast ekki lengur landamæri þegar kemur að glæpastarfsemi, net- og tölvuheimurinn er orðinn svo flókinn að það er ekki fyrir leikmenn að skilja, kynferðisofbeldi er undir áhrifum klámvæðingar, glæpir eru skipulagðari, fíkniefnaframleiðsla hefur fest rætur hérlendis og fólk er orðið að söluvöru. Fjölbreytni í trúarbrögðum hefur aukist, fjölmenning er meiri, lífsviðhorf fólks til kyns, uppruna, kynhneigðar og fleira hefur breyst. Og meðvitund fólks um eigin borgaraleg réttindi hefur aukist. Allt kallar þetta á aukna sérhæfingu lögreglufólks auk þess sem lögreglan þarf ekki aðeins að hafa fullan skilning á fjölbreytileikanum heldur einnig endurspegla hann.

Nokkur lögregluembætti og deildir hafa ráðið til sín háskólamenntað fólk í sérhæfð verkefni. Það má álíta að það sé gert vegna þess að talið er að lögreglumenntun dugi ekki til að mæta þeirri sérhæfingu sem þarf. Líklega gekk sjónarmið sérstaks saksóknara út á það að þekking meðal lögreglumanna væri ekki til staðar þegar kom að flóknum fjármálagjörningum og því réð hann fólk með viðskiptafræðimenntun. Þá má spyrja af hverju þetta sjónarmið er ekki uppi þegar kemur að öðrum málaflokkum. Af hverju eru ekki ráðnir tölvunarfræðingar þegar kemur að tölvurannsóknum eða sérfræðingar í kynbundnu ofbeldi þegar kemur að rannsóknum á kynferðisbrotum.

Í nútímasamfélagi er háskólamenntun orðin almennari og meiri kröfur eru gerðar til fólks á vinnumarkaðinum. Kröfur til lögreglunnar eiga ekki að vera minni en kröfur til annarra hópa – heldur frekar á hinn veginn. Á ráðstefnu sem Landssamband lögreglumanna stóð fyrir árið 2013 um menntun lögreglumanna kom fram að Lögregluskólinn standi langt að baki lögregluskólum annarra norrænna ríkja þar sem lögreglunám er komið á háskólastig. Þar er ekki lengur til umræðu hvort nám eigi að vera á háskólastigi heldur uppbygging mastersnáms og jafnvel doktorsnáms skólanna.

### Lögreglunámið í Háskóla Íslands

Lögreglunámið gæti verið þverfaglegt grunnnám í Háskóla Íslands þar sem inngangskrafan væri stúdentspróf. Háskólinn býður upp á nám í lögfræði og félagsvísindum sem ættu að vera grunnstoðir lögreglunáms. Auk þess væri hægt að taka ýmiss konar námskeið svo sem tölvunarfræði, efnafræði, viðskiptafræði og sálfræði sem mundi efla sameiginlegan þekkingargrunn lögreglumanna og verða til þess að fjölbreyttari hópur fólks menntaði sig á þessu sviði. Líkt og annað verktengt háskólanám gæti starfsnám lögreglu farið fram undir hatti háskólans. Þá þyrfti að vera hægt að fá sérhæfingu eftir grunnnámið, hvort sem það væri í sakamálarannsóknum eða til stjórnunarstarfa.

### Samfélagslegt mál

Menntun lögreglumanna hefur sjaldan verið hluti af þjóðfélagslegri umræðu en er engu að síður samfélagslegt málefni. Lögreglan á Íslandi stendur sig yfirleitt með sóma en samfélagið breytist ört og samfara því vinnuumhverfi lögreglumanna. Aukin menntun er mikilvæg fyrir lögreglumenn til að auka færni sína, þekkingu og getu. Þannig geta þeir skilað faglegra starfi og orðið reiðubúnir til að mæta áskorunum framtíðarinnar og ekki síst þjónustu við samfélag sitt.

# Aðgengi heyrnarskertra að íslenskum fjölmiðlum

SAMFÉLAG


**Ingólfur Már Magnússon**
varaformaður Heyrnarhjálpar, félags heyrnarskertra á Íslandi

Aðgengi heyrnarskertra að íslensku sjónvarpi er alls ekki nógu gott og langt frá því sem það gæti verið en talið er að um 15–16% þjóðarinnar séu á hverjum tíma heyrnarskert.

Við heyrnarskertir höfum barist fyrir því að fá rittúlkun og textun viðurkennda sem eina af aðgengisleiðum okkar. Stjórnvöld hafa því miður ekki verið nógu hliðholl okkur og hvergi nærri nóg áunnist í þeirri baráttu. Við getum nefnilega ekki alltaf greint og/eða náð öllum hljóðum í samtölum manna á milli og alls ekki öllu í sjónvarpi, jafnvel ekki með bestu heyrnartækjum. Textun (rittúlkun) mundi þar breyta aðgengi allt að 50 þúsund Íslendinga að íslensku sjónvarpsefni. Við heyrnarskertir viljum nefnilega líka gjarnan fylgjast með Kastljósi, Íslandi í dag, íslenskum spennuþáttum sem og öllum öðrum íslenskum þáttum í sjónvarpi.

„Samkvæmt 29. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, er fjölmiðlaveitum einungis skylt að texta erlent efni sem þær senda út. Í 30. gr. laganna eru fjölmiðlaveitur hins vegar hvattar til þess að „leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum auk þeirra sem búa við þroskaröskun með táknmáli, textun og hljóðlýsingu“ en engin skylda er lögð á fjölmiðlaveiturnar hvað þetta varðar.

Eins og kostur er, segir lagagreinin en engin skylda lögð á fjölmiðlaveitur hvað þetta varðar.

Nú á haustdögum leggja sjö alþingismenn – allt konur – fram frumvarp á Alþingi (108. mál) um breytingu á 30. gr. laga 38/2011, þar sem textinn verður svohljóðandi. „Myndefni sem fjölmiðlaveitur miðla skal ávallt fylgja texti á íslensku sem endurspeglar texta hljóðrásar myndefnis eins nákvæmlega og kostur er.“ Hafi sjömenningarnir þökk fyrir.

Nú verður gaman að sjá hvort aðrir þingmenn sjá sóma sinn í því að greiða fyrir þessari breytingu á lögunum

Ágætu þingmenn; Mismunun er óheimil. Það að heyrnarskertir séu útilokaðir frá því að njóta íslensks sjónvarpsefnis er mismunun. Því skora ég á ykkur að samþykkja þetta frumvarp um breytingu á lögum nr. 38/2011. Sú breyting mun koma allt að 50 þúsund Íslendingum til góða.

# Við mótmælum fréttaflutningi fjölmiðla af Úkraínu

**FJÖLMIÐLAR** Um það verður ekki deilt að fjórir ráðherrar í nýrri stjórn Úkraínu eftir stjórnarbyltinguna þar í landi komu úr þjóðernisöfgaflokknum Svoboda (m.a. varnarmálaráðherrann). Við getum rétt ímyndað okkur áfellisdóminn yfir segjum t.d. Sjálfstæðisflokknum ef hann tæki inn í stjórn sína einn þingmann úr þjóðernisöfgaflokki til að ná meirihluta á þingi. Að segja að fasistar hafi komist til valda í Úkraínu var því ekki úr lausu lofti gripið. Um það verður heldur ekki deilt að Janokovich, fráfarandi lýðræðislega kjörinn forseti Úkraínu, þurfti að ganga að harkalegum niðurskurðaráformum til að landa samningi við ESB, hann fékk betra tilboð frá Rússum sem varð til þess að hann undirritaði ekki samstarfssamning við Evrópusambandið.

Umfjöllun fjölmiðla um Úkraínu hefur verið ótrúlega einhliða. Það er góða liðið, Úkraínustjórn og bandamenn þeirra í vestrinu, og síðan vonda liðið, aðskilnaðarsinnar í austurhluta Úkraínu og bandamenn þeirra Rússar. Nánast eins og í bíómynd. Þegar fjöldamorð voru framin í Odessa í maí þar sem nálægt fimmtíu manns úr „vonda liðinu“ (samt saklausir borgarar) voru brenndir inni fjölluðu fjölmiðlar um það í kannski einni eða tveimur setningum.

Ekki fáum við fréttir af því að saklausir borgarar og heimili þeirra eru skotmörk í borgarastríðinu í Úkraínu. (Að vísu er búið að semja um vopnahlé nú þegar þetta er skrifað.) Ekki fáum við fréttir af því að yfir 800 þúsund manns hafa flúið yfir landamærin til Rússlands. Ekki er okkur sagt að borgarastríðið er í raun að undirlagi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem setti það sem skilyrði fyrir lánveitingum að uppreisnin í austurhluta landsins yrði kveðin niður. Og ekki er okkur heldur sagt frá mótmælum fólks víða um heim vegna afskipta NATO af málefnum Úkraínu.

### Fjölmiðlar vandi sig

Þegar malasíska farþegaflugvélin fórst var sökinni samstundis skellt á aðskilnaðarsinna og Rússa (sem áttu að hafa útvegað þeim vopnið sem grandaði vélinni). Sönnunargögnin voru öll sótt á samfélagsmiðla, m.a. YouTube-myndband sem átti að sýna aðskilnaðarsinna lýsa yfir ábyrgð á verknaðinum. Það reyndist hins vegar létt verk að sýna fram á það að myndbandið var falsað. Rússar létu af hendi gervihnattamyndir, sem sýndu hreyfingu á BUK-eldflaugaskotpöllum úkraínska stjórnarhersins nærri yfirráðasvæði aðskilnaðarsinna, skömmu áður en flugvélin fórst. Ekki fengum við að sjá gervihnattamyndir bandaríska stjórnvalda þrátt fyrir að bandarískur gervihnöttur hafi verið yfir svæðinu. Þegar fleiri sönnunargögn tóku að tínast inn, sem bentu frekar til sektar úkraínska stjórnarhersins og of langt mál er að telja upp, hvarf malasíska flugvélin með öllu úr vestrænum meginstraumsfjölmiðlum. Síðar áttum við svo eftir að fá fréttir af því að herflutningalest Rússa hefði farið yfir landamæri Úkraínu og henni hefði að mestu verið eytt af úkraínska stjórnarhernum.

Þegar hvorugt af þessu reyndist síðan rétt hvarf fréttin úr fjölmiðlum. Engin leiðrétting. Almenningur var ekki beðinn afsökunar á því að fréttin var röng. Næsti liður í ófrægingarherferðinni var síðan mannúðarhjálp Rússa til nauðstaddra sem átti að innihalda vopn. Og það nýjasta er síðan að þúsund manna herlið Rússa átti að vera komið inn í Úkraínu. Ef Rússar ætluðu sér að leggja undir sig austurhluta Úkraínu þá myndu þeir senda þangað 100 þúsund manna herlið, ekki þúsund manns. Án efa fara einhverjir Rússar yfir landamærin til að berjast við hlið rússneskumælandi Úkraínumanna rétt eins og nýnasistar frá vesturhluta Evrópu hafa gengið í raðir „góða liðsins“.

Við biðjum fjölmiðla um að vanda sig og taka ekki öllu sem kemur frá Barack Obama eða Anders Fogh Rasmussen eða bandarískum fjölmiðlum sem óhrekjanlegum staðreyndum. Nógu oft er búið að sýna fram á það að menn hafi farið með rangt mál. Með þessu áframhaldi (já, fjölmiðlar leika þar stórt hlutverk) siglum við hraðbyri inn í þriðju heimsstyrjöldina.

**Ari Tryggvason, Ármann Birgisson, Berta Finnbogadóttir, Björgvin R. Leifsson, Daníel Þór Þorgrímsson, Friðrik Atlason, Hildur Jónsdóttir, Hrefna Björg Ragnarsdóttir, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Jónína Berg, Lárus Sigurðsson, Níels Sigurðsson, Olga Lúsía Pálsdóttir, Ólafur Þorkell Georgsson, Ragnar Unnarsson, Ragnar K. Gestsson, Rúnar Sveinbjörnsson, Sölvi Jónsson, Valdimar Ágúst Eggertsson.**
Hópur sem berst fyrir vandaðri og gagnrýnni fréttaflutningi fjölmiðla.

**visir.is**

Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

# TÍMAMÓTAVERK
## fyrir alla Íslendinga!






*„Frábærlega falleg bók!“*
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

*„Feykilega metnaðarfullt … Glæsilegt verk.“*
EGILL HELGASON / KILJAN



Glæsilegt stórvirki eftir Snorra Baldursson sem veitir almenningi lifandi yfirsýn yfir fjölbreytt og magnað lífríki Íslands.

Fjallað er um allar tegundir gróðurs og dýralífs á og við Ísland, frá hinu smæsta til hins stærsta.

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar eiginkonu minnar og móður okkar

**ÓLAFAR BIRNU KRISTÍNARDÓTTUR.**



Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans á göngudeild 10E, kvenlækningadeild 21A, og gjörgæsludeild 12B fyrir einstaka umhyggju og alúð.

**Kristinn Freyr Þórsson**
**Kristín Helga Kristinsdóttir**
**Ólöf Erla Kristinsdóttir**

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ASTRID BJÖRG KOFOED-HANSEN**
**Efstaleiti 10, Reykjavík,**



sem andaðist á heimili sínu í faðmi fjölskyldu, ættingja og vina mánudaginn 22. september, verður jarðsungin fimmtudaginn 2. október kl. 13.00. Útförin fer fram frá Háteigskirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans í Kópavogi.

**Einar Þorbjörnsson**
**Agnar Már Einarsson** — **Andrea Isabelle Einarsson**
**Þorbjörn Jóhannes Einarsson** — **Kathrine Espelid**
**Axel Kristján Einarsson** — **Laufey Sigurðardóttir**
**Einar Eiríkur Einarsson** — **Jamaima D´Souza**
**og barnabörn.**

†

Elskuleg móðir okkar,

**SIGRÚN GUÐLAUGSDÓTTIR**
**Skarðshlíð 8a, Akureyri,**



er látin. Útför hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Börn og fjölskyldur.**

†

Faðir, stjúpfaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR SÖRLASON**
**til heimilis að Furugerði 1, Reykjavík,**



lést á Landspítala Landakoti miðvikudaginn 17. september. Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 2. október kl. 13.00.

**Ingvar Jón Óskarsson** — **Jóna Karen Pétursdóttir**
**Kristinn Már Emilsson** — **Margrét Alexandersdóttir**
**Guðný Garðarsdóttir** — **Ólafur Sæmundsson**






**ÞETTA GERÐIST** 1. OKTÓBER 1936

## Franco kemst til valda



Þennan dag árið 1936 varð Francisco Franco leiðtogi fasistastjórnar uppreisnarmanna á Spáni. Franco fæddist í bænum El Ferrol árið 1892. Hann gekk í herskóla fjórtán ára gamall og sannaði sig snemma sem hæfur stjórnandi í nýlenduskærum Spánverja í Marokkó. Þar forframaðist hann á skömmum tíma. Árið 1931 var konungsvaldið afnumið á Spáni. Franco féll í ónáð hjá frjálslyndum leiðtogum lýðveldisins og var lækkaður í tign. Hann hlýddi möglunarlaust.

Íhaldsmenn komust aftur til valda í kosningunum 1933 og Franco var hækkaður í tign yfirhershöfðingja og síðar herráðsforingja. Í kosningum árið 1936 komst samsteypustjórn vinstri flokka til valda og Franco var sendur til Kanaríeyja. Af ótta við að ríkisstjórnin myndi greiða götu marxískrar byltingar lögðu yfirmenn í hernum á ráðin um valdarán. Eftir nokkurt hik ákvað Franco að ganga til liðs við þá. Í júlí árið 1936 hófst uppreisn í Marokkó og breiddist yfir á meginland Spánar daginn eftir. Undir stjórn Francos sölsaði herinn undir sig nokkur héruð landsins.

Í þeirri trú að sigur væri í sjónmáli völdu uppreisnarmenn Franco leiðtoga ríkisstjórnar sinnar en borgarastyrjöld stóð í tvö ár enn, þar til Spánn var allur á valdi Francos. Hann stjórnaði landinu með harðri hendi til ársins 1975.



**BÆJARSTJÓRINN** Ásgerður segir unga fólkið koma með ný viðhorf inn í bæjarpólitíkina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gott að hafa unga fólkið með í ráðum

**Á Seltjarnarnesi sitja ungmenni í helstu nefndum bæjarins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Ásgerður bæjarstjóri telur það gott fyrirkomulag bæði fyrir þá eldri og yngri.**

„Ég tel það hafa mikið gildi að ungt fólk sitji nefndarfundi bæjarins. Það er bæði þroskandi fyrir unga fólkið sjálft og hollt fyrir stjórnsýsluna," segir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, um það fyrirkomulag að ungmenni eigi fulltrúa í öllum stærstu nefndum bæjarins. „Við höfum góða reynslu af því frá því í fyrra og nú tekur nýr hópur við. Þetta samrýmist þeirri lýðræðislegu hugmynd að fá íbúa inn í umræðuna. Allir eru ánægðir með það, bæði formenn nefnda og við í bæjarstjórninni."

Ásgerður segir unga fólkið koma með ný viðhorf, til dæmis inn í skipulagsmálin og æskulýðs- og íþróttamálin og hafa náð að breyta vissum hlutum. „Ég get nefnt að í fyrra lagði það fram fyrirspurn í skólanefndinni um hvort möguleiki væri að opna bókasafnið eða fá afnot af byggingu skólans þegar fólk á menntaskólaaldrinum væri í prófum. Það atriði fékk jákvæðar undirtektir og gekk í gegn."

Nefndarfundir eru ýmist haldnir mánaðarlega eða annan hvern mánuð, misjafnt eftir nefndum. „Það eru átta, níu fundir á ári sem hver og einn situr. Ungmennin hafa verið dugleg að mæta og taka virkan þátt þótt þau séu ólaunuð."

Það er ungmennaráð Seltjarnarness sem skipar í nefndirnar. Ásgerður segir það vera virkt ráð sem hafi til dæmis starfað ötullega að jafningjafræðslu. „Ungt fólk innan bæjarins hefur meðal annars verið í fjögur ár með tölvukennslu fyrir eldri borgara á sumrin og gert það vel. Bakar stundum kökur til að koma með í tíma og útbýr flott skírteini í lok námskeiða. Svo langaði ungmennaráðið að halda áfram að hitta eldra fólkið og nú býður það því til fagnaðarfunda í Ungmennahúsinu eitt kvöld í mánuði til að spila, syngja og dansa."

**gun@frettabladid.is**

### Þau sitja í nefndum í vetur

Anna Lilja Björnsdóttir og Victor Levi Ferrua Teitsson í íþrótta- og tómstundanefnd, Lillý Óladóttir og Tómas Helgi Kristjánsson í menningarnefnd, Kristján Hilmir Baldursson og Ísak Arnar Kolbeinsson í skipulags- og mannvirkjanefnd, Katrín Sigríður Þorsteinsdóttir og Benedikt Bjarnason í skólanefnd og Victor Levi Ferrua Teitsson og Geir Zoëga í umhverfisnefnd.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÓLMGEIR JÚLÍUSSON**
**Hringbraut 2b, Hafnarfirði,**



lést sunnudaginn 28. september.

**Kristjana Björg Þorsteinsdóttir**
**Kristján Hólmgeirsson** — **Guðrún Sigurðardóttir**
**Júlíus Hólmgeirsson** — **Sveinrún Bjarnadóttir**
**Guðbjörg S. Hólmgeirsdóttir** — **Egill Kolbeinsson**
**Jónas Hólmgeirsson** — **Rebekka Þórisdóttir**
**Harry Þór Hólmgeirsson** — **Ólöf Jónsdóttir**
**Sveinbjörn Hólmgeirsson** — **Hanna Björk Hafþórsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR BERGSTEINN ÓLAFSSON**
**Hringbraut 136c,**



andaðist á Sjúkrahúsi Keflavíkur þann 28. september. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju þann 3. október kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Suðurnesja.

**Elín Júlíusdóttir**
**Júlíus Ólafsson** — **Helga Björk Jóhannsdóttir**
**Ólafur Bergsteinn Ólafsson** — **Sóley Margrét Ingvarsdóttir**
**Guðmunda Ólafsdóttir** — **Ólafur Jónatan Ólafsson**
**Elín Ólafsdóttir** — **Ragnar Már Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. október 2014 | 25. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is








## KAUPFÉLÖGIN LIFA GÓÐU LÍFI

- ➜ **Fjögur kaupfélög velta milljörðum árlega.**
- ➜ **Kaupfélag Skagfirðinga og Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga eiga öflugar útgerðir.**
- ➜ **KEA seldi helstu eignir sínar fyrir hrun en fjárfestir nú að nýju.**

SÍÐA 6

## Viss um tillagan verði samþykkt

Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður segist sannfærður um að bygging 120 milljarða áburðarverksmiðju sé hagkvæm framkvæmd. Hann segir ekki stefnt að því að ríkið fjármagni og reki verksmiðjuna.



„Það virðist einhver hafa haldið að hér ætti að byggja 1954 módel af Áburðarverksmiðju ríkisins og síðan hafa menn étið þetta upp hver eftir öðrum. Við viljum einungis að ríkið kosti athugun á því hvort verkefnið sé hagkvæmt,“ segir Þorsteinn.

➜ SÍÐA 4

## Sameinast undir CP Reykjavík

Fyrirtækin Congress Reykjavík og Practical hafa sameinast undir nafninu CP Reykjavík. Jón Karl Ólafsson, stjórnarformaður sameinaðs fyrirtækis og meðeigandi, segir bæði fyrirtækin hafa verið komin með góða stöðu á markaði, sérstaklega meðal ferðamanna sem hingað koma í dýrar ferðir. „Þetta er vaxandi markaður og spennandi tímar fram undan,“ segir Jón.
Með sameiningunni verður til öflugt fyrirtæki á ráðstefnu-, viðburða- og ferðaþjónustumarkaði, með áætlaða veltu upp á milljarð króna. Starfsmenn verða fjórtán, auk fjölda verktaka sem sinna ýmsum verkefnum fyrir félagið.

➜ SÍÐA 2

## Segir viðbrögðin athyglisverð

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir hin sterku viðbrögð, sem orðið hafa við þeirri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að leggja sekt á Mjólkursamsöluna fyrir brot á samkeppnislögum, athyglisverð fyrir margra hluta sakir.



„Málið allt sýnir fáránleika þess að lagaumgjörð geti verið með þeim hætti, að einu og aðeins einu fyrirtæki séu sköpuð skilyrði til að hafa nær algera einokunarstöðu á markaði, hverju nafni sem markaðurinn nefnist,“ segir Andrés.

➜ SÍÐA 10



# Kyndilberi neytendahagsmuna?

Skjóðan



**SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ** hefur sektað Mjólkursamsöluna (MS) um næstum fjögur hundruð milljónir fyrir samkeppnislagabrot þar sem fyrirtækið misnotaði markaðsráðandi stöðu sína. Þetta er ekki síst merkilegt fyrir þá sök að MS er að verulegu leyti undanþegið samkeppnislögum. En það virðist ekki nægja og betur má ef duga skal. Risinn gat ekki látið hjá líða að skella viðbótarálagningu á hrámjólk sem hann seldi litlum samkeppnisaðilum.

**MS** hefur notið ríkulegra forréttinda á markaði allt frá því Mjólkursölulögin frá 1934 skekktu samkeppnistöðu á markaði og gerðu mjólkurbúi Thors Jensens að Korpúlfsstöðum ókleift að keppa við ríkisstuddan iðnað. Á þeim áttatíu árum sem síðan eru liðin hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til að stofna til alvöru samkeppni við MS og tengd fyrirtæki. Ostaframleiðsla í Hveragerði mátti síns lítils. Sama gilti um Baulu. Kjörís neyddist til að framleiða jurtaís í stað rjómaíss til að losna undan hrammi MS. Mjólku var komið á hnén með sérstakri viðbótarálagningu á heildsöluverð hrámjólkur sem keypt var af MS. Sú viðbótarálagning var endurgreidd Mjólku þegar hún var komin í hendur Kaupfélags Skagfirðinga. MS er markaðsráðandi fyrirtæki í einokunarstöðu. Sektarálagning skiptir slík fyrirtæki litlu máli því sektinni verður velt út í verðlag og lendir á neytendum. Markaðsmisnotkun ráðandi fyrirtækja mun ekki linna fyrr en stjórnendur þeirra verða persónulega látnir sæta ábyrgð fyrir samkeppnisbrot.

**SAMKEPPNISBROT** eru brot gegn neytendum þó að þau beinist að fyrirtækjum. MS hefur í gegnum tíðina sýnt neytendum nær takmarkalausa lítilsvirðingu. Fyrirtækið auglýsir vöru sína sérstaklega sem íslenska en skirrist ekki við að blanda innfluttu smjöri saman við íslenskt og selja sem óblandað íslenskt. MS mun vera stærsti sykurinnflytjandi landsins og margar vörur fyrirtækisins eru hlaðnar viðbættum sykri. Á það ekki síst við um vörur sem ætlaðar eru börnum og ungmennum.

**NÚ MUN NÆST Á DAGSKRÁ** hjá MS að selja skyr í Bandaríkjunum. Samkvæmt Forbes viðskiptatímaritinu telst það mjög góður árangur að selja nýja vöru á Bandaríkjamarkaði fyrir tæplega 40 milljónir dollara, eða tæplega 5 milljarða króna, á fyrsta ári. Kostnaðurinn við að koma nýrri vöru á markað er hins vegar talinn nema ríflega 70 milljónum dollara, eða 8,5 milljörðum króna, samkvæmt Forbes, og er þó engin trygging fyrir góðum árangri.

**MS** þarf því að selja ansi margar skyrdósir í Bandaríkjunum til að ná upp í kostnað. Gangi dæmið ekki upp verður reikningurinn væntanlega sendur til íslenskra neytenda, sem eru hvort eð er vanir rándýrum og sykurmettuðum mjólkurvörum frá fyrirtæki sem skákar í skjóli einokunarverndar og innflutningstolla.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.






# Practical og Reykjavík Congress sameinast

***Tvö viðburðaþjónustufyrirtæki sameinast. Með sameiningu verður til eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, CP Reykjavík, þar sem mikil tækifæri eru í vaxandi fjölda ferðamanna til landsins.***

**VIÐSKIPTI**
**Fanney Birna Jónsdóttir** | fanney@frettabladid.is

Fyrirtækin Congress Reykjavík og Practical hafa sameinast undir nafninu CP Reykjavík. Congress Reykjavík sérhæfir sig í skipulagningu ráðstefna, funda og þinga en Practical veitir þjónustu til fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka við skipulagningu hvers kyns viðburða, skemmti- og hvataferða og ýmissa sérferða.

Með sameiningunni verður til öflugt fyrirtæki á ráðstefnu-, viðburða- og ferðaþjónustumarkaði, með áætlaða veltu upp á milljarð króna. Starfsmenn verða fjórtán, auk fjölda verktaka sem sinna ýmsum verkefnum fyrir félagið.

Jón Karl Ólafsson, stjórnarformaður sameinaðs fyrirtækis og meðeigandi, segir bæði fyrirtækin hafa verið komin með góða stöðu á markaði, sérstaklega meðal ferðamanna sem hingað koma í dýrar ferðir.

„Þetta er vaxandi markaður og spennandi tímar fram undan,“ segir hann.

Jón Karl segir það hafa legið beint við að sameina fyrirtækin. Congress Reykjavík hefur verið leiðandi hér á landi í ráðstefnuhaldi og Practical í viðburða- og hvataferðum og fyrirtækin tekið á móti þúsundum gesta. „Það að vera síðan með eitthvert söluvænt efni í framhaldinu fyrir ráðstefnugesti og bjóða þeim eitthvað til viðbótar þýðir að þeir vilja koma aftur. Þetta talar mjög vel saman og skarast hvergi.“



**CP REYKJAVÍK** Stjórnendur nýja fyrirtækisins segja það hafa legið beint við að sameinast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Marín Magnúsdóttir, stofnandi Practical segir viðburðadeildina hjá þeim eiga heima með ráðstefnuþætti Congress Reykjavík. „Viðburðadeildin kemur í mjög eðlilegu framhaldi af ráðstefnunum, þátttakendur sitja ekki eingöngu ráðstefnurnar heldur vilja kannski sjá meira af landinu þegar ráðstefnu lýkur eða fara í hvataferðir. Þar kemur viðburða- og hvatadeildin til sögunnar.“

Jón Karl segir að í þeim fjölda ferðamanna sem hingað komi sé tækifæri fyrir fyrirtæki á borð við CP Reykjavík. „Í svona vexti eins og við erum að upplifa í dag felast mörg tækifæri, þessir milljón ferðamenn sem stefnir í að komi til landsins gætu orðið kaupendur að ráðstefnum eða hvataferðum.“

Lára B. Pétursdóttir, stofnandi Congress Reykjavík, segir samlegðina við sameininguna mikla. „Practical hefur verið í stórum viðburðum og hvataferðum fyrir bæði innlenda og erlenda aðila. Innan þessara fyrirtækja eru tækifæri á báða bóga, menn þurfa að halda bæði árshátíðir og starfsmannaferðir en oft líka ráðstefnur, aðalfundi og fleira slíkt. Þarna sér maður ákveðna möguleika til samvinnu.“

CP Reykjavík verður þannig eitt stærsta sérhæfða ferðaþjónustufyrirtæki landsins, þar sem lögð verður áhersla á klæðskerasniðnar lausnir.

Ingvi Jökull Logason hefur keypt alla hluti í auglýsingastofunni H:N Markaðssamskiptum:

# Eignast fyrirtækið að fullu

Ingvi Jökull Logason hefur keypt alla hluti í auglýsingastofunni H:N Markaðssamskiptum. Hann átti áður þriðjungshlut í fyrirtækinu á móti þeim Ragnheiði K. Sigurðardóttur og Ólöfu Þorvaldsdóttur.

„Það verða ekki gerðar stórvægilegar breytingar á stofunni þó eignarhaldið hafi breyst, þessi yfirfærsla hefur staðið yfir í tvö ár,“ segir Ingvi Jökull í tilkynningu fyrirtækisins um breytingarnar. Hann hefur starfað hjá auglýsingastofunni í rúm tuttugu ár, þar af í tíu ár sem framkvæmdastjóri.

Fyrirtækið fagnar 25 ára afmæli sínu á næsta ári en það hét upphaflega Hér&Nú auglýsingastofa.

„Síðan þá hefur hún einu sinni skipt um nafn, einu sinni um eldhúsinnréttingu, þrisvar um lógó en aldrei um kennitölu,“ segir í tilkynningunni. - hg



**Á ÍMARK-HÁTÍÐINNI** Ingvi átti þriðjungshlut sinn í stofnuni í fimmtán ár.




# RÝMINGARSALA

# ALLT AÐ 70%

## AFSLÁTTUR Á 1.000 VÖRUM!

## VERÐHRUN • ÚTLITSGALLAÐAR
## SÝNISEINTÖK • RÝMINGARVERÐ

**FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR**
**BORÐTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR • TURNKASSAR**
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • SSD • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR
TÓNERHYLKI • VIFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR
HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR • ÍHLUTIR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
HLJÓÐNEMAR • MÝS • MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • AFLGJAFAR • LEIKJAMÝS




Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og verðbrengl.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

EINSTÖK TILBOÐ!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.BÍLALAND.IS




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 94 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000

TILBOÐSVERÐ! 2.990 þús.




KIA CARENS
Nýskr. 05/08, ekinn 142 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.990.000
TILBOÐ kr. 1.490 þús.




TOYOTA YARIS TERRA
Nýskr. 03/13, ekinn 53 þús km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 2.350.000
TILBOÐ kr. 1.880 þús.




HYUNDAI IX35
Nýskr. 06/11, ekinn 113 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.390.000
TILBOÐ kr. 2.890 þús.




RANGE ROVER SPORT
Nýskr. 12/07, ekinn 86 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 7.980.000
TILBOÐ kr. 6.290 þús.




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 04/11, ekinn 120 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.420.000
TILBOÐ kr. 2.990 þús.




TOYOTA LAND CRUISER 150
Nýskr. 10/11, ekinn 105 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 7.690.000
TILBOÐ kr. 6.790 þús.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




**REYNIR AFTUR** Þorsteinn Sæmundsson er fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar um stofnun áburðarverksmiðju en sama tillaga var lögð fram á síðasta þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fullviss um að tillagan verði samþykkt á þingi

***Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður segist sannfærður um að bygging 120 milljarða áburðarverksmiðju sé hagkvæm framkvæmd. Hann segir ekki stefnt að því að ríkið fjármagni og reki verksmiðjuna.***

**VIÐTAL**

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Ég er sannfærður um að athugunin eigi eftir að leiða í ljós að framkvæmdin sé hagkvæm en við erum ekki að stefna að því að ríkið fjármagni og reki verksmiðjuna,“ segir Þorsteinn Sæmundsson um þingsályktunartillögu sína og sex annarra þingmanna Framsóknarflokksins um stofnun áburðarverksmiðju. Í tillögunni er lagt til að ríkið fjármagni athugun á því hvort hagkvæmt sé að reisa 120 milljarða króna verksmiðju í Helguvík eða Þorlákshöfn sem gæti framleitt 700 þúsund tonn af áburði og sama magn af kalsíumklóríði.

### Ekki nógu hipp og töff

Tillagan var einnig lögð fram á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga og er nú endurflutt óbreytt. Hugmyndin er umdeild og tillagan hefur meðal annars verið gagnrýnd fyrir að útskýra ekki nógu vel hvað flutningsmönnum hennar gengur nákvæmlega til. Þorsteinn segir gagnrýnina byggjast á misskilningi.

„Það virðist einhver hafa haldið að hér ætti að byggja 1954 módel af Áburðarverksmiðju ríkisins og síðan hafa menn étið þetta upp hver eftir öðrum. Við viljum einungis að ríkið kosti athugun á því hvort verkefnið sé hagkvæmt. Síðan hafa margir rekið upp stór augu og spurt af hverju ríkið eigi að gera það. Þá bendi ég á að þingmenn taka oft ákvarðanir um að veita ívilnanir í skattaumhverfinu, setja fé ríkissjóðs í dýr verkefni og breyta lögum um málefni sem varða atvinnulífið. Því er mjög eðlilegt að ríkið komi að svona hagkvæmniathugunum. En mörgum finnst þetta rosalega hallærislegt og ekki veit ég af hverju,“ segir Þorsteinn.

Hann nefnir einnig að mikið hefur verið vitnað í þann hluta tillögunnar þar sem segir að verksmiðjan geti skapað vel launuð störf og þannig vakið „ungum Íslendingum von í brjósti um að stjórnvöld ætli að skapa þeim tækifæri og atvinnuöryggi í framtíðinni“.

„Það sem við meinum með því er að rétt tæp 40 prósent af þeim störfum sem verða til í verksmiðju sem þessari eru störf sem krefjast mikillar menntunar í fögum eins og efnafræði, verkfræði, viðskiptafræði og svo framvegis,“ segir Þorsteinn og heldur áfram:

„Ég veit ekki hvað mönnum finnst hipp og töff. Við erum búin að reyna að selja hver öðrum verðbréf. Það fór illa hjá okkur en það þótti voðalega flott. En mér finnst eins og mönnum þyki ekki eins flott að gera eitthvað áþreifanlegt.“

### Óttast ekki samkeppni og sveiflur

Í tillögu sjömenninganna er vísað í skýrslu OECD þar sem segir að auka þurfi matvælaframleiðslu í heiminum um 50 prósent á næstu tuttugu árum. Þar er einnig fullyrt að heimsmarkaðsverð á áburði muni „að öllum líkindum haldast hátt í næstu framtíð vegna aukinnar ræktunar matvæla sem nauðsyn er á til að brauðfæða síaukinn mannfjölda“. Verð á áburði sveiflast hins vegar, og hefur lækkað talsvert frá árinu 2008 þegar það náði hámarki, en Þorsteinn segist ekki óttast verðsveiflur.

„Ég get ekki séð niðursveifluna. Það er verið að nota tvö prósent meira af áburði á hverju ári en árið áður og það mun halda áfram. Það sem gæti þó verið ógn í þessu tengist aukinni notkun á jarðgasi í heiminum sem notað er til að kynda svona verksmiðju. Gasið er ódýrara en rafmagn en ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því. Þó menn séu nú með tímabundið hagstætt verð á gasi eigum við ekki að láta það aftra okkur í að nota okkar ódýru orku hér á Íslandi.“

Þorsteinn segir að hann óttist ekki heldur samkeppni frá stórum erlendum áburðarframleiðendum sem margir hverjir framleiða milljónir tonna á hverju ári. Hann segir að erfitt geti reynst að markaðssetja framleiðsluna en sér í þeim efnum fyrir sér að hægt verði að fara í samstarf við erlenda framleiðendur. Hann nefnir meðal annars fyrirtækið IFFCO CANADA sem undirbýr nú byggingu áburðarverksmiðju í Québec-fylki.

„Mér skilst að ekki sé loku fyrir það skotið að við getum gengið í samstarf við eitthvert af þessum stórfyrirtækjum. Svo er IFFCO einnig samvinnufélag bænda, eins og okkur vantar svo mikið hér á landi, og það talar einnig um að skapa vel launuð gæðastörf.“

### Fór sjálfur til Fertils ehf.

Aðspurður segir Þorsteinn að hann hafi lengi gengið með hugmynd um að fá það kannað hvort hér geti á ný risið áburðarverksmiðja.

„Ég held að kveikjan hafi verið þegar gamla Áburðarverksmiðja ríkisins var seld til Afríku. Skömmu seinna hækkaði áburðarverð upp úr öllu valdi og við fórum að eyða miklum gjaldeyri í þetta. Það var kveikjan að þessu hjá mér og ég hef talað um þetta á fundum í Framsóknarflokknum í fimm til tíu ár.“

Í tillögunni er sagt frá hópi áhugamanna sem hefur unnið frumáætlun um byggingu áburðarverksmiðju hér á landi. Nokkrum dögum eftir að tillagan var lögð aftur fram var greint frá því á Vísir.is að sá hópur er félagið Fertil ehf. Það hefur stefnt að byggingu áburðarverksmiðju um nokkurt skeið. Í desember 2009 greindi Morgunblaðið frá því að áætlanir forsvarsmanna Fertils um framleiðslu á 700 þúsund tonnum af áburði á ári, og 780 þúsund tonnum af kalíumnítrati, væru langt á veg komnar.

„Ég frétti af þessum hópi um það leyti sem ég samdi þessa tillögu. Þá hafði ég samband við þessa ágætu menn og komst að því hvað þeir eru að hugsa og vísaði til þeirra áforma í tillögunni. Það verður því hægt að ganga í smiðju þessa áhugahóps við gerð hagkvæmniathugunarinnar og ríkið þyrfti því ekki að byrja með autt blað,“ segir Þorsteinn. Hann segist ekki vita til þess að forsvarsmenn Fertils tengist Framsóknarflokknum á einn eða annan hátt.

„Ég hef ekki spurt þessa ágætu menn hvaða stjórnmálaskoðanir þeir hafa. En það er til ofsalega mikið af framsóknarmönnum á Íslandi og ég þekki þá ekki alla,“ segir Þorsteinn og bætir við að áætlanir félagsins miðist við að meirihluti fjárfestingarinnar verði erlendur.

### Leitaði ekki út fyrir þingflokkinn

Þorsteinn er sannfærður um að þingsályktunartillagan fái stuðning meirihluta þingmanna en tekur fram að hann hafi ekki leitað eftir stuðningi úr öðrum flokkum áður en hann lagði tillöguna aftur fram.

„Þar sem ég hef fengið tækifæri til að kynna þetta mál fyrir alvöru hefur mér fundist menn taka þessu vel. Og ég hef þá trú á þingmönnum að þeir séu upp til hópa það framsýnir að þeir sjái tækifærin sem liggja í þessu. Við þurfum jú líka fjölbreytni hér og ég held að það séu allir sammála um að síðasta álverið sé byggt eða um það bil. En eins og ég segi þá er fyrsta skrefið að flytja þessa tillögu og koma henni til atvinnuveganefndar og ég efast ekki um að að slíkri athugun lokinni verði menn sannfærðir um að þetta sé vel gert.“


LJÓS í MYRKRINU
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR Í 4 DAGA
20% afsláttur
SHA-0203
Vinnuljóskastari
m handf 400W ECO pera
1,8m snúra
~~4.295~~
3.436
30% afsláttur
LED Þríhyrningsljós
~~990~~
693
30% afsláttur
Gemstone LED
ljós f/rafhlöður
~~1.290~~
903
SHA-218-28E
Vinnuljóskastari ECO perur
2x400W tvöfaldur á fæti
~~9.890~~
6.923
30% afsláttur
20% afsláttur
30% afsláttur
Telescopic þrífótur
fyrir halogen lampa
~~6.790~~
4.753
30% afsláttur
Hleðsluljós LM6006
~~3.990~~
2.793
T38 Vinnuljós
5.590
SHA-2625
Vinnuljóskastari
Rone 28W m. innst.
blár. 1,8m snúra
~~6.990~~
5.592
26W Vandað svart ál útiljós
36x17cm m/sparperu
2.290
Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8
62x60x8 cm **með perum**
~~7.990~~
5.593
30% afsláttur
30% afsláttur
SHA-8083 3x36W Halogen
~~16.990~~
11.893
30% afsláttur
LG118C T8 lampi
Loftljós flúor rakaþ.
1x18w 67,5x11,2cm
~~2.475~~
1.732
ÁN PERU
30% afsláttur
30% afsláttur
Ryco LCL-M2 T8 lampi
2x36W 113 cm IP30
**með perum**
~~7.990~~
5.593
30% afsláttur
Ryco lampi **með perum**
hvítur spegill 2x36W
~~4.690~~
3.283
LG118C T8 lampi
Loftljós flúor rakaþ.
2x18w 67,5x16,6cm
ÁN PERU
~~2.915~~
2.040
30% afsláttur
LG236 T8 lampi
Loftljós flúor rakaþ.
2x36w 128x16,6cm
ÁN PERU
~~4.615~~
3.230
PERUR
FÁANLEGAR
Í ÖLL LJÓSIN
30% afsláttur
SHA-V5228 IP65 T5 lampi
Flúor lampi **með peru**
2x28w 120cm
~~5.890~~
4.123
Kapalkefli 10 mtr
2.990
Kapalkefli 15 mtr
4.190
15 metra rafmagnssnúra
3.190
Kapalkefli Wis-SCR2-30
30 metrar
4.890
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MIKIÐ ÚRVAL
FJÖLTENGJA!
MÚRBÚÐIN
Reykjavík | Klettháls 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!




➜ Samkaup, sem eru að stærstum hluta í eigu Kaupfélags Suðurnesja, reka Nettó og fleiri verslanir.

**NETTÓ** Kaupfélag Suðurnesja er stærsti hluthafinn í Samkaupum sem meðal annars reka Nettó. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kaupfélögin eru hvergi nærri útdauð

***Stærstu kaupfélögin sem enn eru starfandi velta milljörðum á ári hverju. Það stærsta, Kaupfélag Skagfirðinga, á eignarhluti í tugum félaga. Þau félög eru allt frá því að vera útgerðarfyrirtæki, mjólkurvinnsla og dagblað. KEA seldi flestar eigur sínar fyrir bankahrun og er í dag rekið sem fjárfestingafélag sem keppir við stóra fagfjárfesta.***

**ÚTTEKT**
jonhakon@frettabladid.is

Fimmtán samvinnufélög eru með skráða kennitölu í fyrirtækjaskrá, en þau eru mjög misjöfn að stærð og burðum. Umsvifamest þeirra eru án efa Kaupfélag Skagfirðinga, KEA, Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga og Kaupfélag Suðurnesja.

Eignir Kaupfélags Skagfirðinga (KS) eru mestar, en þær nema um 32,3 milljörðum króna og nemur eigið fé 22,2 milljörðum. Eiginfjárhlutfallið er því um 69 prósent. Eins og fram hefur komið er stærsta eignin hundrað prósent hlutur í útgerðarfélaginu FISK-Seafood, en það er fimmta stærsta útgerðarfélagið á Íslandi. Í gegnum útgerðarfélagið á KS ríflega þriðjungshlut í Olíufélagi Íslands. Að auki á KS hlut í Fóðurblöndunni í Reykjavík, Vörumiðlun Sauðárkróki, Vogabæ – móðurfélagi Mjólku, og mörgum fleiri félögum. Þá á KS jafnframt rétt innan við 10 prósent í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins.

Annað mjög burðugt kaupfélag er rekið á Fáskrúðsfirði. Eignir kaupfélagsins og dótturfélaga námu 5,8 milljörðum króna í lok síðasta árs og höfðu aukist um 1,8 milljarða frá því í árslok 2011. Stærsta eign Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga er liðlega 80 prósent hlutur í Loðnuvinnslunni, en að auki á félagið hlut í Fjarðarneti. Útgerðarfélagið Loðnuvinnslan er rekið á Fáskrúðsfirði, eins og Kaupfélagið, og gerir einkum út skip í veiðum á uppsjávarfiski. Gísli Jónatansson lét af störfum sem framkvæmdastjóri kaupfélagsins um mitt síðasta ár eftir 38 ára starf. Við tók Friðrik Mar Guðmundsson, sem var áður framkvæmdastjóri Mjólku og Vogabæjar.

„Okkar arður fer í að byggja upp í heimabyggð, byggja upp félagið áfram. Við höfum verið að efla félagið smátt og smátt og við höfum verið að afla meiri veiðiheimilda og keyptum nýtt skip í uppsjávarfiski," segir Friðrik Mar. Nýja skipið kom til landsins 6. júlí síðastliðinn. Kaupfélagsstjórinn segir félagið líka leggja mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og bendir sem dæmi á að í sumar hafi kaupfélagið byggt upp sólstofu við elliheimilið í Fáskrúðsfirði. „Heimamenn upplifa það virkilega að þeir eigi þetta félag," segir hann.

**KEA keppir við stóra sjóði**

Þriðja kaupfélagið sem vert er að nefna er KEA, en heildareignir KEA námu um síðustu áramót yfir 6,2 milljörðum íslenskra króna og eigið fé var tæplega 4,9 milljarðar króna. KEA á meðal annars 100 prósent hlut í fasteignafélögunum Kl0ppum og H98 sem leigja út fasteignir á Akureyri. Heildarstærð fasteigna í eigu félagsins er 3600 fermetrar. KEA á helmingshlut í Sparisjóði Höfðhverfinga, sem er næstelsta starfandi fyrirtæki landsins og þriðjungshlut í fjárfestingafélaginu Tækifæri. KEA á líka ▶

SHARP EÐALVÉL sjóðvélar sem gera það gott um heim allan


XE-A147B

**SHARP SJÓÐVÉL**
8 Vöruflokkar · 200 PLU númer · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · Rafrænn innri strimill · Mjög auðveld í notkun
**Verð kr. 49.900**


XE-A207B

**SHARP SJÓÐVÉL**
99 vöruflokkar · Allt að 2000 PLU númer · Rafrænn innri strimill 9000 línur · Stór LCD skjár · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · Íslenskur strimill · Mjög auðveld í notkun
**Verð kr. 74.900**


XE-A307

**SHARP SJÓÐVÉL**
99 vöruflokkar · Allt að 10,000 PLU númer · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · Íslenskur strimill · Mjög auðveld í forritun
**Verð kr. 89.900**

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS
ORMSSON SHARP



## UMHVERFISVERÐLAUN

**Ferðamálastofa auglýsir eftir tilnefningum til Umhverfisverðlauna fyrir árið 2014. Tilgangurinn er að beina athygli að þeim ferðamannastöðum eða aðilum sem sinna umhverfismálum í starfi sínu. Tilnefningar þurfa að berast fyrir kl. 12 þann 16. okt. Verðlaunin verða afhent á Ferðamálaþingi 2014 í Hörpu 29. október.**


SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

**Sendum í póstkröfu**



**Gullkistan**

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is




**FORT FRISK** Fort Frisk er unnið úr pelargóníu sem talin er hafa styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið.

# ERU MEÐ KVEF?

**INNLAND KYNNIR** *Þá borgar sig að reyna FORT FRISK.*

Pelargóníuextrakt er talið geta unnið gegn veirusýkingum, bakteríusýkingum og verið styrkjandi fyrir ónæmiskerfið. Lúðvík Ásgeirsson, innkaupa- og markaðsstjóri hjá Innlandi sem flytur inn Fort Frisk, segir það borga sig að reyna Fort Frisk þegar kvef herjar á. „Fort Frisk er unnið úr pelargoníu sem er mögnuð lækningajurt. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á virkni pelargóníu hafa sýnt fram á að hún getur hjálpað til við bata kvefs, berkjubólgu, ennis- og kinnholubólgu og bólgu og sýkingar í hálskirtlum. Hún virðist geta komið í veg fyrir að bakteríur setjist í slímhúð öndunarvegarins og örvað ónæmiskerfið til að takast á við sýkingar," segir hann.

Pelargónía hefur verið notuð sem lækningajurt í Suður-Afríku í mörg hundruð ár gegn kvefi, berkjubólgu, sýkingum í efri öndunarvegi og jafnvel berklum. „Saga jurtarinnar í Evrópu hefst með Charles Stevens sem varð veikur af berklum árið 1897 og var sendur til Suður-Afríku til lækninga, en þar lét náttúrulæknir hann taka inn pelargóníurót og öðlaðist hann fullan bata. Í kjölfarið tók hann jurtina með sér heim til Englands og hóf sölu á malaðri pelargóníurót í lækningaskyni og þá fyrst og fremst við berklum," segir Lúðvík.

Þegar lyf höfðu verið þróuð við berklum þá má segja að pelargóníurótin hafi gleymst þar til nýlega að hún hefur aftur náð athygli manna og þá sérstaklega vegna þess að nú hafa verið gerðar vísindalegar rannsóknir á henni sem sýna fram á mikla virkni.

„Pelargóníurótin virkar aðallega þegar einkenni hafa komið fram en fyrirbyggjandi eiginleikar hennar hafa ekki verið staðfestir og aukaverkanir af notkun rótarinnar eru ekki þekktar.

### SÖLUSTAÐIR

Fort Frisk fæst í verslunum Heilsuhússins og öllum helstu apótekum landsins.





Betri melting!



SWANSON HEALTH INTERNATIONAL

**Probiotic 16 Strain**

- 16 tegundir góðra gerla
- Sérvalin steinefni
- Má taka hvenær sem er dags

Swanson – ánægðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013.
Söluaðilar á Íslandi á **www.swanson.is**.



natures aid

3 mest seldu þyngdarstjórnunarefnin í heiminum í dag

Núí einu hylki!




Green Tea Extrakt
- Andoxun
- Heilbrigð efnaskipti

Garcinia Cambogia
- Minni sykurlöngun
- Jafnar blóðsykur
- Brennir umframfitu

Green Coffee Extrakt - með SVETOL
- Eykur brennslu



www.gengurvel.is

Jafnar blóðsykur • Minnkar sykurlöngun • Brennir umframfitu • Dregur úr matarþörf • Eykur vellíðan

# ÍBÚÐIR STÓÐU GLEYMDAR Í 50 ÁR

**FERÐIR** *New York-borg er gjarnan lýst sem iðandi mannlífspotti enda streymdu þangað milljónir innflytjenda frá öllum heimshornum á nítjándu öld. Sögu þeirra er haldið til haga í forvitnilegu safni í Lower East Side.*

The Lower East Side Tenement Museum í Orchard Street 97 í í New York heldur utan um sögu innflytjenda frá Evrópu til borgarinnar á nítjándu öld. Safnið er rekið í íbúðablokk sem hýsti hátt í sjö þúsund innflytjendur frá því húsið var byggt árið 1863 og þar til því var lokað í kringum árið 1935. Safnið er afar forvitnilegt fyrir þær sakir að íbúðirnar í húsinu stóðu mannlausar og gleymdar í yfir fimm áratugi eða þar til sagnfræðingurinn Ruth Abram uppgötvaði húsið árið 1988 og opnaði safnið 1992.

Á safninu er hægt undir leiðsögn að skoða íbúðirnar sem voru fyrsta heimili margra írskra og þýskra innflytjenda. Nokkrar þeirra hafa verið endurgerðar og gefa mynd af lífi þeirra sem þar bjuggu meðan aðrar standa óbreyttar svo sjá má mörg lög af veggfóðri og gólfefnum. Búið er að rekja sögu nokkurra fjölskyldna sem bjuggu í húsinu og er saga þeirra sögð af leiðsögumönnum svo gestir geti sett sig inn í daglegt líf.

Tuttugu íbúðir eru í húsinu og samanstanda af stofu, litlu eldhúsi og svefnherbergi. Vatn var sótt í dælu í bakgarðinum og þar voru einnig þrír kamrar sem allir íbúar hússins, og gestir krárinnar á jarðhæðinni, notuðu. Salerni voru ekki í húsinu fyrr en árið 1901, rafmagn var ekki í húsinu fyrr en 1924 og voru híbýlin hituð upp með kolavélum framan af.

Þó að þröngt hafi verið um íbúana á Orchard Street 97 bjuggu þeir þó við betri skilyrði en margir innflytjendur sem hírðust í óeinangruðum hjöllum.

***Nánar á www.tenement.org***



**DAGLEGT LÍF** Nokkrar íbúðanna hafa verið gerðar upp og gefa innsýn í daglegt líf innflytjenda á nítjándu öld.
MYND/THE LOWER EAST SIDE TENEMENT MUSEUM.



**TÍMINN STÓÐ KYRR** Lögum um brunavarnir var breytt í borginni í kringum 1930. Eigandi gat ekki uppfyllt þær kröfur og lokaði því efri hæðum hússins. Sagnfræðingurinn Ruth Abram uppgötvaði íbúðirnar árið 1988 og opnaði safnið.
MYND/ NORDIC PHOTOS GETTY



**REISULEGT HÚS** Tuttugu íbúðir eru í húsinu og samanstanda af stofu, eldhúsi og svefnherbergi. Íbúarnir bjuggu þröngt en þó við betri kost en margir aðrir sem leituðu betra lífs í New York.
MYND/ THE LOWER EAST SIDE TENEMENT MUSEUM



**SAGAN** Sjá má mörg lög gólfefna í íbúðunum sem stóðu gleymdar í fimmtíu ár. MYND/ NORDIC PHOTOS GETTY


TILBOÐ
EX20
skrifstofustóll

ALMENNT VERÐ
~~95.026 kr.~~
TILBOÐSVERÐ
66.518 kr.



Hæðarstillanlegt bak
Armar hæða- og dýptarstillanlegir
Dýptarstilling á setu
Hallastilling á baki, fylgir hreyfingu notanda
Hæðarstilling setu
Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd notanda
Sjálfstæð „fljótandi" hallastilling setu fylgir hreyfingu notandans
Mjúk hjól

Íslensk hönnun & handverk

Á. GUÐMUNDSSON EHF.
STOFNAÐ 1956
Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
s: 510 7300
www.ag.is


## STÓÐRÉTTIR Í VÍÐIDALSTUNGU

**HESTAR**

**Ein stærsta stóðrétt landsins, Víðidalstungurétt, verður haldin um helgina. Réttin er í landi Litlu-Ásgeirsár. Á föstudaginn verður stóði af Víðidalstunguheiði smalað til byggða en mögnuð sjón er að sjá stóðið renna heim í sveitina. Réttarstörf hefjast svo klukkan 10 laugardaginn 4. október þegar stóðið verður rekið er til réttar. Búast má við því að hrossin séu um 500 auk folalda, og sumir vilja meina að hún sé stærsta stóðrétt landsins, ekki hvað fólksfjölda snertir heldur fjölda hrossa. Þó hefur fjölgað ár frá ári gestum sem vilja taka þátt í þessari hátíð hrossabænda, bæði í smöluninni og réttunum.**




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kkolbeins@365.is, s. 512 5447

# FRÍR LÁNSBÍLL MEÐ ÖLLUM FRAMRÚÐUSKIPTUM

## PANTAÐU TÍMA OG FÁÐU LÁNSBÍL ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á MEÐAN VIÐ GERUM VIÐ FRAMRÚÐUNA

# ÓDÝR DEKK!!

265/70R17 Michelin Latitude X-Ice 2
Fullt verð 240.000.- *tilboðsverð 172.000.-*

265/70R16 Michelin Latitude X-Ice 2
Fullt verð 224.000.- *tilboðsverð 155.000.-*

195/65R15 WestLake FrostExtreme Harðkornadekk
Fullt verð 74.000.- *Tilboðsverð 57.000.-*

205/55R16 WestLake FrostExtreme Harðkornadekk
Fullt verð 100.000.- *Tilboðsverð 72.000.-*

175/65R14 Bridgestone Blizzak LM-32 w
Fullt verð 85.000.- *Tilboðsverð 60.000.-*

225/45R17 Bridgestone Blizzak LM-32
Fullt verð 171.000.- *Tilboðsverð 139.000.-*

215/65R16C Sendibíladekk Landsail SnowStar
Fullt verð 110.000.- *Tilboðsverð 84.000.-*

FYRIR FLEIRI FRÁBÆR VERÐ OG TILBOÐ.
**WWW.DEKKVERK.IS**

# DEKKVERK

**Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ**
**Sími: 578 7474 www.dekkverk.is**

Opnunartímar: Nýbýlavegur 8:30-19:00 mán - fös - 10:00 - 19:00 lau - sun
Lyngás 10:00 - 19:00 mán - fös. Lokað í Lyngási um helgar

# WEST LAKE®
HARÐKORNADEKK

"AF ÞVÍ ÞAU ERU GÓÐ"




A Um 24 fyrirtæki og verslanir eru í Vild og fer fjölgandi

B Afslátturinn kemur sjálfkrafa á kortaviðskiptin

C Í Vild færðu afsláttinn án þess að biðja um hann

PIPAR\TBWA · SÍA

Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365

SVONA FÆRÐU AFSLÁTT ÁN ÞESS AÐ BIÐJA UM HANN!

Allir áskrifendur sjónvarps eða fjarskiptaþjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Vild

skráðu þig á 365.IS



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða styðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á




**DOLCE & GABBANA** Kendall Jenner, litla systir Kim Kardashian.



**DOLCE & GABBANA** Vor- og sumartíska 2015.



**GIORGIO ARMANI**

# ÓLÍKIR HÖNNUÐIR Á TÍSKUVIKU Í MÍLANÓ

**TVEIR FRÆGIR** *Tískuvikan í Mílanó kom mörgum á óvart en þar var sýnd vor- og sumartíska fyrir 2015. Þekktir hönnuðir eins og Dolce & Gabbana og Armani sýndu afar ólíkan fatnað. Sá fyrrnefndi er glitrandi, litríkur og áberandi en Armani sýnir hvítan, stílhreinan fatnað.*

Mörgum finnst hönnun Dolce & Gabbana minna á gamlar bíómyndir frá Hollywood eða kannski enn frekar spænska flamencodansara. Gagnrýnendur höfðu á orði að D&G hafi líklegast horft til Spánar þegar vorlínan var hönnuð. Dökkir litir, skraut og blómamynstur. Sýning vakti mikla athygli ekki síst vegna þess að litla systir Kim Kardashian, Kendall Jenner, var meðal sýningarstúlkna.

Hönnun Armani þótti hins vegar afslöppuð, minnti á árið 1990, segja gagnrýnendur. Pilsin eru síð og frjálsleg og einnig mátti sjá þægilegar „strákslegar“ buxnadragtir. Silki og siffon var fyrirferðarmikið. Armani er þekktur fyrir glæsileika og vor- og sumartíska hans í Mílanó var það svo sannarlega. Þó mátti sjá einhvers konar fortíðarþrá í hönnuninni. Armani hefur gott auga fyrir listsköpun og hefur oft séð um fatnað kvikmyndastjarna í bíómyndum.



**GIORGIO ARMANI**



**DOLCE & GABBANA**

# Meistaramánuður
2014

**1. október - 31. október**

**#MEISTARAM @MEISTARAMANUDUR**

**MARKMIÐ:**

Skoraðu á sjálfan þig
Lifðu eins og meistari

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01 MIÐ | 02 FIM | 03 FÖS | 04 LAU | 05 SUN |
| 06 MÁN | 07 ÞRI | 08 MIÐ | 09 FIM | 10 FÖS |
| 11 LAU | 12 SUN | 13 MÁN | 14 ÞRI | 15 MIÐ |
| 16 FIM | 17 FÖS | 18 LAU | 19 SUN | 20 MÁN |
| 21 ÞRI | 22 MIÐ | 23 FIM | 24 FÖS | 25 LAU |
| 26 SUN | 27 MÁN | 28 ÞRI | 29 MIÐ | 30 FIM |
| 31 FÖS | **ÖNNUR MARKMIÐ/VERÐLAUN:** | | | |


Erik Bertrand Larssen er norskur markþjálfi og höfundur bókarinnar Skaraðu fram úr.

# Finndu þitt innra ljón!

Erik Bertrand Larssen er eftirsóttasti markþjálfi Noregs. Í bókinni Skaraðu fram úr hvetur hann lesendur til að finna sigurvegarann í sjálfum sér. Bókin er ómissandi þegar kemur að því að fylgja eftir markmiðum Meistaramánaðar.

Ertu að velta fyrir þér hvernig þú getir náð betri árangri en nokkru sinni fyrr – orðið bestur?

Í bókinni Skaraðu fram úr gefur norski markþjálfinn Erik Bertrand Larssen heilræði og hvatningu til hámarksárangurs.

Erik vann með norska skíðalandsliðinu fyrir EM í Ósló árið 2011 og hefur í starfi sínu sem markþjálfi hjálpað forkólfum atvinnulífsins, afreksfólki í íþróttum og ósköp venjulegum einstaklingum að ná markmiðum sínum, bæði í daglegu lífi og þegar mest á reynir.

En hvað þarf að gera til að verða sigurvegari?

Í Skaraðu fram úr sýnir höfundur hverju hægt er að áorka ef þrotlaus vilji og einbeiting eru fyrir hendi og hvernig fólk getur kallað fram sína bestu eiginleika og nýtt þá til fulls. Hann hvetur lesandann til að finna sigurvegarann í sjálfum sér og miðlar af yfirgripsmikilli reynslu sinni. Í bókinni sýnir hann skref fyrir skref hvaða aðferðum og tækni má beita til að ná árangri á hvaða sviði sem er og aðferðirnar eru sannarlega áhrifaríkar.

Skaraðu fram úr er mögnuð bók sem getur hjálpað fólki að brjótast úr viðjum vanans og er frábær förunautur inn í Meistaramánuð.

***Jakob S. Jónasson þýddi.***
***Útgefandi: Forlagið.***




„Hægt er að þjálfa upp góða andlega líðan og heilsu. Og hvers vegna í ósköpunum eigum við að láta okkar fremstu afreksmenn og leiðtoga eina um þá vitneskju?“

***– Aftenposten***

## Meistaramánuður á Stöð 2

Stöð 2 sýnir vikulega þætti um Meistaramánuð, en þættirnir verða sýndir á þriðjudagskvöldum í október kukkan 19.20 í opinni dagskrá.

Þar verður fylgst með verðandi meisturum, sem setja sér markmið fyrir mánuðinn. Markmiðin eru af ýmsum toga. Sumir vilja minnka farsímanotkun en aðrir ætla að vera duglegri við að klippa á sér neglurnar. Sumir ætla að stunda reglubundna hreyfingu í Meistaramánuði á meðan aðrir ætla að rækta betur sambandið við sína nánustu. Þá ætla margir að hætta að drekka áfengi í október, borða hollari mat eða lesa meira.

Við fylgjumst með þátttakendum sem setja sér markmið og sjáum hvernig þeim gengur að fylgja þeim eftir. Sérfræðingar gefa góð ráð varðandi markmiðasetningu, mataræði, hreyfingu og annað auk þess sem við fjöllum um matarsóun, hjólreiðar, lestur og margt fleira. Allir geta verið með í Meistaramánuði og sett sér markmið, stór eða smá.

Þáttarstjórnandi er fréttakonan Birta Björnsdóttir. Þættirnir verða í opinni dagskrá eins og áður segir.




Í þættinum verður fylgst með verðandi meisturum , sem setja sér markmið fyrir mánuðinn. Markmiðin eru af ýmsum toga.

# Stefnumót við sjálfan sig

Þorlákur Kristinsson Morthens, Tolli, listamaður hefur tamið sér hugleiðslu til margra ára. Hann segir magnaða lífsreynslu að fara á stefnumót við sjálfan sig.

Allir mánuðir hjá mér eru meistaramánuðir. Ég hugleiði kvölds og morgna. Líf mitt er agað og ég hef tamið mér hugarró,“ sagði Tolli í símtali frá Pétursborg í Rússlandi þar sem sýning á verkum hans stendur yfir. „Maður uppsker eins og maður sáir. Með því að stefna að ákveðnu markmiði og hafa reglu á lífi sínu fer maður ósjálfrátt að temja sér slíkan lífsstíl. Með hugleiðslu fylgir sjálfsagi,“ útskýrir Tolli.

Hann bætir því við að fólk þurfi að gera samning við sjálft sig. „Það þarf að byrja daginn með hugleiðslu og endurtaka hana áður en gengið er til náða. Þetta samkomulag sem maður gerir við sjálfan sig er afar mikilvægt en lengdin á hugleiðslunni fer bara eftir ákvörðun hvers og eins. Maður getur hugleitt í hálfa klukkustund eða bara eina mínútu. Mikilvægt er að gera þetta að venju og aldrei að sleppa úr. Ég iðka svokallaða núvitundarhugleiðslu sem kemur úr búddisma og hefur verið að ryðja sér mikið til rúms undanfarinn aldarfjórðung. Þetta nefnist á ensku „Mindfulness Meditation“ og ég get fullyrt að ef fólk prófar að gera þetta í einn mánuð finnur það varanlegan mun á líðan sinni. Árangurinn af hugleiðslunni fylgir síðan fólki út í lífið.“

Tolli segist alveg geta lent í stress- eða kvíðakasti eins og aðrir en gengur vel að höndla það. „Hugleiðsla er hugarró og maður er í núvitund í dagsins önn en einnig fær maður tækifæri til að læra á sjálfan sig. Það getur verið töff og erfitt en það eru allar líkur á því að uppskera meiri hamingju með því að þekkja sjálfan þig. Núvitundarhugleiðsla er stefnumót við sjálfan sig.“

Tolli hefur haldið námskeið í þessum fræðum hjá stórum fyrirtækjum og hann segir að því hafi verið vel tekið. Ég hélt námskeið í Íslandsbanka í fyrra og mun endurtaka það fljótlega. Þar er hópur fólks sem iðkar hugleiðslu að staðaldri. Einnig hef ég verið með fyrirlestra hjá Vodafone og fyrir starfsfólkið í Gló. Ég reikna með að verða í Gló að minnsta kosti einu sinni í viku í Meistaramánuðinum. Þá munu gestir fá tækifæri til að kynnast hugleiðslunni. Allir geta virkjað hæfileikann til sjálfskoðunar en þetta er ferðalag,“ segir Tolli.

Listamaðurinn hefur fengið frábærar viðtökur í Pétursborg og er afar ánægður með viðbrögðin en nú standa yfir Norrænir dagar í borginni. Enginn núlifandi íslenskur listamaður hefur áður sýnt á þessum stað. Þegar sýningunni lýkur ætlar Tolli að heimsækja Moskvu en síðan er ferðinni heitið til Stokkhólms þar sem hann ætlar að horfa á bardaga Gunnars Nelsons.


Tolli hefur mikinn sjálfsaga þegar kemur að hugarró og slökun.
MYND/ANTON

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Jónatan Altli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512-5446 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.


ÞAÐ ER EKKI OF SEINT AÐ VELJA FRELSI
SAMSUNG
Samsung
GALAXY S5
SAMSUNG
www.fimman.is
Samsung Galaxy S5 veitir frelsi
...farðu vel með það!
Skilur íslensku
Fingrafaraskanni
Púlsmælir og einkaþjálfari
Aukin nethraði
Öflugri myndavél
Vatns- og rykvarinn
IP67
Farðu inn á www.fimman.is og sjáðu myndbandið.









Þótt stóru markmiðin séu oft fyrirferðarmeiri skipta þau minni ekki síður miklu máli að sögn Þorsteins Kára Jónssonar, eins þriggja upphafsmanna Meistaramánaðar. MYND/ERNIR

# Hver og einn mun skora á sjálfan sig

**Fjöldi Íslendinga tekur þátt í Meistaramánuði í ár. Þar skora þátttakendur sjálfa sig á hólm með stórum og smáum markmiðum. Þeir sem hafa lent í mótlæti í lífinu finnst mörgum gott að sækja styrk í átakið til að breyta eigin lífi.**

Meistaramánuður á rætur að rekja til ársins 2008 þegar tveir íslenskir háskólanemar í Kaupmannahöfn ákváðu að taka sig á fyrir prófin og lifa eins og meistarar í mánuð með tilheyrandi breytingum á mataræði, áfengisneyslu, hreyfingu og lærdómi. Fleiri bættust í hópinn næstu árin og í október 2011 varð sprenging í þátttöku þegar félagarnir hófu að nýta samfélagsmiðlana til kynningar á átakinu að sögn Þorsteins Kára Jónssonar, eins þriggja upphafsmanna Meistaramánaðar. „Með notkun samfélagsmiðla náðum við enn betur til almennings en áður og þátttakendur sjálfir fengu allt aðra upplifun með þátttöku sinni en áður. Um 10.000 manns hafa skráð sig til leiks undanfarin ár og við búumst við svipuðum fjölda í ár.“ Auk Þorsteins eru Magnús Berg Magnússon og Jökull Sólberg Auðunsson mennirnir á bak við Meistaramánuðinn. Þeir þrír eru að sögn Þorsteins hvorki líkamsræktarfrömuðir eða næringarfræðingar heldur einungis menn sem hafa gaman af því að taka áskorunum og reyna að bæta sig á öllum sviðum lífsins.

## Fjölbreyttur hópur

Í fyrra voru sýndir sérstakir sjónvarpsþættir á Stöð 2 um átakið sem tókust það vel að ráðist var í gerð nýrrar þáttaraðar sem sýnd verður í október. „Þættirnir í ár taka bæði á hefðbundnum þáttum Meistaramánaðarins og svo verða einhverjir nýir vinklar í ár. Við munum einnig bjóða upp á þá nýjung að senda þeim þátttakendum, sem þess óska, hvatningarpóst nokkrum sinnum í viku í samstarfi við bakhjarla okkar. Þeir munu innihalda ýmis hvatningarorð og hugleiðingar sem geta vonandi hjálpað mörgum. Mánuðurinn getur verið mjög erfiður fyrir marga því þótt markmiðin séu oft ljós getur ferillinn að þeim oft verið erfiður.“

Þótt stóru markmiðin séu oft fyrirferðarmeiri skipta þau minni ekki síður máli að sögn Þorsteins. „Okkur finnst afar mikilvægt að koma því til skila að Meistaramánuður snýst ekki um megrun eða að bæta metið í bekkpressu. Hann snýst einfaldlega um að skora sjálfan sig á hólm og spyrja sjálfan sig: hvernig get ég bætt líf mitt? Þetta getur snúist um að lesa meira eða hrósa öðru fólki oftar. Einhver stefnir kannski í grunnbúðir Everest og annar finnur sér ástæðu til að brosa á hverjum degi í mánuð. Þetta er allur skalinn og þannig á það auðvitað að vera.“

Hópurinn sem hefur tekið þátt undanfarin ár er miklu fjölbreyttari en margur heldur. „Hér er fólk úr öllum kimum þjóðfélagsins, allt frá hörðustu töffurum í mýkri bóhema úr 101. Það gleður okkur alltaf jafn mikið hversu ólíkir einstaklingar þetta eru. Þátttakendur eru líka á öllum aldri, alveg frá krökkum á leikskólaaldri upp í fólk á níræðisaldri.“

## Margir finna styrk

Eftirminnilegustu þátttakendurnir að sögn Þorsteins eru þeir sem hafa þurft að glíma við ýmiss konar mótlæti en tekið þátt til að breyta lífi sínu. „Það er mjög gefandi að fá viðbrögð frá þátttakendum sem hafa lent í þunglyndi, alvarlegum slysum eða verið í einhvers konar neyslu. Þeir finna nefnilega mikinn styrk í því hversu margir eru jákvæðir og drífandi auk þess að finna að þeir eru ekki einir. Það eiga nefnilega ekki allir félaga til að fara með í ræktina. Þátttakendur deila markmiðum, senda inn hvetjandi myndir og segja bæði frá skemmtilegum og erfiðum hlutum. Við vitum að við höfum skilað einhverju jákvæðu út til samfélagsins þegar fólk sem hefur átt í erfiðleikum hefur samband og segir: Þetta var það sem ég þurfti, þakka ykkur kærlega fyrir.“

# *Jákvæðni hefur jákvæð áhrif á heilsu*

Hamingjan eflir heilsuna heitir bók eftir Borghildi Sverrisdóttur sem kemur út síðar í mánuðinum hjá Bókafélaginu. Í bókinni er fjallað um ýmsa þætti jákvæðrar sálfræði og hvaða áhrif leiðir hennar geta haft á líf fólks, svo sem andlega og líkamlega heilsu.

„Bókin er ætluð þeim sem vilja auka hamingjuna í lífi sínu og bæta heilsuna. Þeim sem vilja tileinka sér jákvæðari hugsun og auka vægi jákvæðra tilfinninga,“ segir Borghildur sem er heilsuráðgjafi og einkaþjálfari. „Jákvæð sálfræði byggist á vísindalegum rannsóknum og hefur rutt sér mjög til rúms á undanförnum árum. Viðfangsefni hennar, á borð við núvitund (e. mindfulness), njóta vaxandi fylgis þeirra sem huga heildrænt að heilsu sinni og vellíðan.“



Bók Borghildar Sverrisdóttur, Hamingjan eflir heilsuna, kemur út síðar í þessum mánuði.




Í bókinni eru æfingar og verkefni sem hjálpa fólki að nýta eigin styrkleika og auka jákvæðni í lífinu sem síðan auðvelda fólki að takast á við lífsstílsbreytingar og önnur krefjandi verkefni.




# Stevía er galdurinn

## Náttúruleg sæta í stað sykurs

Stevía vex villt í skógum Amazon. Öldum saman hafa frumbyggjar af Guarani ættbálknum nýtt sér undraverða eiginleika hennar; stevía er náttúrulega sæt en hækkar ekki blóðsykurinn, veldur ekki tannskemmdum og inniheldur ekki eina einustu hitaeiningu. Via-Health strásæta er 100% náttúruleg afurð, framleidd úr steviu og erýtrítol og er tilvalin í matargerð og bakstur í stað sykurs.

- ✔ **100% náttúrulegt**
- ✔ **Engar hitaeiningar**
- ✔ **Ákjósanlegt fyrir sykursjúka**




**Til að auka sætu er tilvalið að nota steviu-dropa sem fást í mörgum bragðtegundum.**

**VIA-HEALTH**

# Ætlar að njóta augnabliksins

**Sylvía Ósk Rodriguez hefur sett sér þrjú markmið í Meistaramánuði. Eitt markmiðanna er nokkurs konar framhald á markmiði sem hún setti sér í Meistaramánuði í fyrra en þá ákvað hún að borða engan sykur í mánuðinum. Hún hefur lést um þrjátíu kíló síðan.**

Í fyrra var markmið mitt að vera alveg sykurlaus allan mánuðinn. Það gekk mjög vel en á þeim tíma var ég nýbúin að eignast mitt annað barn og var orðin hundrað kíló í ágúst í fyrra. Þegar ég ákvað að taka þátt í Meistaramánuði 2013 var ég nýbúin að missa fimm kíló, ég missti svo fjögur í viðbót í október þannig að ég sá mikinn árangur af því að setja mér þetta markmið. Síðan þá er ég búin að missa þrjátíu kíló. Fyrir Meistaramánuð í ár hef ég sett mér þrjú markmið, það fyrsta er að halda áfram þeim lífsstíl sem ég hef tileinkað mér undanfarið ár og vera dugleg að lyfta sem er eitt það skemmtilegasta sem ég geri, ég reyni hins vegar að hlaupa sem minnst því það er svo leiðinlegt,“ segir Sylvía og hlær.

Annað markmið sem hún setti sér er að skipuleggja nám sitt betur þannig að hún sé ekki alltaf á síðustu stundu með verkefni og lærdóm. „Ég er í fjarnámi í þroskaþjálfafræðum og er að hefja mitt síðasta ár í því með auknu vinnuálagi og stressi. Ég ætla því að koma mér upp ákveðnu skipulagi sem ég get svo unnið út frá. Þriðja markmiðið og jafnframt það dýrmætasta er að hætta að drífa mig. Mér finnst ég alltaf vera að segja við börnin mín „drífðu þig“ og „flýttu þér“, mig langar að hætta því og stoppa og njóta augnabliksins í staðinn. Þó svo maturinn sé að brenna á pönnunni eða verkefnin að flæða út úr tölvunni hjá mér þá langar mig að njóta þess að vera með börnunum mínum, þessi tími er svo fljótur að líða frá manni. Ég er svo heppin að eiga börnin mín tvö sem eru eins árs og þriggja ára og þau eru alltaf svo glöð að sjá mömmu sína, sama hvort ég er feit eða mjó, ljót eða sæt og þess vegna ætla ég að njóta lífsins með þeim.“

Sylvía segir öll markmiðin í raun tvinnast saman því til þess að hafa tíma til að fara í ræktina og lyfta og til að stoppa og njóta lífsins með börnunum þá þarf hún að vera dugleg að skipuleggja sig. „Það er mjög mikilvægt að setja sér raunhæf markmið og hvatning í því að sjá þau rætast. Mér finnst Meistaramánuður vera mjög sniðugt átak því það er svo gaman og mikil hvatning í því að geta séð hvað aðrir eru að gera, að skoða til dæmis á Instagram allar myndirnar sem aðrir eru að pósta með sínum markmiðum, ég fékk mikinn stuðning í gegnum það í fyrra.“



Eitt markmiða Sylvíu í Meistaramánuði er að halda áfram að lyfta og borða hollt. AÐSENDAR MYNDIR





Fyrir og eftir. Sylvía fyrir rúmu ári og núna, 30 kílógrömmum léttari.



Fyrir: Í Meistaramánuði ætlar Sylvía að stoppa og njóta augnabliksins með börnunum sínum, þau eru alltaf glöð að sjá mömmu sína sama hvernig hún lítur út.

# Gönguvænt umhverfi hvetjandi

**Herborg Árnadóttir skoðaði tengsl borgarumhverfis og hversdagslegrar hreyfingar í MS-ritgerð sinni í landfræði frá HÍ nú í vor. Hún segir að gönguhæfi Reykjavíkurborgar mætti bæta og í raun sé ósanngjarnt að bíllinn sé sjálfsagður aðgöngumiði að borginni.**

Ég gerði rannsókn á hópi stúlkna í framhaldsskólum í Reykjavík og skoðaði hvort umhverfi skólanna hefði áhrif á hversu mikið hópurinn notaði virkan samgöngumáta og var virkur í daglegu lífi,“ segir Herborg Árnadóttir, um MS-ritgerð sína í landfræði frá HÍ.

Herborg skoðaði hversu tengdar gönguleiðir voru í kringum skólana, hversu tengdar almenningssamgöngurnar voru kringum skólana og hvort einhver starfsemi í kring væri hugsanlega áfangastaður nemenda skólans.

**Var einhver munur milli skóla?**

„Já, hjá þeim skólum þar sem umhverfið var gönguvænt voru virkir ferðamátar notaðir,“ segir Herborg.

**En hvað er gönguvænt umhverfi?**

„Í raun snýst þetta um hversu marga möguleika í umhverfinu er hægt að nýta til hreyfingar. Víða í borgarskipulaginu hefur til dæmis ekki verið hugsað fyrir tengingum á göngustígum sem samgöngumáta og oft þarf að taka langan sveig til að komast frá einum stað til annars þar sem hægt hefði verið að hafa beina gönguleið. Það eru margir fínir göngustígar og græn svæði til útivistar en ekki sem samgöngumáti. Það má einnig bæta aðgengi að almenningssamgöngum en þeir sem nota strætó ganga meira. Þessi atriði í borgarskipulagi skipta því máli fyrir lýðheilsu, að gera umhverfið hvetjandi svo fólk hreyfi sig. Margir átta sig ekki á að lítil hversdagsleg hreyfing eins og stuttar gönguferðir geta skipt miklu máli fyrir heilsuna. Fyrir utan það er svolítið ósanngjarnt að bíll, þessi dýra fjárfesting, sé sjálfkrafa aðgöngumiði að borginni,“ segir Herborg sem fer flestra sinna ferða gangandi, hjólandi eða í strætó.

Hún ætlar að taka þátt í meistaramánuði en markmið hennar snýst þó ekki um hreyfingu.

„Ég ætla að vera ótrúlega dugleg að þvo þvottinn jafnóðum heima hjá mér svo hann hætti að hrúgast upp.“



Herborg Árnadóttir segir mikilvægt að nýta tækifærin í borgarskipulaginu til hreyfingar. MYND/VALLI



# Er kominn tími til að gera eitthvað?

*Námskeið sem opna þér nýjar leiðir*

Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

**Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi**

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. **Auk námskeiða býður Hringsjá líka fullt nám í 3 annir.**

**Um er að ræða eftirfarandi námskeið:**

| | |
|---|---|
| **Fjölskyldan og ég** | Með aukinni þekkingu tileinka þátttakendur sér leiðir til að verða betri fjölskyldumeðlimir, makar og uppalendur. |
| **Í fókus - Að ná fram því besta með ADHD** | Eykur skilning á ADHD (athyglisbresti/ofvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tökum á ADHD |
| **Minnistækni** | Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða. |
| **Sjálfstyrking** | Styrkir nemendur í að tjá sig, sýna öðrum örugga framkomu og almennt að vera til! |
| **TÁT - Tök á tilverunni** | Bjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma. |
| **Tölvugrunnur** | Tölvunotkun fyrir byrjendur. Unnið á eigin hraða með aðstoð. |
| **ÚFF - Úr frestun í framkvæmd** | Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu. |

Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma **510 9380** eða á **hringsja.is**




# 10 hollráð fyrir Meistaramánuð

1. Skrifaðu markmiðin þín niður og hengdu á ísskápinn eða einhvers staðar þar sem þú sérð þau á hverjum degi. Margir setja líka upp bloggsíðu í mánuðinum og deila með öðrum hvernig gengur að ná markmiðunum.

2. Ekki setja þér of mörg markmið. Hafðu markmiðin skýr og raunhæf og ákveddu hvenær þú ætlar að klára hvert og eitt markmið.

3. Umkringdu þig öðrum meisturum og fáðu vini og fjölskyldu með í Meistaramánuð. Það eykur líkur á árangri margfalt.

4. Ef þú vilt breyta mataræðinu skaltu skipuleggja vikuna vel og kaupa í matinn fyrir alla vikuna. Það getur verið erfitt að standast freistingar svöng eða svangur í búðinni.

5. Stilltu vekjaraklukkuna fyrir alla vikuna og stattu við það að fara á fætur um leið og hún hringir. Ef fyrsti dagurinn er erfiður er hægt að hugga sig við að það verður auðvelt að sofna um kvöldið.

6. Ekki láta það eyðileggja allan mánuðinn þótt þú gleymir þér einu sinni. Byrjaðu strax aftur.

7. Brostu til fólksins í kringum þig. Það er ágætis vani.

8. Ekki setja þér bara markmið tengd heilsurækt. Notaðu tækifærið og tæklaðu það sem þú hefur alltaf ætlað að gera en hefur af einhverjum ástæðum frestað.

9. Komdu þér út fyrir þægindahringinn og lærðu eitthvað nýtt. Skráðu þig á námskeið eða reyndu eitthvað sem þú hefur alltaf haldið að þú gætir ekki.

10. Lifðu áfram eins og meistari. Taktu það besta úr Meistaramánuði með þér inn í hina mánuðina. 31 dagur er nógu langur tími til að búa til góða venju.

## SPURT OG SVARAÐ

**Hvað þarf ég að gera til þess að taka þátt í Meistaramánuði?**

Í raun þarftu ekkert nema viljann og metnaðinn til að setja þér markmið fyrir einn mánuð og standa við þau.

Mælt er með því að þátttakendur skrái sig til leiks á meistaramanudur.is og fái sem flesta vini, fjölskyldumeðlimi og vinnufélaga til að vera með. Svo þarf bara að skrifa markmiðin niður og er gott að nota Meistaramánaðardagatalið til þess. Það er á forsíðu þessa blaðs og líka fáanlegt á heimasíðunni.

**Er þetta ekki bara enn eitt átakið eins og áramótaátakið sem ég stend aldrei við?**

Meistaramánuðurinn á ekki að vera átak heldur upphafið að breytingu lífs þíns til hins betra. Meistaramánuðurinn snýst ekki bara um að taka vel á því í ræktinni eða taka til í mataræðinu heldur líka um litlu hlutina eins og að eyða meiri tíma með fjölskyldunni eða að lesa loksins bókina sem þú ætlaðir þér að lesa. Notum tækifærið og lítum í eigin barm. Er ekki eitthvað sem við megum bæta í fari okkar? Er ekki eitthvað sem okkur langar að sigrast á í eitt skipti fyrir öll?

**Ég æfi mikið og borða hollt. Af hverju ætti ég að taka þátt?**

Lestu bókina sem þig langaði alltaf til þess að lesa, lærðu að elda kjötsúpu, farðu í danstíma.

Möguleikarnir eru fjölmargir fyrir þig til þess að bæta við líf þitt bæði ánægju og gæðum. Meistaramánuðurinn einskorðast alls ekki við bætta líkamlega heilsu.

# VERNDAÐU VINNUSTAÐINN Í VETUR



## BÓLUSETNINGAR

Nú eru að hefjast bólusetningar á vinnustöðum fyrir árlegri inflúensu sem þekkt er að getur valdið miklum fjarvistum sökum veikinda.

Hjúkrunarfræðingar Heilsuverndar hafa um árabil framkvæmt slíkar bólusetningar sem veita vörn gegn þessum vágesti vetrarins.

## HEILSUFARSSKOÐANIR

Heilsufarsskoðanir með ráðgjöf eru góður máti til að efla vitund einstaklinga um eigin heilsu og ýta þannig undir heilsusamlegra líferni. Slíkt getur skilað sér í ánægðari starfskrafti og aukinni starfsorku, þar sem bæði er tekið á andlegum og líkamlegum áhættuþáttum sjúkdóma.

Hægt er að framkvæma slíkar skoðanir bæði á vinnustað sem og í húsnæði Heilsuverndar.

## SKYNDIHJÁLP

Setjum öryggi starfsmanna í forgrunn. Við vitum að þjálfun og kennsla í skyndihjálp getur bjargað lífi einstaklings hvort heldur sem um er að ræða slys eða veikindi.

Við vitum aldrei hvenær slík atvik koma upp, en verum viðbúin.

Margvísleg námskeið í boði.

## FYRIRLESTRAR OG FRÆÐSLA

Teitur Guðmundsson, læknir fjallar í skemmtilegum og völdum fyrirlestrum um nokkra af helstu áhættuþáttum nútímamannsins á mannamáli og hvernig við getum brugðist við þeim með vellíðan og starfsánægju að leiðarljósi.

- **Hamingjan sanna**
- **Streita og álag**
- **Lífsstíll, mataræði og sjúkdómar**



HEILSUVERND
því hver dagur er dýrmætur

ÁLFHEIMAR 74 (GLÆSIBÆR) | 104 REYKJAVÍK | +354 510 6500 | WWW.HV.IS

ENNEMM / NM64393




siminn.is



**Margfalt gagnamagn og enn fleiri leiðir**

Nú hafa áskriftarleiðir Símans miklu meira gagnamagn innifalið auk þess sem þrjár nýjar leiðir líta dagsins ljós. Frá 1. október verður mælingum á internetumferð breytt.* **Þú færð góða yfirsýn yfir netnotkun heimilisins á Þjónustuvef Símans, getur skoðað fjölbreytt úrval áskriftarleiða og valið þá leið sem hentar ykkur best.**

*Sjá nánar á siminn.is

Fylgstu með netnotkuninni á **thjonustuvefur.siminn.is**

## Húsaviðhald

**TRÉSMÍÐI**
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**
Getum bætt við okkur verkum í flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.
Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
**Tímavinna og tilboð**
**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

**STARFSMANNALEIGAN**
Getum útvegað:
- Smiði
- Pípara
- Rafvirkja
- Járnamenn

699-0921
www.starfsmannaleigan.is

Tökum að okkur stærri og smærri verkefni f. einstaklinga og húsfélög. Fagmenn á öllum sviðum. B. R Bygg ehf S. 858 3373 brbygg@simnet.is

**ÓLI SMIÐUR**
Tek að mér verk stór sem smá, úti og inni, almenn verkstæðis- og viðhaldsvinna. Mikil reynsla og vönduð vinnubrögð. S. 698-9608.

Laga ryð á þökum, hreinsa þakrennur, og tek að mér ýmis smærri verk. Uppl. s. 8478704. manninn@hotmail.com.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Samskipti hefur reynslu í aðstoða við val á lausnum fyrir sýningar og ráðstefnur. S: 5807820 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




**BÆTIR KYNLÍFIÐ OG KONUR FÁ MIKLU MEIRA ÚT ÚR SAMFÖRUM MEÐ WE-VIBE**
Vinsælasta unaðstæki meðal para mörg ár í röð. Allar flottustu vörurnar fáanlegar.Millifærsla - greiðslukort - netgíró www.hush.is

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com






## BÍLL DAGSINS

**Peugeot 206 XR Présence**
Nýskráður 6/2007, ekinn 118 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 890.000**
Tilboð kr. **599.000**



HONDA
**CR-V RVSi**
Nýskráður 6/1998, ekinn 279 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 490.000**



TOYOTA
**Aygo**
Nýskráður 12/2006, ekinn 50 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 990.000**



TOYOTA
**Corolla Sol**
Nýskráður 3/2004, ekinn 181 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 790.000**



FORD
**Fiesta Trend**
Nýskráður 6/2007, ekinn 126 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 890.000**



HONDA
**CR-V Panorama**
Nýskráður 1/2008, ekinn 92 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 2.790.000**



HYUNDAI
**i10 GL**
Nýskráður 6/2011, ekinn 86 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.140.000**



HYUNDAI
**Santa Fe II 2700**
Nýskráður 8/2007, ekinn 138 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**



SKODA
**Octavia Ambiente dísil**
Nýskráður 3/2008, ekinn 70 þús.km., dísil, 5 gírar.
**Verð kr. 1.790.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

**BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Til leigu skrifstofur með aðgang að fundarherbergi, sameiginleg þjónusta. að Laugaveg 178, ýmsar stærðir leiga frá kr. 45.000 Nánari uppl veitir Baldvin í s. 898 1177

Til leigu vel með farin 60fm 3ja herbergja íbúð á Rauðarárstíg 2. hæð. Leiga 160 þús.pr.mán. + trygging kr. 320 þús. Íbúðin er laus, aðeins langtímaleiga kemur til greina. Aðeins skilvísir og reglusamir koma til greina. Uppl. í s. 896 2964 / hrafn@ferroehf.is

## Atvinnuhúsnæði

Óskum eftir húsnæði til að reka hljóðver í. Komum til með að hljóðeinangra vel. ca. 100fm2 væri hentug stærð. S. 661 2539 & skaptith@gmail.com

**SKRIFSTOFUHERBERGI**
Til leigu í góðu húsnæði á sv. 105 Reykjavík. Verð frá 35-60 þús. Uppl. í s. 840 0699

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**VETRARGEYMSLA Í REYKJAVÍK**
Fyrir hjólhýsi, tjaldvagna, felli- og hjólhýsi. Öruggt og gott húsnæði. Uppl. í s. 846 2986.

**VETRARGEYMSLA Í HAFNARFIRÐI Í UPPHITUÐU OG GÓÐU RÝMI.**
Fyrir hjólhýsi, tjaldvagna og hjólhýsi. Uppl. í s. 892 2222

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUHÚS.IS**
Hjólhýsi, húsbílar, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar, upph, húsnæði. Uppl, í síma 770-5144

**GEYMSLUHÚSNÆÐI**
Tökum tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi til geymslu í vetur. Húsnæðið er í Fljótshlíð, 110 km frá Reykjavík. Uppl. í s. 8922048 og 8931162.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**KJÖTHÖLLIN**
óskar eftir að ráða starfsmann til pökkunar og útkeyrslustarfa. Einnig er óskað eftir að ráða starfsfólk í hlutastarf í verslun Kjöthallarinnar, Skipholti 70. Reynsla af kjötafgreiðslu eða matreiðslu æskileg.

**Upplýsingar veitir Björn Christensen í síma 5531270. Umsóknir og ferilskrá má senda á kjothollin@kjothollin.is**

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel sem aukastarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl gefur Ágúst í 770-2277 og agust@tmi.is

Starfsmaður óskast á hjólbarðaverkstæði, helst vanur. Uppl í s: 899-6508

**SMIÐIR**
Vantar 1-2 smiði. Upplýsingar í s. 899 4819



**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

## atvinna

**SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU. HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

**Umhverfismat áætlana**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að breyting á deiliskipulagi Dyrhólaeyjar falli ekki undir umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má sjá á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is

Ákvörðunina má kæra til umhverfis– og auðlindaráðherra. Kærufrestur er til **2. nóvember 2014.**

FISKISTOFA

**Leyfi til veiða á kröbbum í Faxaflóa fiskveiðiárið 2014/2015**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til veiða á kröbbum í Faxaflóa fiskveiðiárið 2014/2015, sbr. reglugerð nr. 843, 23. september 2014, um veiðar á kröbbum í Faxaflóa.

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, og skulu þeim fylgja upplýsingar um fyrri veiða á kröbbum, hvar veiðar eru fyrirhugaðar og gerð gildra.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2014.**

***Fiskistofa 1. október 2014***

## kynning á námi

# Nám í Danmörku

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám**

Erhvervsakademiet Lillebælt heldur kynningu á námi við skólann miðvikudaginn 1. október kl. 20.00 í húsakynnum Garðyrkjufélags Íslands að Síðumúla 1 í Reykjavík

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Grafísk hönnun
- Orkutækni
- Tölvunarfræði

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. **Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is**

Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**ÓLAFSGEISLI 27. GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS Á ÚTSÝNISSTAÐ**







**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45**

Stórglæsilegt 207,4 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað í Grafarholtinu. Eignin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta og úr vönduðum byggingarefnum. Innihurðir og innréttingar eru ýmist úr hnotu eða hvítar sprautulakkaðar. Arinn í stofu og mikil lofthæð. 4 herbergi. Gríðarlega fallegt útsýni er úr stofum til vesturs yfir borgina, sundin og til Snæfellsjökuls, til suðurs yfir Reykjanesið og í norðri til Esju. Fallegt lóð með fullbúnum garði, stórum veröndum, skjólveggjum og heitum potti. **Verð 79,5 millj. Verið velkomin.**

**270 Mosfellsbær — Akurholt 7**







**OPIÐ HÚS**
Miðvikudag 1. okt. 17:30 - 18:00



Nánari upplýsingar veitir
**Davíð Jónsson,** sölufulltrúi
david@miklaborg.is **sími:** 697 3080



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Glæsilegt og mikið uppgert 5 herbergja einbýlishús

Rúmgóður 40 fm bílskúr

Stór og gróin lóð við opið svæði

Verð frá: **52,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**107 Reykjavík — Víðimelur – leiga**





Allar nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697-9300
svan@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Falleg 85 fm 3ja herbergja íbúð til leigu

2 rúmgóð herbergi og stofa – stórar svalir

Mikið endurnýjuð eign á frábærum stað

Leiguverð 180.000 með hússjóði – leigutími 1 ár

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



**LOÐNUVINNSLAN** Stærsta eign Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga er Loðnuvinnslan. Fréttablaðið/GVA

▶ bréf í Icelandair fyrir 11 milljónir króna að nafnverði, en sá hlutur var liðlega 200 milljóna króna að markaðsvirði við áramót. Einnig á KEA hlut í Högum sem var um 116 milljón krónur að markaðsvirði við áramót. Í ársreikningi kemur fram að rekstur KEA var með svipuðu móti á síðasta ári og á árinu 2012. Hagnaðurinn nam 226,7 milljónum króna í fyrra, en hann var tæplega 279 milljónir króna árið á undan.

Stærstur hluti eigna KEA var seldur fyrir um það bil áratug, eða áður en efnahagshrunið skall á. Fyrir þann tíma átti fyrirtækið afurðastöð, útgerð og fleira líkt og önnur kaupfélög. Nú er félagið að vinna að nýju í fjárfestingum, en í ársskýrslu félagsins fyrir síðasta ár segir að gengið hafi hægar en vonir stóðu til að ná að framfylgja stefnu félagsins, það er að fjárfesta stórt í fáum og jafnvel einu fyrirtæki. Félagið hafi einnig búið við þá sérkennilegu stöðu að keppa um fjárfestingarkosti við aðila sem hafa keypt krónur á 20-30% lægra verði en öðrum býðst í gegnum svokallaða fjárfestingarleið Seðlabankans. „Jafnframt fjölgar sífellt sjóðum sem sérhæfa sig í að finna og fjárfesta í sambærilegum verkefnum og KEA leitar að. Nú eru a.m.k. sex sérhæfðir sjóðir starfandi á þessu sviði með 5-10 milljarða í fjárfestagetu hver og einn; tugir milljarða króna bíða á hliðarlínunni. Samkeppni um hin fáu verkefni er því hörð og langt í frá að þessir sjóðir og önnur fjárfestingarfyrirtæki hafi enn þá náð markmiðum sínum um fjárfestingar,“ segir í ársskýrslunni.

### Verslunarrisi

Kaupfélag Suðurnesja er ólíkt hinum félögunum á þann hátt að eiginfjárstaða félagsins er neikvæð. Í ársreikningnum kemur fram að skuldir samstæðunnar umfram eignir séu um það bil 1.120 milljónir króna og eiginfjárstaða móðurfélagsins neikvæð um 696 milljónir króna. Í ársreikningi fyrir árið 2013 segir að móðurfélagið hafi árið 2012 gert samkomulag við stærstu lánardrottna sína sem leiði til þess að rekstrarhæfi félagsins sé tryggt. Á árinu 2013 hafi náðst samkomulag við aðra lánardrottna. Þetta þýddi að höfuðstóll skulda móðurfélagsins var færður niður um 1,5 milljarða króna og samstæðunnar um 1,6 milljarða króna á árinu 2012 og

> Við höfum verið að efla félagið smátt og smátt og við höfum verið að afla meiri veiðiheimilda og keyptum nýtt skip í uppsjávarfiski.

í fyrra voru skuldir færðar niður um 54 milljónir króna. Þetta leiðir til þess að félagið getur staðið undir greiðslu skuldbindinga. Stærsta eign Kaupfélags Suðurnesja er hlutur í Samkaupum en í heild áttu Kaupfélagið og dótturfélög þess um 63 prósent hlut í lok síðasta árs.

Samkaup reka 48 verslanir á 34 stöðum um landið. Þar á meðal er Nettó, Kaskó, Samkaup úrval og Samkaup strax. Velta Samkaupa og dótturfélagsins Búrs, var tæplega 23,5 milljarðar á síðasta ári og jókst um tæp 3,6 prósent frá fyrra ári. Stærstu eigendur Samkaupa voru, auk Kaupfélag Suðurnesja, Kaupfélag Borgfirðinga ásamt dótturfélagi sem átti 21,9 prósenta hlut.

## Eiga tæplega 10 prósent hlut í Árvakri

Kaupfélag Skagfirðinga á rétt tæplega tíu prósenta hlut í útgáfufélaginu Árvakri sem gefur meðal annars út Morgunblaðið og heldur úti fréttavefnum mbl.is. Eignatengslin eru þannig að kaupfélagið á níu prósenta hlut í eignarhaldsfélaginu Þórsmörk ehf., sem á svo aftur 99 prósenta hlut í Árvakri. Á meðal annarra hluthafa í Árvakri er Hlynur A, sem er í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, aðaleiganda Ísfélagsins. Krossanes, sem er í eigu Þorsteins Más Baldvinssonar í Samherja, á fimmtungshlut í Þórsmörk og Áramót ehf., í eigu Óskars Magnússonar, á einnig um fimmtungshlut. Aðrir eiga minna.




**ÁRVAKUR** Útgáfufélag Morgunblaðsins er að hluta til í eigu Kaupfélags Skagfirðinga í gegnum eignarhaldsfélagið Þórsmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

## Seldu Búr til Innnes

Samkaup hf., Kaupfélag Vestur-Húnvetninga og Kaupfélag Steingrímsfjarðar seldu Innnesi um miðjan september hlut sinn í Búri ehf., dótturfélagi Samkaupa. Búr ehf. var stofnað árið 1995 og sérhæfir sig í innlendum og innfluttum vörum á ávaxta- og grænmetismarkaði. Í tilkynningu vegna kaupanna sagði að Búr ehf. byði upp á yfir 400 vöruliði að staðaldri í ferskum ávöxtum og grænmeti. Íslensk framleiðsla nemur um þriðjungi af sölu fyrirtækisins.




**KEYPTU BÚR** Heildverslunin Innnes keypti Búr. Tilkynnt var um söluna um miðjan síðasta mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


# Opið hús í skrifstofuhóteli að Laugavegi 178, Reykjavík fimmtudaginn 2. október frá kl. 16-18.



Húseign kynnir til leigu frábærlega staðsettar skrifstofur miðsvæðis í Reykjavík til leigu, möguleiki á sameiginlegri móttöku og símsvörun, bókhaldsþjónustu. Ljósleiðara internet. Góð fundarherbergi og ráðstefnusalur. Möguleiki á að leigja eingöngu skrifborð í alrými.

**Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100**

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

Suðurlandsbraut 48, Reykjavík s. 585-0100
www. huseign.is huseign@huseign.is

# Ætlar að sjá Gunnar Nelson í Svíþjóð

*Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri Glerborgar, rak áður eitt elsta glerfyrirtæki landsins. Hann er menntaður í viðskiptafræði og með MSc-gráðu í fjármálum fyrirtækja. Frítíminn fer meðal annars í að spila körfubolta.*

**SVIPMYND**
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Ég rak áður Glerslípun og speglagerð sem var minna fyrirtæki í þessum bransa og elsta glerfyrirtæki landsins stofnað árið 1922,“ segir Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri Glerborgar, spurður hvernig það kom til að hann fór að stýra fyrirtækinu í september í fyrra.

Rúnar hafði starfað sem framkvæmdastjóri Glerslípunar og speglagerðar í þrjú ár þegar hann ákvað ásamt föður sínum að kaupa Glerborg og sameina fyrirtækin.

„Við stukkum á tækifærið þegar við sáum að fyrirtækið var til sölu. Það hefur gengið nokkuð vel að fara inn í þetta hlutverk en það var að mörgu að huga,“ segir Rúnar.

Hann er stúdent frá Verslunarskóla Íslands og lauk námi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst árið 2007. Eftir það lá leiðin í Háskólann í Reykjavík en Rúnar útskrifaðist þaðan með meistaragráðu í fjármálum fyrirtækja árið 2009.

„Þá datt ég inn í laxeldisfyrirtækið Fjarðalax og tók þátt í þeirri uppbyggingu frá byrjun en það fyrirtæki var stofnað haustið 2009. Þá sinnti ég einnig starfi framkvæmdastjóra Glerslípunar og speglagerðar en við kaupin á Glerborg var ekki nægur tími til að sinna öllum þessum verkefnum og ég fór því á fullt í glerið. En það var góð reynsla að taka þátt í þessu þarna fyrir austan enda Fjarðalax frábært fyrirtæki.“ Rúnar segir að verkefnum fyrirtækisins hafi fjölgað mikið á þessu ári og nefnir framkvæmdir við hótel og önnur verkefni sem nú eru í gangi í byggingariðnaði. Hann nefnir sem dæmi framkvæmdir við hótel Íslandshótela við Höfðatorg.

„Þar sjáum við um alla sturtuklefa, spegla og gler. Það er heljarinnar framkvæmd enda 320 herbergi. Hvað svo sem hver segir um hótelbyggingar og hvernig þetta endar allt saman er vöxtur í ferðamannabransanum stór partur af okkar starfi núna,“ segir Rúnar. Hann æfði lengi körfubolta með Fjölni og segir að sá frítími sem hann hafi fari meðal annars í bumbubolta með félögunum.

„Þetta er fínn tími til að hitta félagana og hreyfa sig í leiðinni. Svo er ég alltaf að verða meiri og meiri áhugamaður um blandaðar bardagalistir. Ég er einmitt að fara til Svíþjóðar að sjá Gunnar Nelson næstu helgi. Ég er mjög spenntur fyrir þeim bardaga og hef tröllatrú á okkar manni.“



**Í MÖRKINNI** Rúnar Árnason var 29 ára gamall þegar hann tók við starfi framkvæmdastjóra Glerborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Við stukkum á tækifærið þegar við sáum að fyrirtækið var til sölu. Það hefur gengið nokkuð vel að fara inn í þetta hlutverk en það var að mörgu að huga.**

## TRAUSTUR OG SKEMMTILEGUR



„Ég kynntist Rúnari fyrir 16 árum þegar ég mætti á körfuboltaæfingu í nýju hverfi og hann setti þrist í andlitið á mér. Frá þeim degi höfum við deilt aragrúa af góðum stundum og lífsreynslu saman í gegnum skóla, íþróttir, ferðalög og heimspekilegar samræður um tónlist og lífið sjálft. Einn af hans helstu kostum er sá hversu traustur vinur hann er. Hann er alltaf til í að réttaa hjálparhönd eða standa í veseni þegar vinur þarf á honum að halda. Það kemur ekkert á óvart að Rúnar sé farinn að láta að sér kveða í atvinnulífinu enda fæddist maðurinn með gott auga fyrir viðskiptatækifærum. Hann sýnir frumkvæði og hefur metnað fyrir því að skila öllu vel af sér sem hann tekur sér fyrir hendur.“

**Ólafur Páll Árnason, ráðgjafi hjá AGR ehf.**



„Fyrstu kynni mín af Rúnari voru þegar ég hóf störf hjá Fjarðalaxi sem var þá lítið fyrirtæki í uppbyggingarfasa. Rúnar sá um bókhaldið og launin og innleiddi margt af því sem við notum enn í dag. Rúnar sló mig strax vel, hann er skemmtilegur, afar vel gefinn og skarpur, einstaklega lausnamiðaður. Hann er með mjög góðan húmor og sá alltaf spaugilegar hliðar á frekar þurru viðfangsefni. Það var sama hvert viðfangsefnið var, Rúnar leysti alltaf strax og vel úr hlutunum. Eftir að Rúnar varð forstjóri Glerborgar hætti hann að vinna fyrir Fjarðalax sökum anna en við höfum þó ekki alveg sagt skilið við hann, því hann starfar með okkur í eldisstöðinni Ísþór og sér um launin þar.“

**Kristín Helgadóttir, starfsmannastjóri Fjarðalax**


**ELDHÚS GRILLMARKAÐARINS** Veitingahús Hrefnu Sætran njóta sívaxandi vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Tveir eigendur veitingahússins Fiskmarkaðarins fá meira en þrjátíu milljónir í arðgreiðslur í ár:

# Hagnaður Fiskmarkaðarins og Grillmarkaðarins eykst

Hagnaður af rekstri Fiskmarkaðarins nam 48,1 milljón króna á síðasta ári, en hann var 34,8 milljónir árið á undan. Hagnaðurinn jókst því um 13,3 milljónir eða 38 prósent á milli ára. Hluthafar í félaginu eru tveir. Það er þau Ágúst Reynisson og Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran, en þau eiga helmingshlut hvort. Þau munu fá greiddan arð í ár að upphæð 34 milljónir króna. Í fyrra voru ellefu milljónir greiddar í arð og þar áður 5,4 milljónir.


**HREFNA SÆTRAN**

Hagnaður Grillmarkaðarins, sem er dótturfélag Fiskmarkaðarins, nam 56,6 milljónum króna í fyrra. Það er einnig veruleg aukning frá árinu á undan þegar hagnaðurinn nam 32,6 milljónum króna. Eigendur Grillmarkaðarins eru þrír, en það eru matreiðslumaðurinn Guðlaugur Papkum Frímannsson, sem á 30 prósent, Fiskmarkaðurinn á 60% og Grillmarkaðurinn á 10% hlut í sjálfum sér. Fimmtíu milljóna króna arður verður greiddur hluthöfum í ár.

Veitingastaðirnir Grillmarkaðurinn og Fiskmarkaðurinn eru báðir í miðborg Reykjavíkur. Fiskmarkaðurinn er í Aðalstræti 12 en Grillmarkaðurinn er í nýlegu húsnæði á horni Lækjargötu og Austurstrætis.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**6 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**6 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**2 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI** 57,5% frá áramótum

**ÖSSUR** 3,1% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TRYGGINGAMIÐST.** -27,90% frá áramótum

**ICELANDAIR GROUP** -2,5% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 109,00 | -16,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 222,50 | -15,1% | -0,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 32,60 | 19,6% | 0,9% |
| Hagar | 44,50 | 15,9% | -1,8% |
| Icelandair Group | 17,35 | -4,7% | -2,5% |
| Marel | 106,50 | -19,9% | 0,9% |
| N1 | 18,95 | 0,3% | -0,9% |
| Nýherji | 5,75 | 57,5% | 0,9% |
| Reginn | 15,20 | -2,3% | 0,0% |
| Tryggingamiðstöðin* | 23,40 | -27,0% | -1,5% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 8,18 | -24,2% | 0,5% |
| Össur | 330,00 | 44,1% | 3,1% |
| HB Grandi | 31,45 | 13,5% | 1,5% |
| Sjóvá | 11,80 | -12,7% | -1,7% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.151,82 | -8,6% | -1,0% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 1. 150,00 | 117,4% | 0,0% |
| Hampiðjan | 13,25 | 50,9% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 9,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 8. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 1. október**
- Seðlabanki Íslands - Vaxtaákvörðunardagur

**Þriðjudagur 7. október**
- Hagstofan - Gistinætur á hótelum í ágúst 2014
- Seðlabanki Íslands - Helstu liðir í efnahagsreikningi og gjaldeyrisforði
- Íslandsbanki - Fjármál við starfslok

**Miðvikudagur 8. október**
- Seðlabanki Íslands - Fjármálastöðugleiki 2014/2
- Þjóðskrá - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Deloitte, LÍÚ og SA - Sjávarútvegsdagurinn

**Föstudagur 10. október**
- Hagstofan - Efnahagslegar skammtímatölur í október 2014

**Mánudagur 13. október**
- Seðlabanki Íslands - Gjaldeyrisforði og tengdir liðir

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*


Make it matter.
intel inside
Kipptu kassanum með þér
HP MX-10 kassakerfislausnin
með Intel® Atom™ örgjörva Z2760
G8C31EA, F3K89AA
HP MX-10 kassakerfalausnin ásamt HP strimlaprentara, strikamerkjaskanna og peningakassa sem eru seldir aukalega.
Innbyggður strikamerkjaskanni
Innbyggður kortaskanni
Kynntu þér MX-10 kassakerfislausnina nánar á www.ok.is/mx10/
Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.
OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið
Platinum Partner
OPIN KERFI | HÖFÐABAKKA 9 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI 570 1000 | OK@OK.IS

Umræðan um valkosti má ekki vera eins og um trúarbrögð:

# Krafa um kredduleysi

Þótt aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins hafi verið settar á ís þarf að leiða til lykta umræðu um valkosti Íslands í gjaldmiðils- og peningamálum jafnvel þótt afnám hafta sé kannski ekkert meira en fjarlæg draumsýn í augnablikinu.

Á meðan stýrinefnd stjórnvalda um afnám hafta hefur ekki skilað neinum tillögum erum við í raun engu nær frjálsum fjármagnsflutningum. Skýrsla fjármálaráðherra um framgang áætlunar um afnám hafta sem birtist 19. september er að mestu yfirlit yfir hvaða árangri (lesist, litlum) leiðir stjórnvalda hafa skilað til þessa. Eftir skipun stýrinefndarinnar og ráðningu erlendra ráðgjafa er hins vegar ljóst að fjármála- og efnahagsráðherra ætlar ekki að láta grípa sig nakinn í bóli aðgerðarleysis þegar þessi mál eru annars vegar.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Það er óvissa um evruna og efaemdir um gjaldmiðilinn sjálfan. Ekki bara í þeim ríkjum sem hafa þurft björgunarpakka. Þessar raddir heyrast líka í Þýskalandi.**

Stjórnvöld þurfa hins vegar að hafa skýra stefnu um hvað tekur við af krónunni. Umræða um þessa valkosti þarf að vera yfirveguð en hún hefur ekki verið laus við ofstækið. Það er t.d. ekki víst að evran sé lausnin fyrir Íslendinga þótt hún sé fýsilegasti kosturinn að mati skýrsluhöfunda Seðlabanka Íslands í 623 bls. skýrslu sem kom út í september 2012. Umræðan um skýrsluna hefur hins vegar verið í skötulíki síðan hún kom út. Kannski af því að stjórnmálamenn nenna ekki að lesa hana?

Það er óvissa um evruna og efaemdir um gjaldmiðilinn sjálfan. Ekki bara í þeim ríkjum sem hafa þurft björgunarpakka. Þessar raddir heyrast líka í Þýskalandi. Til dæmis fengu evru-efasemdarmennirnir í Alternative für Deutschland næstum 5 prósent atkvæða í kosningum til Bundestag í fyrra, aðeins sex mánuðum eftir að flokkurinn var stofnaður. Fastlega er gengið út frá því að evrukrísan snúi aftur því ekki hafi tekist að laga gallanna í regluverki evrusvæðisins.

Martin Wolf fjallar í nýjasta pistli sínum í Financial Times í gær um að Kínverjar haldi kannski á öflugasta gjaldmiðli heimsins, renminbi. Hinum eiginlega „forðagjaldmiðli“ og þeir þurfi að íhuga hvort þeir vilji að hann leysi Bandaríkjadollar af hólmi í þessu hlutverki. Þá þyrftu Kínverjar að taka upp frjálsa fjármagnsflutninga með renminbi.

Umræðan um þátttöku í myntsvæði og upptöku nýs gjaldmiðils snýr líka að spurningunni um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Ef Ísland gengur í ESB er eðlilegt næsta skref að fara í myntbandalagið og taka upp evru. Það verður hins vegar að teljast ósennilegt að hreyfing aðildarsinna fái nægilegan byr í seglin til að þetta verði nokkurn tímann að veruleika. Andstaðan við aðild er of hörð og spurningunni um sjálfstætt íslenskt fiskveiðistjórnunarsvæði innan 200 mílna samhliða ESB-aðild hefur ekki verið svarað. Á meðan jafn mikil óvissa ríkir um þetta er eðlilegt að ræða til hlítar hvað annað kemur til greina.

Alþingismenn ættu kannski að drífa í því að lesa skýrslu Seðlabankans frá 2012 og segja okkur hinum hvað þeim finnst. Það er ekki seinna vænna. Í þeirri umræðu er krafa um hófsemd og kredduleysi sjálfsögð og eðlileg.




# Samkeppnisbættur mjólkuriðnaður

**Skoðun**

Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu



Hin sterku viðbrögð, sem orðið hafa við þeirri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að leggja háa sekt á Mjólkursamsöluna fyrir brot á samkeppnislögum, eru athyglisverð fyrir margra hluta sakir.

Fyrir það fyrsta sýna þau að allur almenningur er að vakna til vitundar um mikilvægi þess að samkeppni ríki á öllum sviðum atvinnulífsins, að engin atvinnugrein fái sérmeðferð að lögum, þegar samkeppnismál eru annars vegar. Fleiri og fleiri gera sér grein fyrir því að virk samkeppni er lykillinn að því að öll framleiðslutæki þjóðarinnar verði nýtt á sem hagkvæmastan máta. Slík viðhorfsbreyting er mikið fagnaðarefni.

Þessi sterku viðbrögð varpa ekki síður ljósi á, hversu mikið óheillaspor það var þegar Alþingi ákvað að undanþiggja mjólkuriðnaðinn mikilvægum ákvæðum samkeppnislaga. Þau varnaðarorð, sem uppi voru höfð þegar umrætt ákvæði var samþykkt, hafa nú reynst orð að sönnu.

Þau alvarlegu lagabrot sem Mjólkursamsalan hefur orðið uppvís að, sýna það og sanna. Málið allt sýnir fáránleika þess að lagaumgjörð geti verið með þeim hætti, að einu og aðeins einu fyrirtæki séu sköpuð skilyrði til að hafa nær algera einokunarstöðu á markaði, hverju nafni sem markaðurinn nefnist.

Brot á samkeppnislögum eru alvarleg þar sem þau beinast nær alltaf gegn hagsmunum samfélagsins alls. Allur almenningur á mikið undir því að grundvallarreglur samkeppnisréttar séu virtar af öllum fyrirtækjum og á öllum tímum. Hagsmunir almennings felast í því að hafa tryggingu fyrir því að samkeppni sé virk á öllum mörkuðum, að engum sé sköpuð aðstaða til að starfa í samkeppnislausu umhverfi.

**Brot á samkeppnislögum eru alvarleg þar sem þau beinast nær alltaf gegn hagsmunum samfélagsins alls.**

Öll helstu hagsmunasamtök í atvinnulífinu hafa lagt áherslu á að samkeppni ríki á öllum sviðum atvinnulífsins. Fyrirtækin í landinu vilja starfa í heilbrigðu samkeppnisumhverfi, þar sem kraftar hvers og eins fái notið sín til hlítar. Þessi sjónarmið endurspeglast í riti Samtaka atvinnulífsins sem gefið var út sl. vor og fjallar um leiðir til að bæta lífskjör í landinu. Ein þeirra leiða, sem þar eru nefndar, er að auka samkeppni í landbúnaði, en þar segir m.a. að „auka þurfi frjálsræði og samkeppni í landbúnaði og fella greinina í heild undir samkeppnislög“.

Nú reynir á stjórnmálaöflin í landinu og vilja þeirra og getu til að taka málin föstum tökum. Nú fá þau rakið tækifæri til að sýna að þau taka heildarhagsmuni fram yfir aðra hagsmuni – að almannahagsmunir skuli ávallt settir í fyrsta sæti. Það kallar nefnilega ekki á flókna lagabreytingu að fella mjólkuriðnaðinn undir öll ákvæði samkeppnislaga.

Það hefur væntanlega verið nokkurt framfaraspor fyrir neytendur að á markað kom „vítamínbætt mjólk“. Það yrði mun meira framfaraspor fyrir neytendur að fá „samkeppnisbættan mjólkuriðnað“.

# Taktu þér pláss!

**Hin hliðin**

Brynhildur S. Björnsdóttir
framkvæmdastjóri og varaþingmaður



Þrátt fyrir mikla hvatningu og stuðning í uppvexti mínum fékk ég ósjaldan þau skilaboð frá mínu nærumhverfi að hafa aldrei hátt um eigið ágæti og að hógværð væri mesta dyggðin. Þegar ég asnaðist til að taka að mér leiðtogahlutverk í leik eða námi fékk ég yfirleitt þau skilaboð frá umhverfinu að ég væri frek.

Ég lagði mig fram í skólanum en lærði fljótt að hafa aldrei hátt um það þegar vel gekk og passaði að bæla niður „frekjuna“ í mér. Ég vann samviskusamlega þau störf sem mér buðust en fékk hjartsláttartruflanir þegar kom að launaviðtölum. Ég hélt að framkvæmdastjórar og þingmenn hlytu að vera geimvísindamenn. Ég forðaðist áhættu og sá fyrir mér að starfa alltaf í öruggu starfi og fannst því fráleitt að taka áhættu með eigin rekstri. Hvernig gæti ég svo sem haft eitthvað til málanna að leggja sem einhverjir aðrir væru ekki nú þegar búnir að leggja til? Hvort sem það voru þjóðfélagsmál eða viðskiptahugmyndir.

Þangað til allt breyttist. Mitt „a-ha“ móment var árið 2008 þegar ég hlustaði fyrir tilviljun á viðtal við konu sem hafði yfirstigið allar þær hindranir sem ég hafði sett sjálfri mér og hafði þetta að segja við kynsystur sínar: Taktu þér pláss! Enginn annar en þú getur gefið þér þetta pláss. Taktu það bara!

Korteri seinna hrundi Ísland og ég hafði engu að tapa. Stofnaði fyrirtæki og byggði það upp næstu árin. Smám saman hætti ég að fá hjartsláttartruflanir við að verðleggja þjónustu mína og í dag get ég meira að segja talað um peninga – án þess að falla í yfirlið. Ég á þá nefnilega skilið fyrir mitt vinnuframlag.

Fljótlega tók ég mér pláss í þjóðfélagsumræðunni með því að gefa kost á mér til alþingiskosninga 2013. Og það var ekki auðvelt. Ég þurfti að slökkva á öllum innri röddum um að vera ekki að trana sér fram og þykjast vita eitthvað. Undirskriftasöfnun í Mjóddinni var ágætis rassskelling fyrir hógværðina (með tilheyrandi kjánahrolli) sem náði svo ákveðnum hæðum í útvarpsviðtali á Útvarpi Sögu.

Skilaboðin eru þessi: Kona… taktu þér pláss! Vertu dætrum þínum góð fyrirmynd. Sættu þig aldrei við aftasta sætið eða að leiðtogahæfni þín flokkist undir frekju. Samfélagið og atvinnulífið þarf á þinni rödd að halda. Stjórnir fyrirtækja þurfa á þinni visku og reynslu að halda. Stjórnmálin þurfa á þér að halda. Þú hefur engu að tapa – nema hógværðinni.

Og hógværðin er svo last decade!

EIRÍKUR
HAUKSSON

EYÞÓR INGI
GUNNLAUGSSON

STEFÁN
JAKOBSSON

# LED-ZEPPELIN

# HEIÐURSTÓNLEIKAR

## HOF 03.10.2014 | HÖRPU 04.10.2014

Led Zeppelin er af mörgum talin ein áhrifamesta rokkhljómsveit allra tíma. Hennar bestu lög verða flutt á tónleikunum og sjá rokkararnir Eiríkur Hauksson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Stefán Jakobsson um að þenja raddböndin.

Hljómsveitina skipa þeir Gulli Briem á trommur, Kristján Grétarsson og Eyþór Úlfar Þórisson á gítar, Ingi Björn Ingason bassaleikari og Þórir Úlfarsson á hljómborð, ásamt strengjasveit. Sérstakir gestir eru Dagur Sigurðsson og Birgir Haraldsson söngvarar og Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari Gildrunnar.

Tónlistarstjóri: Þórir Úlfarsson.

## MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU OG HOFS

HOF DÆGURFLUGAN HARPA

Brandenburg

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 121,24 | DKK 20,52 | NOK 18,8 | CHF 126,57 |
| GBP 196,27 | EUR 152,7 | SEK 16,69 | JPY 1,10 |

**FTSE 100**
6,622.72
- 23.88
(0.36%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 33.400 TONNA AFLI

### Aflaaukning hjá HB Granda

Síldar- og makrílafli skipa HB Granda nú í sumar nam alls 33.400 tonnum. Það mun vera lítilsháttar aukning milli ára því í fyrrasumar var sambærilegur afli um 32.400 tonn. Þetta kemur fram í tilkynningu frá sjávarútvegsfyrirtækinu.

Skip og togarar HB Granda veiddu samtals 10.389 tonn af síld í sumar samanborið við 13.616 tonn árið 2013. Makrílveiðar skiluðu 22.918 tonnum í sumar en 18.619 tonnum á sama tímabili í fyrra.

**29.9.2014** „Á dögunum kom fram nýtt þingmál um að framlengja auðlegðarskatt til að fjármagna nýjan Landspítala. Flutningsmenn eru Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Þóra Árnadóttir og ég sjálf. Gert er ráð fyrir að byggingin taki fimm ár með þessari fjármögnun. Peningarnir eru til og það er sanngjarnt að sækja þá til að borga spítalann. Það má ekki bíða lengur.“

***Svandís Svavarsdóttir alþingismaður***



## 11,7 MILLJARÐA HALLI

### Vöruskiptin hagstæð í ágúst

Í ágústmánuði voru fluttar út vörur fyrir 47,2 milljarða króna og inn fyrir 42,8 milljarða. Vöruskiptin í ágúst, reiknuð á fob-verðmæti, voru því hagstæð um tæpa 4,5 milljarða króna. Frá þessu er greint í frétt á vef Hagstofu Íslands. Þar segir að vöruskiptin hafi verið hagstæð um 6,3 milljarða í ágúst 2013 á gengi hvors árs. „Fyrstu átta mánuði ársins 2014 voru fluttar út vörur fyrir 363,7 milljarða króna en inn fyrir 375,4 milljarða króna fob. Vöruskiptin við útlönd voru því óhagstæð um 11,7 milljarða króna, reiknað á fob-verðmæti, en á sama tíma árið áður voru þau hagstæð um 23,5 milljarða á gengi hvors árs,“ segir í frétt Hagstofunnar.

## *STJÓRNAR-MAÐURINN*

## Vondir útlendingar

Forvitnilegt hefur verið að fylgjast með útboðsferli Isavia í tengslum við verslunarrými á Keflavíkurflugvelli. Kaffitár er eitt þeirra fyrirtækja sem hafa verið með aðstöðu í Leifsstöð, og raunar er það fastur liður hjá stjórnarmanninum að stoppa í einn tvöfaldan áður en hann fer í morgunflug.

**STJÓRNARMAÐURINN** las því af athygli grein forstjóra Kaffitárs í Markaðnum í síðustu viku, þar sem hún gagnrýndi fyrirkomulag við útboðsferlið, og að til standi að gera samning við „alþjóðlegt stórfyrirtæki sem rekur um þrjú þúsund verslanir og sérhæfir sig í rekstri í flugstöðvum“.

Í tengslum við útboðsferlið hefur jafnframt komið fram að danska kaffihúsakeðjan Joe & the Juice sé eitt þeirra fyrirtækja sem fái pláss í flugstöðinni, og þá væntanlega sem undirleigutaki hjá fyrrnefndu alþjóðlegu stórfyrirtæki. Fréttir hafa verið sagðar af því að þetta fari fyrir brjóstið á þeim sem fyrir eru á fleti, enda þyki skorta á íslenskan varning og áherslur hjá Joe & the Juice.

**FORSTJÓRI KAFFITÁRS** og kollegar hennar spila þarna út þekktu spili, sem sumir myndu kalla útlendingsspilið, og gefa í skyn að Isavia sé að bregðast þjóð sinni. Rétt hefði verið að úthluta leiguplássum í fríhöfninni á þjóðernislegum forsendum.

Stjórnarmaðurinn er sem fyrr segir aðdáandi Kaffitárs, enda fyrirtækið eitt þeirra sem þakka má þá framúrskarandi kaffimenningu sem nú þrífst á Íslandi. Hann er þó ósammála því að sérstök þjóðernisrök eigi að ráða för þegar verslunarplássi er úthlutað.

**ÞESS UTAN** er hæpið að segja Kaffitár að einhverju leyti „íslenskara“ en til dæmis Joe & the Juice. Kaffitár er tiltölulega hefðbundin kaffihúsakeðja að erlendri fyrirmynd – stjórnarmaðurinn veit a.m.k. ekki til þess að hafin sé kaffibaunarækt í ylhúsum í Hveragerði. Með sömu rökum er hæpið að kalla Joe & the Juice „danska kaffihúsakeðju“, enda íslensk útgáfa þess ágæta staðar rekin af hérlendu rekstrarfélagi, með íslenska kennitölu og höfuðstöðvar, þótt félagið borgi vafalaust erlendu eignarhaldsfélagi mánaðarlegt leyfisgjald.

Við skulum því anda rólega, og fagna því að „alþjóðlegt stórfyrirtæki“ sækist eftir því að stunda viðskipti hér á landi.

## Að gleypa fréttatilkynningu

**STJÓRNARMANNINUM** hefur lengi þótt vanta ákafann í íslenska viðskiptablaðamenn, enda virðist nokkuð landlægt í þeirri ágætu stétt að sjá ekki skóginn fyrir trjánum.

Því kom honum ekki á óvart að sjá einfaldar fyrirsagnir á borð við „MP banki selur MP Pension Fund Baltic“, þegar greint var frá sölu MP banka á litháísku dótturfélagi sínu. Þarna vantaði að menn spyrðu sig hvers vegna bankinn losaði þessa erlendu eign sína, sem á tíma gjaldeyrishafta hlýtur að teljast nokkuð eftirsóknarverð.

Kannski hefði eðlilegri fyrirsögn verið eitthvað á þessa leið:

***„Vantar MP banka reiðufé?“***

**@stjornarmadurinn** Sigldur innherji með puttann á púlsinum. Stjórnarmaðurinn liggur ekki á skoðunum sínum um menn og viðskiptatengd málefni.


# Hammer Cardio þrekhjól

frábær leið til þrekþjálfunar heima



Nýttu tímann þinn vel og stundaðu þrekþjálfun heima þegar tækifæri gefst með þrekhjólunum frá Hammer. Margar góðar stillingar gera þér kleift að laga æfinguna að þínum þörfum. Frábær leið til að koma sér í betra form með lítilli fyrirhöfn - og veðrið úti skiptir ekki máli. Hjólin eru auðveld í uppsetningu, fyrirferðarlítil og með notendavænar stillingar.

**Þrekhjól Cardio XTR**

- Stærð 95x55x129 cm
- Þyngd 32 kg
- Hámarksþyngd notanda 130 kg
- Beltadrifið með 8 kg kasthjóli
- Þjálfunarálag 35-260 Wött
- Hentar vel til hjartaþjálfunar og hægt að stilla inn efri mörk hjartsláttar
- Er með púlsmæli í handföngum
- Skjár sýnir: vegalengd, tíma, hraða, snúninga/mín, hitaeiningar og púls

Þrekhjól Cardio XTR • verð kr. 95.000,- m.vsk.

**Þrekhjól Cardio X1**

- Stærð 86x48x135 cm
- Þyngd 22 kg
- Hámarksþyngd notanda 120 kg
- Beltadrifið með 5 kg kasthjóli
- 11 þjálfunarprógröm, þar af 4 hjartaþjálfunarprógröm
- Skjár sýnir: vegalengd, tíma, hraða, snúninga/mín, hitaeiningar og púls

Þrekhjól Cardio X1 • verð kr. 75.000,- m.vsk.

FASTUS_H_37.09.14

FASTUS

Veit á vandaða lausn

**Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# ÚTSALA Á FOLALDAKJÖTI

## Allt að 35% afsláttur!

25% afsláttur
ÍSLENSKT
1499 kr. kg
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
**Folaldagúllas**

25% afsláttur
ÍSLENSKT
1499 kr. kg
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
**Folaldasnitsel**

33% afsláttur
ÍSLENSKT
398 kr. kg
Verð áður ~~598~~ kr. kg
**Folaldahakk**

35% afsláttur
ÍSLENSKT
2198 kr. kg
Verð áður ~~3398~~ kr. kg
**Folaldapiparsteik**

25% afsláttur
ÍSLENSKT
3598 kr. kg
Verð áður ~~4798~~ kr. kg
**Folaldalundir**

25% afsláttur
ÍSLENSKT
2998 kr. kg
Verð áður ~~3998~~ kr. kg
**Folaldafille**

35% afsláttur
ÍSLENSKT
2198 kr. kg
Verð áður ~~3398~~ kr. kg
**Folaldainnralæri**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum




2 | KL. 21:10
**Grey's Anatomy**
Vinsælasta erlenda þáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur. Flókið einkalíf læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

# Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 20:05
**Heimsókn**
Sindri Sindrason lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði heima og erlendis.



2 | KL. 20:25
**Léttir sprettir**
Rikka ferðast um landið í nýjum þáttum sem fjalla um hollan mat, hreyfingu og heilsu.






2 | KL. 21:55
**Forever**
Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttarmeinafræðing, sem á sér afar langa fortíð. Hann getur nefnilega ekki dáið.

3 | KL. 20:35
**X-Factor UK**
Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir einstaklingar fá tækifæri til að slá í gegn.




Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 8 | | 2 | | |
| | | | 7 | | | | 3 | 6 |
| 9 | | 1 | 5 | | | | 4 | |
| | | | | 3 | 1 | | 7 | |
| | | | | 5 | | | | |
| 2 | 5 | | 4 | 6 | | | 8 | |
| | | 6 | 2 | | | 3 | 1 | |
| 8 | | | | 4 | | | | |
| | 2 | 5 | | | 6 | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | | | 3 | 7 |
| | | 3 | | | 2 | | 4 | 5 |
| | 7 | | | | | 2 | | |
| 5 | 8 | | 6 | 2 | | | 7 | |
| | 3 | | | | 9 | | | 2 |
| | 6 | | 8 | 7 | 1 | | 5 | |
| | | 6 | 1 | | | 9 | | |
| | | | 2 | | 5 | | | |
| 7 | | | 3 | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | | | | |
| | | 3 | | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| | 1 | | | 6 | 8 | | | 3 |
| | 5 | | | | | | 8 | |
| 7 | | 1 | | | | | | |
| 3 | 4 | | | | 9 | | | |
| 2 | 3 | | | | 4 | | | 5 |
| 1 | | | | 8 | | 7 | | |
| | | 8 | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 |
| 4 | 8 | 3 | 7 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 1 | 5 | 9 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 | 7 | 1 |
| 1 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 6 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 9 | 1 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 |
| 7 | 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 | 5 | 2 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 9 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 3 |
| 2 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 |
| 8 | 1 | 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 1 | 4 | 3 | 2 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Mundu að vera alltaf þú sjálfur. Nema þú sért ömurlegur.“**

*Joss Whedon.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** tilraunaupptaka, **6.** mannþyrping, **8.** framkoma, **9.** mjöl, **11.** í röð, **12.** húrra, **14.** kambur, **16.** átt, **17.** kirna, **18.** málmur, **20.** gyltu, **21.** ættarsetur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, **3.** hvort, **4.** sósa, **5.** þrá, **7.** sérgrein, **10.** lepja, **13.** op á ís, **15.** urmull, **16.** arinn, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** demó, **6.** ös, **8.** fas, **9.** mél, **11.** jk, **12.** bravó, **14.** spöng, **16.** sv, **17.** ker, **18.** tin, **20.** sú, **21.** óðal.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** ef, **4.** majónes, **5.** ósk, **7.** sérsvið, **10.** lap, **13.** vök, **15.** grúi, **16.** stó, **19.** na.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jón Árni Halldórsson (2.170) fann leið til að vinna mann snemma tafls gegn Sævari Bjarnasyni (2.095) í 3. umferð a-flokks Haustmóts.**
**Hvítur á leik:**



Sævar lék af sér með hinum eðlilega leik 13. ...0-0 og fékk nú yfir sig. **14. Rxe4 dxe4 15. a3!** Biskupinn er nú fallinn. Sævar gafst upp.
**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga hefst á morgun.




# Mjólk elskar Nesquik

## Meira kalk, fleiri vítamín, betra bragð!

Þú færð 33% meira kalk úr einu glasi af mjólk með Nesquik.







**ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON** „Þetta er bók sem virkar eins og tölvuleikur þannig að lesandinn stjórnar því alfarið sjálfur hvað gerist.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gamall bókaormur með lestrarátak

Ævar Þór Benediktsson, sem krakkar þekkja sem Ævar vísindamann, hrindir í dag af stað lestrarátaki í öllum grunnskólum landsins. Auk þess sendir hann á næstu dögum frá sér bók þar sem lesandinn ræður söguþræðinum sjálfur.

Þetta kom þannig til að í vor var ég beðinn að vera fundarstjóri á ráðstefnu í Gerðubergi, þar sem var verið að tala um læsi og bækur. Ég sat þarna og hlustaði og það var alveg sama hver fór í pontu, hvort það var bókasafnsfræðingur, rithöfundur eða kennari, allir tjáðu sig um það hvað áhugi á lestri hefði minnkað mikið hjá krökkum og þá sérstaklega strákum,“ segir Ævar Þór Benediktsson, betur þekktur sem Ævar vísindamaður, spurður hvernig það hafi komið til að hann hrinti af stað lestrarátaki sem hefst í dag meðal grunnskólabarna. „Ég hafði auðvitað heyrt þetta útundan mér, en ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað þetta var mikið mál fyrr en þarna.“

Ævar segist vera gamall bókaormur og að þetta hafi honum þótt óviðunandi ástand. „Ég fór að velta því fyrir mér hvort ég gæti ekki gert eitthvað til að bæta úr þessu. Nú er ég búinn að vera með þáttinn minn í sjónvarpi í nokkur ár þannig að krakkarnir vita hver ég er og það er nú einu sinni þannig að maður fær smá forskot þegar maður vill koma einhverju á framfæri ef þau þekkja mann. Fær svona sirka tíu sekúndur af athygli áður en þau fara að gera eitthvað annað.“

Ævar réðst þó ekki í framkvæmd hugmyndarinnar strax, var önnum kafinn við að skrifa nýju seríuna um Ævar vísindamann og síðan taka hana upp, en hugmyndin lét hann ekki í friði. „Í sumar fór ég svo að vinna í þessu átaki, sem hljómaði voðalega einfalt í höfðinu á mér, en ég er eiginlega búinn að vera í fullu starfi í tvo mánuði við að koma þessu í framkvæmd. Og til þess hef ég þurft að nýta alla þá vinargreiða sem ég átti inni, svo nú er ég nánast búinn með þann kvóta. Ég á enn þá vini, en nú eiga þau inni hjá mér í staðinn.“

Átakið gengur þannig fyrir sig að fyrir hverjar þrjár bækur sem börnin lesa fylla þau út miða sem verða sendir til Heimilis og skóla í gegnum skólabókasöfnin og verða að lokum fimm nöfn dregin úr pottinum. Þessi börn fá það í verðlaun að verða gerð að persónum í nýrri ævintýrabók um bernskubrek Ævars vísindamanns, sem kemur út næsta vor hjá Forlaginu. „Það verður alltaf að vera einhver gulrót til að ýta fólki af stað og mér fannst það skemmtilegur vinkill að fá að vera karakter í bók.“

Meðfram átakinu er Ævar að senda frá sér nýstárlega sögubók, Þína eigin þjóðsögu, fyrir börn. „Sögusviðið í Þín eigin þjóðsaga er heimur íslensku þjóðsagnanna og lesandinn ræður ferðinni. Í bókinni eru yfir 50 mismunandi endar, sem þýðir að þú getur lesið hana nánast endalaust oft og aldrei lesið sömu söguna,“ segir hann. „Þetta er bók sem virkar eins og tölvuleikur þannig að lesandinn stjórnar því alfarið sjálfur hvað gerist. Hann sogast inn í heim íslensku þjóðsagnanna og getur þar átt í samskiptum við hin ýmsu kvikindi og karaktera sem hann þekkir. Oft verður maður pirraður við lestur og finnst karakterarnir taka asnalegar ákvarðanir en í þessari bók stjórnar lesandinn því alfarið hvaða ákvarðanir þeir taka. Þannig að ef sagan endar hræðilega getur hann engum kennt um nema sjálfum sér. En það góða er að þú getur alltaf flett til baka og byrjað upp á nýtt ef þú tekur ranga ákvörðun svo ef þú vilt að allt endi vel þá stjórnar þú því.“

> **Krakkarnir vita hver ég er og það er nú einu sinni þannig að maður fær smá forskot þegar maður vill koma einhverju á framfæri ef þau þekkja mann.**

Auk þess að leika Ævar vísindamann í sjónvarpinu og skrifa bók í hans nafni hefur Ævar verið að leika í Þjóðleikhúsinu undanfarin fjögur ár. Hann er nú kominn í frí frá leikhúsinu í bili. „En í staðinn fyrir að slaka á ákvað ég að gefa í og framkvæma eitthvað af þeim hugmyndum sem hausinn á mér er fullur af.“

fridrikab@frettabladid.is

# Við sjálf og þeir sem við elskum

Ingibjörg Guðjónsdóttir syngur ljóðaflokkinn Á eynni þeirri eftir W.H. Auden í þýðingu Trausta Ólafssonar í Hannesarholti 2. október. Tónlistin er eftir Britten.

„Þessi músík hefur svo margar víddir. Ég get ekki lýst henni á fræðilegan hátt en hún er sterkt og hrífandi verk,“ segir Trausti Ólafsson, leiklistarfræðingur, kennari og þýðandi, um tónlist Benjamíns Britten við ljóðaflokkinn Á eynni þeirri eftir W.H. Auden. Trausti hefur þýtt ljóðin og nú mun Ingibjörg Guðjónsdóttir sópransöngkona syngja þau við undirleik Arnhildar Valgarðsdóttur í Hannesarholti annað kvöld.

Trausti kveðst hafa gert tvær atrennur að þýðingunni, þá seinni sérstaklega svo hún félli vel að tónlistinni. Hann líkir útkomunni við fallegt hjónaband. En hver er eyjan? „Mér finnst hún vera við sjálf og þeir sem við elskum. Allur heimurinn, hafið, litbrigðin og hringrás vatnsins. Það er ótrúleg stemning í þessu verki.“

Stundin í Hannesarholti hefst klukkan 20 annað kvöld, fimmtudag. Trausti mun þar einnig lesa þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar á ljóðinu Ferð til Íslands eftir Auden.

- gun



**FLYTJENDUR OG ÞÝÐANDI** Arnhildur, Trausti og Ingibjörg. MYND/ÚR EINKASAFNI


Á matseðli til
15. október
Kraftmikil ekta íslensk kjötsúpa
til að njóta á staðnum
Við afgreiðum súpuna
og aðra heita rétti
frá kl. 11:30
795,-
Frí ábót á súpuna (án kjöts) fylgir
Ljúktu deginum þínum í IKEA
Opnunartími í versluninni hefur verið lengdur til kl. 21 öll
kvöld, og til kl. 20.30 á veitingastaðnum. Verslaðu í ró og næði
og njóttu ljúffengs kvöldverðar á góðu verði áður en haldið er heim.
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2014

## Snigill og flygill

Tíu glæný lög eftir **Michael Jón Clark** við skopleg og myndræn ljóð Þórarins Eldjárns verða frumflutt í Hömrum, Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í hádeginu á föstudag. Þeir hefjast klukkan 12. Flytjendur eru Michael Jón baritón og Daníel Þorsteinsson píanóleikari.



Þetta eru fyrstu tónleikar í röðinni Föstudagsfreistingar á vegum Tónlistarfélags Akureyrar. Þeir bera yfirskriftina Snigill og flygill og þess má geta að myndum Sigrúnar Eldjárn verður varpað á tjald.

Veitingastaðurinn 1862 Nordic Bistro framreiðir súpu sem tónleikagestir geta notið og er hún innifalin í miðaverði. **- gun**

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Smásögur og örsögur um allt

Lestrarhátíð í Bókmenntaborg verður sett í þriðja sinn í dag. Smásögur og örsögur eru í fyrirrúmi og boðið upp á upplestra, ritsmiðjur, sýningar, sköpunarsmiðjur og málþing. Síðasta vikan verður síðan pólsk vika.

Þetta er í þriðja sinn sem við höldum Lestrarhátíð í Bókmenntaborg og í þetta sinn er áherslan á smásögum og örsögum,“ segir Lára Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri Reykjavíkur bókmenntaborgar. Lestrarhátíðin hefst á Blómatorginu í Kringlunni með setningu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra í dag klukkan 11.30 og stendur út októbermánuð. „Kringlan er miðpunktur hátíðarinnar að þessu sinni og þar mun fólk rekast á örsögur á hinum ólíklegustu stöðum,“ segir Lára. „Til dæmis á stigahandriðum, í lyftum, á gluggum og speglum. Það er áframhald á því sem við byrjuðum á með ljóðin í fyrra, að færa bókmenntirnar til fólksins.“

Í tilefni hátíðarinnar kemur út nýtt smásagnasafn, Eins og Reykjavík, en í því eru 26 sögur eftir ólíka höfunda sem allar tengjast Reykjavík á einhvern hátt og valdar hafa verið af Þórarni Eldjárn. Eins og Reykjavík er gefið út af eBókum og geta lesendur nælt sér í frítt eintak til 15. október á vef eBóka. Við setningu Lestrarhátíðar mun Ari Eldjárn lesa upp úr smásagnasafninu og bregða á leik. Nestisboxið á vef Bókmenntaborgarinnar verður einnig opnað í fyrsta sinn en í því birtist ný smásaga á hverjum degi út hátíðina. Reykjavíkurdætur flytja sögur á sinn lifandi og litríka hátt og síðan gefst gestum tækifæri til að ganga um Kringluna og lesa örsögur.

„Sögur birtast í ólíkum formum og gerðum í október. Sögur munu lýsa upp haustmyrkrið, gleðja okkur í Kringlunni eða heilla í heita pottinum. Skólarnir munu iða af sögum í október og eitthvað ferðast sögur á milli þeirra. Jafnvel verður hægt að hlýða á örsögur þegar hringt er í þjónustuver Reykjavíkurborgar því skáldin Kristín Ómarsdóttir og Óskar Árni Óskarsson hafa lesið upp nokkrar af sögum sínum sem hægt verður að hlusta á meðan beðið er eftir svari þjónustufulltrúa. Allir geta síðan kíkt í Nestisboxið á vef Bókmenntaborgarinnar þar sem ein ljúffeng saga verður birt á hverjum degi októbermánaðar, nógu stutt til að hægt sé að njóta í matartímanum,“ segir Lára.

Börnin fá að venju sitt á Lestrarhátíð í ár og verður Vatnsmýrin iðandi af lífi frá 4. október þegar sýningin Páfugl úti í mýri verður opnuð í tengslum við Barnabókahátíðina Mýrina. Sýningin, sem er nýstárlegt ævintýraland sem má snerta og skoða, er sköpuð af þeim Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur myndlistarmanni og Davíð Stefánssyni skáldi í samstarfi við Norræna húsið. Sýningin er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Í tengslum við Lestrarhátíð verður boðið upp á fjölbreyttar ritsmiðjur bæði opnar og lokaðar þar sem áhugasamir geta spreytt sig í sagnagerð. Lára segir sérstaklega vert að benda á sköpunarsmiðju fjölskyldunnar sem verður í Norræna húsinu í tengslum við sýninguna Páfugl úti í mýri en þar mun smiðjustjórinn Davíð Stefánsson leiðbeina fjölskyldum í sagnagerð.



**LÁRA AÐALSTEINSDÓTTIR** „Sögur munu lýsa upp haustmyrkrið, gleðja okkur í Kringlunni eða heilla í heita pottinum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lestrarhátíð lýkur svo á pólskri viku þar sem kastljósinu er beint að pólskum smásögum. Vikan hefst með leshring þar sem þrjú pólsk skáld og verk þeirra verða kynnt til leiks. Öll eiga það sameiginlegt að flétta aðra heima inn í verk sín og því kallast þau á við Furður í Reykjavík. Hinn 28. október verður dagskrá með pólsku skáldunum Piotr Pazinwski og Ziemowit Szczerek og íslensku skáldunum Kristínu Eiríksdóttur, Halldóri Armand Ásgeirssyni og Þórarni Eldjárn þar sem þau lesa upp úr sögum sínum og ræða smásagnaformið.

> **Það er áframhald á því sem við byrjuðum á með ljóðin í fyrra, að færa bókmenntirnar til fólksins.**

Öll dagskrá hátíðarinnar verður aðgengileg á vef Bókmenntaborgarinnar bokmenntaborgin.is frá og með deginum í dag.

**fridrikab@frettabladid.is**

LOK Á HEITA POTTA



Lok til á lager:
Stærðir:
174x217 cm
200x200 cm
210x210 cm
217x217 cm
220x220 cm
217x235 cm
235x235 cm
8 hyrnd lok, (passar á Unaðskel)

Lokin þola 1.000 kg snjóþunga.

HITAVEITUSKELJAR
1250 - 1600 LÍTRAR



HEITIRPOTTAR.IS
SÍMI 777 2000

FISKIVIKA
MÁNUDAG TIL LAUGARDAGS

ALLUR FISKUR ÚR FISKBORÐI
EITT VERÐ
1.590 kr.kg

TIL DÆMIS:
ÞORSKHNAKKAR
GELLUR
LAXAFLÖK
RAUÐSPRETTUFLÖK
REYKT ÝSUFLÖK
BLEYKJUFLÖK
ALLIR FISKRÉTTIR
ÝSUFLÖK OG FLEIRRA
EITT VERÐ 1.590 kr.kg

GRÍPTU TILBOÐIN

FISKIBOLLUR
2 FYRIR 1
2 kg
1.590 kr

SKÖTUSTAPPA
AÐ HÆTTI FISKIKÓNGSINS
3.990 kr.kg



FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
HÖFÐABAKKA 1
Sími 587 7755

www.fiskikongurinn.is
Finndu Fiskikónginn á f

# BÓKTÓBER!




**Verð: 4.699,-**
Náðarstund




**Verð: 2.499,-**
Leikur hlæjandi láns




OKT. BÓK MÁNAÐARINS

**Vildarverð: 3.199,-**
Verð áður: 3.999
Handan minninga




**Verð: 3.299,-**
Avintýraferð fakírsins




**Verð: 3.299,-**
Sögusafn bóksalans




**Verð: 3.299,-**
Lífið að leysa




**Verð: 2.499,-**
Mörður







**Verð: 2.799,-**
Óvættaför 16 - Kímon




**Verð: 2.999,-**
Örleifur og hvalurinn




**Verð: 3.999,-**
Rottuborgari


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Leifsstöð

PENNINN Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Afmælishátíð 6 ára




VEXTIR 0%*

## KAUPTU NÚNA

og dreifðu greiðslunni á 12 mánuði, vaxtalaust.*

MasterCard VISA

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi. Kaupandi þarf að undirrita áætlunina til að staðfesta útreikninginn.



Paris-stóll

*Stóll með svartri setu úr plasti og hvíttuðum eikarfótum. 19.900 kr. NÚ 15.920 kr.*



Old-veggklukka

*Svört veggklukka. 82,5 cm. 14.995 kr. NÚ 11.996 kr.*



Simply flower-sængurver

*Sængurver með mynd af blómi. 140 x 200/60 x 63 cm. Hannað af Lone Stokholm. 13.995 kr. NÚ 11.196 kr.*



Sub-gólflampi

*Gólflampi. Ø 32 cm. 59.995 kr. NÚ 47.996 kr.*

# Lukkuhjól

## Þeir sem versla snúa hjólinu




Love is

*Grár eða svartur púði 40 x 60 cm. 6.995 kr. NÚ 5.596 kr.*
*Ábreiða. 130 x 170 xm. 11.995 kr. NÚ 9.596 kr.*

# Frí heimsending um allt land

ef verslað er fyrir 45.000 eða meira og greitt í dag






Carlton dun-sófi

*Þriggja sæta sófi. L 218 cm. Verðflokkur A3. 249.900 NÚ 199.920 kr.*

# Afmæliskaka og djús eða kaffi í boði ILVA



Kobe-loftljós

*Glært, hvítt, blátt, reyklitað eða bleikt loftljós. 30 cm. 34.995 kr. NÚ 27.996 kr.*




*Nýr bæklingur*



Dolor-karfa

*Vírkarfa úr kopar. H 35 cm. 7.995 kr. NÚ 6.396 kr.*
*H 45 cm. 9.995 kr. NÚ 7.996 kr.*

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online

# Köflóttar flíkur voru áberandi á tískuvikunni í París um helgina

Tískuvikunni í París lýkur í dag. Þó að fötin á pöllunum séu aðalatriðið er götutískan oft ekkert síðri.


FALLEGUR KÖFLÓTTUR KJÓLL Í ANDA MCQUEEN


PEYSAN OG PILSIÐ ERU TÖFF SAMAN


FLOTT Í KÖFLUM VIÐ KÖFLÓTT


VÍNRAUÐUR OG DÖKKBLÁR ERU ALLTAF GÓÐ BLANDA


BERLEGGJUÐ VIÐ KÖFLÓTTAN JAKKA

SIGRÍÐUR THORLACIUS
RAGNHEIÐUR GRÖNDAL
FRIÐRIK ÓMAR
MAGNI ÁSGEIRSSON
SIGGA BEINTEINS

RUMOURS
TIL HEIÐURS
FLEETWOOD MAC
MEISTARAVERKIÐ RUMOURS Í HEILD SINNI OG ÖLL BESTU LÖGIN AÐ AUKI
DON'T STOP · DREAMS · GO YOUR OWN WAY · SONGBIRD · SECOND HAND NEWS · LITTLE LIES · ALBATROSS
BLACK MAGIC WOMAN · EVERYWHERE · SEVEN WONDERS · GYPSY · BIG LOVE · TUSK · RHIANNON OG FLEIRI

ELDBORG FÖSTUDAGINN
31. OKTÓBER

EINAR SCHEVING TROMMUR OG SLAGVERK EIÐUR ARNARSSON BASSI
SIGURÐUR FLOSASON SAXÓFÓNN OG SLAGVERK KJARTAN VALDEMARSSON HLJÓMBORÐ
ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON GÍTAR UNNUR BIRNA BJÖRNSDÓTTIR HLJÓMBORÐ OG SÖNGUR

MIÐASALA Á MIDI.IS OG HARPA.IS
OG Í MIÐASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050

EKKI MISSA AF ÞESSUM EINSTAKA VIÐBURÐI

# Fjölbreytt markmið í Meistaramánuði

Október er mánuður meistaranna. Markmiðin þátttakenda eru af öllum toga.

Meistaramánuður hefst í dag en í honum skora þátttakendur sjálfa sig á hólm og setja sér persónuleg markmið. Markmiðin eru af ýmsu tagi; allt frá því að huga betur að heilsunni og hreyfa sig meira yfir í að rækta betur vini og fjölskyldu, fara fyrr á fætur eða lesa fleiri bækur. Rannsóknir sýna að það taki 30 daga að koma sér upp nýjum venjum. Fjölmargir hafa skráð sig til leiks og Fréttablaðið fékk nokkra þátttakendur í mánuðinum til þess að segja frá sínum markmiðum.



### → Stunda jóga eins og vindurinn

„Ég ætla að fara á fætur klukkan sjö og eiga alls konar huggulegar morgunstundir. Svo ætla ég að prófa veganmataræðið sem verður mesta áskorunin þar sem Steinþór ætlar að taka paleo og verður skellandi einhverjum grasfóðruðum steikum á pönnuna daginn út og inn,“ segir hún og vísar í kærasta sinn, Steinþór Helga Arnsteinsson, sem einnig tekur þátt. „Svo ætla ég að vera algjör Jógi björn og halda áfram að stunda jóga eins og vindurinn.“

**BERGLIND PÉTURSDÓTTIR**
DANSARI



### → Elda nýja rétti og gefa blóð

„Ég ætla að einbeita mér að því að borða hollt og á réttum tíma. Svo hef ég sett mér það takmark að fara þrisvar sinnum í ræktina í viku. Ég ætla að reyna að lesa þrjár bækur og hætta að skoða símann eftir að ég er komin inn í svefnherbergi. Einnig ætla ég að taka mig á í eldhúsinu og elda einn rétt í viku sem ég hef ekki eldað áður. Svo ætla ég að gefa blóð og muna að taka nótu fyrir öllu sem ég kaupi.“

**HULDA HALLDÓRA TRYGGVADÓTTIR**
STÍLISTI



### → Drekka meira vatn og rækta vináttuna

„Ég ætla að drekka meira vatn á hverjum degi, reyna að ná tveimur lítrum á dag. Ég ætla líka að fara á þriggja daga djúskúr og reyna að djúsa einu sinni í viku í framhaldi af því,“ Hún ætlar líka að vera dugleg að rækta samskipti við fjölskyldu og vini. „Ég ætla að bjóða vinum og fjölskyldu oftar heim í bröns eða kvöldmat.“

**ÁSA OTTESEN,**
MARKAÐSFULLTRÚI HJÁ TE OG KAFFI



### → Sleppa sykri og áfengi

„Ég ætla að rækta vini mína. Síðan ætla ég að lesa allavega eina bók og taka tölvuna mína aldrei með upp í rúm.

Ég ætla líka að sleppa sykri, hreyfa mig allavega í 30 mínútur á dag og sleppa öllu áfengi.“

**ANÍTA ELDJÁRN** LJÓSMYNDARI



### → Fara snemma að sofa

„Ég ætla að reyna að vera meiri svona „hipster“, meira svona „analog“ í október. Út með skyndibitann og elda heima. Ég ætla að halda tölvu/snjallsímanotkun í lágmarki (kannski lesa bók!) og fara snemma að sofa. Svo með áfengið, þá verður það í hæsta lagi einn og einn hipsterabjór frá Borg.“

**JÓN ÞÓR FINNBOGASON** TROMMARI



### → Ólympískar lyftingar

„Markmiðin fyrir Meistaramánuð í ár eru þau að ég ætla á námskeið í ólympískum lyftingum. Takmark mitt síðustu þrjú ár er að geta troðið í körfu. Ég hef hins vegar aldrei verið nær takmarki mínu og trúi að ólympísku lyftingarnar séu það sem þarf til að skjóta mér upp í hæðir sem ég etti ekki að ná sökum genetískrar ólukku. Ég ætla líka að elda meira.

**ATLI FANNAR BJARKASON,**
RITSTJÓRI NÚTÍMANS

# tími fyrir sögu

**Lestrarhátíð í Bókmenntaborg** er haldin í október ár hvert, og nú í þriðja sinn. Taktu þátt, kíktu í Nestisboxið og kynntu þér dagskrána.

Allar nánari upplýsingar á **bokmenntaborgin.is.**

**Gleðilega lestrarhátíð!**

DYNAMO REYKJAVÍK

LESTRARHÁTÍÐ

Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO

www.bokmenntaborgin.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EQUALIZER | KL 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| THE EQUALIZER LÚXUS | KL 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE NOVEMBER MAN | KL 10.15 | 16 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 3.30 - 5.45 - 8 | 12 |
| LET´S BE COPS | KL 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EQUALIZER | KL 6 - 10.15 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 9 | 14 |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE EQUALIZER | 8, 10:40 | 16 |
| WALK AMONG TOMBSTONES | 5:45, 8, 10:20 | 16 |
| MAZE RUNNER | 5:40, 8, 10:20 | 12 |
| PÓSTURINN PÁLL 2D | 6 | L |

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AFINN | KL. 5:40 - 6:30 - 8 - 9 - 10:20 | L |
| AFINN VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| IF I STAY | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 6:20 - 9 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:30 | 16 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 5:50 | 10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IF I STAY | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:30 - 8 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:30 | 16 |
| NINJA TURTLES | KL. 2D: 5:40 3D: 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IF I STAY | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| AFINN | KL. 8 - 10:20 | L |
| THE EQUALIZER | KL. 8 - 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IF I STAY | KL. 8 | 12 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 10:20 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
SAMbio.is


# Gagnrýnir Beyoncé

Söngkona Eurythmics, **Annie Lennox**, gagnrýndi femínistatjáningu söngkonunnar Beyoncé í viðtali um daginn. Hún sagði að henni þætti framkoma hennar á MTV-hátíðinni yfirborðsleg og innantóm. „Ekki misskilja mig, mér finnst hún frábær, en ég væri til í að setjast niður með henni og ræða þetta við hana. Reyndar væri ég til í að ræða við fleiri tónlistarmenn í dag,“ sagði hún. „Ég veit að nekt selur og það er ekkert að því, en þegar markhópurinn er sjö ára börn þá er það ekki í lagi.“



- asi




**NÝBÖKUÐ HJÓN** George Clooney og Amal Alamuddin prýða forsíðu Hello!.

# Fyrsta brúðkaupsmyndin

Nýbökuðu hjónin George Clooney og Amal Alamuddin prýða forsíðu tímaritsins People sem kemur í verslanir vestan hafs í dag. Inni í tímaritinu eru síðan 25 myndir úr brúðkaupi hjónanna sem fór fram í Feneyjum um síðustu helgi.

George og Amal voru gefin saman á glæsilegu hóteli, Aman Canal Grande Venice, og voru gestirnir um hundrað talsins. Aðspurður um hjónabandið segir George að það „sé ansi hreint frábært“, í samtali við tímaritið.

# Sætu stelpurnar eiga ekki að bera kylfur

**BAKPANKAR**
Viktoríu Hermannsdóttur



Í vikunni bárust fréttir af því að uppboði á námsmeyjum í Verslunarskóla Íslands hefði verið hætt.

**LÍKLEGA** ráku margir upp stór augu líkt og ég við þessar fréttir. Ekki af því að verið væri að láta af hefðinni, heldur að hún hafi verið til yfirhöfuð. Hefðin var í grófum dráttum sú að stúlkur innan skólans voru boðnar upp sem kylfuberar fyrir árlegt golfmót og þær sem þóttu álitlegastar fengu svo þann vafasama heiður að bera kylfur fyrir eldri bekkinga skólans.

**ÞAÐ** þarf kannski engan að undra að enn sé töluverður launamunur milli kynjanna þegar litið er til þess, að þessi tiltekna kylfuberahefð hafi verið við lýði allt þar til í ár. Útskrifaðir nemendur úr Verslunarskólanum hafa væntanlega farið með þá hugmynd út í lífið að ekkert óeðlilegt væri við það að sætustu stelpurnar bæru kylfurnar fyrir þá. Samfélagslega viðurkennd hefð þó ekki hafi farið mikið fyrir henni.

**EF** nánar er að gáð er kannski ekki skrýtið að þetta hafi enn verið í gangi. Þegar ég var í skóla hófst nefnilega fegurðargreiningin strax í barnaskóla. Kosið var um fegurstu nemendurna; þá sem höfðu fallegustu einstöku líkamspartana eða besta brosið. Ég veit ekki hvernig þessu er háttað í dag en þegar maður hugsar til baka þá er einkennilegt að yfirhöfuð sé verið að velja þá sem fallegastir eru í barnaskóla.

**MARGT** hefur breyst undanfarin ár. Einu sinni þótti til dæmis töff að taka þátt í fegurðarsamkeppni en í dag þykir mörgum það tímaskekkja. Þarna er líklega femínistabarátta undanfarinna ára að skila sér. Kynslóðin sem nú fetar menntaskólaveginn er nefnilega talsvert meðvitaðri um jafnrétti kynjanna en kynslóðirnar á undan.

**FEMÍNISTAFÉLÖG** eru starfrækt í fjölda framhaldsskóla og þar eru frábærar fyrirmyndir sem láta ekki bjóða sér það að fólk sé dregið í dilka eftir fegurð; eða gerir allavega athugasemdir við það.

**ÉG** vona að kynslóðin sem er í framhaldsskóla núna útrými launamun kynjanna. Þarna er nefnilega fólk með bein í nefinu sem veit að sætustu stelpurnar eiga ekki að vera kylfuberar fyrir einn eða neinn.

# Áróðursmaskínan að verki

KVIKMYNDIR
★★★★☆




**Heiti: The War You Don't See**

**LEIKSTJÓRI:** John Pilger

**ROTTEN TOMATOES: 92%,**

**IMDB: 8,3, METACRITIC: EKKI TIL**



Breski blaðamaðurinn John Pilger hefur flutt fréttir frá fjölmörgum stríðssvæðum í hátt í aldarhelming. Myndin hans The War You Don't See frá 2010 er byggð á reynslu hans en hún fjallar um hlutverk fjölmiðla í stríði. Pilger stiklar á stóru en fókusinn er aðallega á stríðunum í Írak, Afganistan og átökunum milli Ísraels og Palestínu.

Pilger færir greinargóð rök fyrir því hvernig fréttir um stríðsrekstur Vesturlanda eru brenglaðar af áróðursmaskínum. Honum tekst vel að sýna hvernig Vesturlandabúar fá glansmynd af þessum stríðum og hann stendur margar stærstu fréttaveitur Vesturlanda að því að enduróma útskýringar og afsakanir háttsettra stjórnmálamanna án þess að fara frekar í saumana á þeim.

Þó að myndin sé ekki mjög faglega sett upp og virki frekar eins og sjónvarpsmynd þá er þetta afar áhugaverð úttekt á vestrænum fjölmiðlum og „hinu dulda stríði“. Pilger er svo harður í viðtölum að allir blaðamenn ættu að taka hann sér til fyrirmyndar, sérstaklega íslenskir, enda er orðin lenska hér á landi að blaðamenn sýni litla hörku og leyfi pólitíkusum að valta yfir sig í viðtölum. Undir lok myndarinnar vitnar Pilger í hin fleygu orð blaðamannsins Cockburns: „Aldrei trúa neinu fyrr en því hefur verið neitað opinberlega.“

Þórður Ingi Jónsson





DAGSKRÁ RIFF
MIÐVIKUDAGURINN 1.10
Allar upplýsingar á riff.is

| TÍMI | STAÐUR | MYND |
|---|---|---|
| 13:30 | Bíó Paradís 1 | Virunga |
| 13:30 | Bíó Paradís 2 | Spígsporað |
| 14:00 | Bíó Paradís 3 | Framleitt samþykki: Noam Chomsky og fjölmiðlar |
| 15:30 | Bíó Paradís 1 | Difret |
| 15:30 | Bíó Paradís 2 | List og handíðir |
| 17:00 | Bíó Paradís 3 | Maputo. Draumur á kostnaðarverði |
| 17:30 | Bíó Paradís 1 | Nakin |
| 17:30 | Bíó Paradís 2 | Los Angeles vatn Q&A |
| 18:00 | Háskólabíó 2 | Heimurinn |
| 18:00 | Háskólabíó 3 | Sumarnætur |
| 18:00 | Tjarnarbíó | Íslenskar stuttmyndir 1 |
| 18:30 | Bíó Paradís 3 | Thulethuvalu Q&A |
| 19:30 | Bíó Paradís 2 | Hættulegur leikur Q&A |
| 20:00 | Bíó Paradís 1 | Allt á hvolfi |
| 20:00 | Háskólabíó 2 | Bonobo Q&A |
| 20:00 | Háskólabíó 3 | Mannætuöldin |
| 20:00 | Norræna húsið | Marmato |
| 20:00 | Tjarnarbíó | Gullna eggið A |
| 20:45 | Bíó Paradís 3 | Straumröst Q&A |
| 21:45 | Bíó Paradís 2 | Gengið neðansjávar |
| 22:00 | Háskólabíó 2 | Maísey |
| 22:00 | Háskólabíó 3 | Í náðinni |
| 22:00 | Tjarnarbíó | Íslenskar stuttmyndir 3 |
| 22:45 | Bíó Paradís 3 | Ég get hætt þegar ég vil |
| 23:00 | Bíó Paradís 1 | Beðið fram í ágúst |
| 23:30 | Bíó Paradís 2 | Morgunroði |

SÉRVIÐBURÐIR

| | | |
|---|---|---|
| 13:00 | Hátíðarsalur HÍ | Meistaraspjall með Mike Leigh. Ókeypis! |
| 17:00 | Norræna húsið | Umræður: Rússland og átökin í Úkraínu |
| 19:30 | Salurinn í Kópavogi | Kvikmyndatónleikar: Sólstafir með Hrafninn flýgur |

BONOBO



Judith er fráskilin, uppskrúfuð kona á miðjum aldri sem sýnir því engan skilning þegar dóttir hennar, Lily, hættir í laganámi og flytur inn í kommúnu utangátta hippa.

Reykjavík International Film Festival

Sýningarstaðir:
HÁSKÓLABÍÓ, BÍÓ PARADÍS, TJARNARBÍÓ og NORRÆNA HÚSIÐ




**ÓSÁTTUR TD JAKES** predikar við risakirkju.

# Ósáttur við rappara

Presturinn TD Jakes segir að rappararnir Young Jeezy og Kendrick Lamar hafi notað í óleyfi bút úr messu eftir hann í laginu Holy Ghost. Jakes, sem predikar við risakirkju eða það sem kallast „megachurch“, segir á Fésbókarsíðu sinni að hann hafi hvorki gefið leyfi fyrir notkun á ræðunni né vitað af því yfir höfuð.

Jakes segir að hann ætli að reyna að fá lagið úr spilun þar sem tónlistarmennirnir hafi notað hugverk hans í óleyfi. Sérfræðingur í höfundarréttarlögum hefur þó greint frá því við dagblaðið Daily News að rappararnir gætu haft góðan rökstuðning fyrir sanngjarnri og eðlilegri notkun á laginu, eða það sem kallast „fair use“, þar sem þeir séu að nota ræðubútinn til að leggja áherslu á „hlutverk trúarbragða í huga fólks“.

# SLASH

ÁSAMT

MYLES KENNEDY & THE CONSPIRATORS



## LAUGARDALSHÖLL
## LAUGARDAGINN
## 6. DESEMBER KL 20.00

### HLJÓMSVEITIN DIMMA HITAR UPP

**MIÐASALA HEFST Á MORGUN Á MIDI.IS**



## 3 DAGAR Í ÚRSLITALEIK OG



**MIÐASALAN** á úrslitaleikinn um Íslandsmeistaratitilinn hefst á morgun, en FH-ingar eru búnir að skipta upp stúkunum og fyrirkomulag við sölu miða á leikinn verður með sérstökum hætti. Miðaverðið á leikinn er 1.500 krónur. Börn 11 ára og yngri fá frítt í stæði í fylgd með fullorðnum. Foreldrar þurfa samt að sækja miða fyrirfram sökum takmarkaðs fjölda miða. Stjarnan fær úthlutað 1.000 miðum til sölu til sinna áhangenda frá og með deginum í dag. Almenn forsala hefst í Kaplakrika fimmtudagsmorguninn 2. október kl. 09.00 og er opin til kl. 19.00 fimmtudag og föstudag. Ber að athuga að fjöldi sæta í stúku eru einungis um 3.000 og heildarfjöldi miða í boði verður að hámarki um 6.000. Því er mikilvægt að tryggja sér miða í tíma en engin miðasala verður á leikdag.

## Fimm marka flugeldasýning á Parc des Princes

**FÓTBOLTI** Átta leikir fóru fram í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í gær en frönsku meistararnir í PSG urðu fyrstir til að leggja stórlið Barcelona að velli á tímabilinu þrátt fyrir að hafa verið án framherjans Zlatan Ibrahimovic sem er meiddur.

Chelsea vann sinn fyrsta sigur í riðlakeppninni er liðið vann Sporting í Portúgal, 1-0, með marki Nemanja Matic en Manchester City varð að sætta sig við jafntefli gegn AS Roma á heimavelli, 1-1. Þá spilaði Kolbeinn Sigþórsson allan leikinn er Ajax gerði 1-1 jafntefli gegn APOEL Nicosia á Kýpur. - esá



**FAGNAÐ** Marco Veratti skoraði fyrir PSG gegn Barcelona í gær en stjörnum prýtt lið Börsunga varð að sætta sig við tap í Frakklandi. AFP

## ÚRSLIT

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**E-RIÐILL**
**CSKA MOSKVA - BAYERN MÜNCHEN 0-1**
0-1 Thomas Müller, víti (22.)
**MANCHESTER CITY - ROMA 1-1**
1-0 Sergio Agüero, víti (4.), 1-1 Francesco Totti (23.).
**Staðan:** Bayern 6 stig, Roma 4, City 1, CSKA 0.

**F-RIÐILL:**
**PSG - BARCELONA 3-2**
1-0 David Luiz (10.), 1-1 Lionel Messi (11.), 2-1 Marco Verratti (26.), 3-1 Blaise Matuidi (54.), 3-2 Neymar (56).
**APOEL - AJAX 1-1**
0-1 Lucas Andersen (28.), 1-1 Gustavo Manduca (32.).
**Staðan:** PSG 4, Barcelona 3, Ajax 2, APOEL 1.

**G-RIÐILL:**
**SPORTING - CHELSEA 0-1**
0-1 Nemanja Matic (34.)
**SCHALKE - MARIBOR 1-1**
0-1 Damjan Bohar (37.), 1-1 Klaas-Jan Huntelaar (56.)
**Staðan:** Chelsea 4, Maribor 2, Schalke 2, Sporting 1.

**H-RIÐILL**
**SHAKHTAR DONETSK - PORTO 2-2**
**BATE BORISOV - ATHLETIC BILBAO 2-1**
**Staðan:** Porto 4, BATE 3, Shakhtar 2, Athletic 1.



**LANGPRÁÐUR SIGUR** Kári skoraði í 2-0 sigri Rotherham á Blackburn í ensku B-deildinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Kári skoraði fyrsta markið

**FÓTBOLTI** Kári Árnason skoraði sitt fyrsta mark fyrir Rotherham í ensku B-deildinni í gær er liðið vann 2-0 sigur á Blackburn.

Þetta var fyrsti sigur liðsins í deildinni í rúman mánuð en liðið er í sautjánda sæti með ellefu stig. Kári skoraði með skoti í teig eftir hornspyrnu strax á fimmtu mínútu.

Brighton og Cardiff gerðu 1-1 jafntefli en Aron Einar Gunnarsson spilaði allan leikinn í liði Cardiff sem er í þrettánda sæti deildarinnar með þrettán stig. - esá

# Sigurhefðin með FH-ingum

Gunnlaugur Jónsson segir að reynslan og hefðin verði með FH í liði gegn Stjörnunni í úrslitaleiknum um Íslandsmeistaratitilinn á laugardaginn. Hann segist dást að frammistöðu Garðabæjarliðsins í sumar.


Ingvi Þór Sæmundsson
sport@frettabladid.is




**FÓTBOLTI** Á laugardaginn ráðast úrslitin í Pepsi-deild karla þegar FH og Stjarnan mætast í Kaplakrika. Þetta er í fyrsta sinn í 13 ár sem Íslandsmótinu lýkur með hreinum úrslitaleik milli tveggja efstu liðanna og í fjórða skiptið á síðustu 18 árum sem slíkur leikur fer fram.

„Það er frábært að fá þennan úrslitaleik. Það er ekkert ósvipað að fara inn í svona leik og bikarúrslitaleik; þú færð engan annan séns,“ segir Gunnlaugur Jónsson sem þekkir það betur en flestir hvernig er að spila úrslitaleiki um Íslandsmeistaratitilinn.

Hann lék tvo slíka með ÍA á sínum tíma; gegn KR 1996 og ÍBV fimm árum seinna. Fréttablaðið fékk Gunnlaug, sem er þjálfari ÍA í dag, til að spá í spilin fyrir úrslitaleik FH og Stjörnunnar.

### Mikil hefð hjá FH

FH hefur verið á toppnum íslenskum fótbolta undanfarinn áratug, en Hafnarfjarðarliðið hefur ekki endað neðar en í 2. sæti síðan 2003. Sex Íslandsmeistaratitlar hafa unnist á þessum tíma, auk tveggja bikarmeistaratitla. Stjarnan hefur ekki enn landað stórum titli í karlaboltanum, en liðið tapaði í úrslitum bikarkeppninnar 2012 og 2013. Gunnlaugur segir að sigurhefðin gæti skipt sköpum á laugardaginn.

„Það er komin ofboðsleg hefð hjá FH. Kjarninn er búinn að vera þarna öll þessi ár, þeir hafa aldrei lent neðar en í öðru sæti, spilað bikarúrslitaleiki og unnið titla. Það er nánast einsdæmi í íslenskum fótbolta hversu vel þeir hafa haldið á spöðunum. Auðvitað skiptir það líka máli að leikurinn verður á þeirra heimavelli,“ sagði Gunnlaugur sem segir að FH-ingar séu orðnir öllu vanir.

„FH-ingar vita alveg hvernig á að undirbúa svona leiki og þeir hafa gert þetta svo oft áður. Þeir hafa það fram yfir Stjörnuna, líkt og við höfðum sigurhefðina fram yfir KR 1996,“ sagði Gunnlaugur.

> Það er ekkert ósvipað að fara inn í svona leik og bikarúrslitaleik; þú færð engan annan séns.
>
> *Gunnlaugur Jónsson*

Stjarnan er, líkt og FH, taplaus í deildinni, auk þess sem liðið fór langt í forkeppni Evrópudeildarinnar. „Ég dáist að frammistöðu Stjörnunnar í sumar,“ segir Gunnlaugur.

„Þetta er ótrúlega sterkt hjá þannig séð óreyndu þjálfarateymi. Þótt Rúnar Páll (Sigmundsson) hafi talsverða reynslu er þetta fyrsta tímabilið hans sem þjálfari í efstu deild. En hann og aðstoðarmenn hans hafa unnið stórkostlegt starf. Nú er bara spurning hvort þeir nái að klára þennan stóra leik.“

### Stjarnan þarf að stoppa Atla

Stjarnan er þó langt frá því að vera með reynslulaust lið. Veigar Páll Gunnarsson var til að mynda í lykilhlutverki þegar KR varð Íslandsmeistari 2002 og 2003. Gunnlaugur segir að ekki megi vanmeta mikilvægi hans: „Stjarnan hefur Veigar Pál og hann kynntist því að vinna titla með KR. Hann einn gæti sett stórt strik í reikning FH-inga á laugardaginn.“

Gunnlaugur sagði jafnframt að Atli Guðnason væri maðurinn sem Stjarnan yrði að stoppa, en Atli fór á kostum gegn Val í síðustu umferð; skoraði þrennu og átti stoðsendingu, og það á afmælisdaginn sinn.

„Atli Guðnason er klárlega maðurinn sem Stjarnan þarf að stoppa. En FH er með öflugt kantspil, vel samhæfða vörn og hafa Davíð Þór Viðarsson inni á miðjunni, en hann hefur spilað mjög vel í sumar. Það er þannig séð hvergi veikan hlekk að finna í FH-liðinu. Að sama skapi er Stjarnan með mjög sterkt lið þótt þeir sakni Michael Præst. Það kemur til með að reyna mikið á Þorra Geir Rúnarsson, ungan miðjumann Stjörnunnar, á sunnudaginn.“



### GULLNAR MINNINGAR GULLA



**29. september 1996**
ÍA vinnur 4-1 sigur á KR á Akranesvelli í hreinum úrslitaleik en KR nægði jafntefli til að vinna titilinn. Gunnlaugur Jónsson spilaði allan leikinn sem hægri bakvörður en hann byrjaði 8 af 18 leikjum ÍA.

**23. september 2001**
ÍA gerir 2-2 jafntefli við ÍBV á Hásteinsvelli í hreinum úrslitaleik og vinnur á markatölu. Gunnlaugur Jónsson spilaði allan leikinn sem miðvörður og tók við Íslandsbikarnum í leikslok en hann spilaði alla 18 leikina og var valinn leikmaður ársins í lok tímabilsins.

Gunnlaugur segir að það sé spennandi að sjá hvernig þjálfarar liðanna ætli að leggja leikinn upp. Hann gerir þó ekki ráð fyrir að liðin taki mikla áhættu í byrjun leiks.

„Það verður gaman að sjá hvernig þjálfarateymi Stjörnunnar kemur til með að skipuleggja liðið. Stjarnan hefur gert það áður í sumar að bakka aðeins aftar, þétta liðið og beita skyndisóknum, en þeir hafa mikinn hraða fram á við,“ sagði Gunnlaugur og hélt áfram:

„Báðir þessir þjálfarar (Rúnar Páll og Heimir Guðjónsson, þjálfarar FH) hafa unnið frábært starf í sumar. Heimir er reyndar hættur að koma manni á óvart – hann er orðinn það reyndur. Og ég veit að hann elskar þetta, að búa lið undir svona stórleiki,“ sagði Gunnlaugur að endingu.

# Handrið í stúku Kaplakrikavallar of lágt

Enn er unnið við lokafrágang stúkunnar á Kaplakrikavelli og verður handriðið fullgert í vetur.

**FÓTBOLTI** Handrið í stúku á Kaplakrikavelli uppfyllir ekki öryggiskröfur um lágmarkshæð eins og þær voru skilgreindar í samþykktum aðaluppdráttum byggingarinnar. Handriðið er 84 cm sem er sex sentímetrum of lágt. Handrið í stúku á Kaplakrikavelli, Kópavogsvelli og Samsungvellinum í Garðabæ eru öll undir lágmarkshæð handriða eins og hún er almennt skilgreind í byggingarreglugerð.

Erlendur Árni Hjálmarsson, forstöðumaður Fasteignafélags Hafnarfjarðar, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að enn sé unnið við lokafrágang stúkunnar á Kaplakrikavelli, þar með talið atriði er varði öryggis og aðgengismál. „Umrætt handrið er eitt af því sem verður fullgert nú í vetur,“ kom enn fremur fram í svari hans.

Nýlega hlaut áhorfandi á knattspyrnuleik alvarlega áverka er hann féll niður úr stúku á Þórsvelli á Akureyri eftir að hafa hallað sér fram yfir handriðið. Þó er handrið á Þórsvelli 120 cm og því 34 cm hærra en á Kaplakrikavelli.

Þess ber að geta að mæling Fréttablaðsins leiddi í ljós að hæð handriðs á Samsung-vellinum í Garðabæ er 87 cm en engin svör hafa borist frá bæjaryfirvöldum Garðabæjar við ítrekuðum fyrirspurnum Fréttablaðsins vegna málsins né heldur frá yfirvöldum í Kópavogsbæ en handrið í stúku á Kópavogsvelli er 100 cm að hæð.

Í grein 6.5.4 í byggingarreglugerð Mannvirkjastofnunar segir að „handrið stiga, stigapalla og svala skulu minnst vera 1,10 m að hæð“ en þó er ekki talað sérstaklega um stúkur eða áhorfendapalla í reglugerðinni.

Á laugardaginn fer fram leikur Stjörnunnar og FH í lokaumferð Pepsi-deildar karla en búist er við miklum fjölda á leikinn. Fullvíst er að umrædd stúka á Kaplakrikavelli verði fullsetin.

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að það sé í höndum byggingarfyrirvalda á hverjum stað að tryggja að mannvirkin uppfylli kröfur sem til þeirra eru gerðar. „Það er ekki í höndum KSÍ að gera slíka úttekt heldur þar til bærra yfirvalda sem fylgja því eftir að öryggiskröfur séu uppfylltar,“ segir Þórir. - esá



**KAPLAKRIKAVÖLLUR** Búist er við fjölmenni í Hafnarfjörðinn á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX


Trans - Atlantic í 10 ár
HIN
VILLTA
DULÚÐ
SRI LANKA
TÖFRANDI EYJA SEM Á ENGA SÍNA LÍKA
2-15 NÓVEMBER 2014
Stórkostleg náttúra, einstakt mannlíf og forn menning.
Upplifðu fjölbreytt dýralíf í safaríferðum um þjóðgarða
eyjunnar, þar sem sjá má fílahjarðir, hlébarða, krókódíla,
• buffala, apa, slöngur og einstakt
• fuglalíf. Við heimsækjum:
• Habarana
• Pennawela Elephant Orphanage
• Dambulla
• Rock Temple
Polonnaruwa
Flug, allir skattar og gjöld
Gisting með morgunmat og hálfu fæði
Allur akstur samkvæmt dagskrá
Aðgangseyrir á viðkomustöðum
Ferð á fílsbaki
Menningarsýning í Kandy að kvöldlagi
Íslensk fararstjórn
Kynntu þér málið á transatlantic.is
og í síma 588-8900
Vild
ICELANDAIR
Trans - Atlantic



EIN AF ÍSLENSKU HETJUNUM Jón Daði Böðvarsson er búinn að skora 5 mörk fyrir Viking. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# ÍSLENSKA MARKAMETIÐ ER FALLIÐ

## Íslenskir knattspyrnumenn eru búnir að skora 62 mörk í norsku úrvalsdeildinni í ár

**FÓTBOLTI** Fyrsta mark Hólmars Arnar Eyjólfssonar fyrir Rosenborg um síðustu helgi var ekki aðeins tímamótamark fyrir hann sjálfan heldur bætti hann með því íslenska markametið í erlendri deild. Íslensku mörkin eru nú orðin 62 talsins í Tippeligaen 2014 en Hólmar Örn varð fimmtándi íslenski knattspyrnumaðurinn sem skoraði í norsku deildinni á þessu tímabili.

Gamla metið var varla orðið kalt því íslenskir leikmenn skoruðu 61 mark í hollensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð. Þetta met hefur því fallið tvisvar sinnum á sjö mánuðum en hafði áður lifað í tæp sextán ár.

Afrek íslenskra leikmanna í Noregi eru afar áberandi á topplistanum eins og sjá má að 8 af 10 markahæstu tímabilum íslenskra leikmanna í erlendri deild voru tímabil í norsku úrvalsdeildinni. Íslendingar hafa verið í algjörum sérflokki af erlendum leikmönnum í norsku deildinni í ár en Ísland er með tvöfalt fleiri mörk en Danmörk sem er í 2. sæti í markakeppni erlendra leikmanna.

Alfreð Finnbogason fór fyrir íslenska metárinu í fyrravetur en hann skoraði þá 29 mörk fyrir Heerenveen. Það er það mesta sem íslenskur leikmaður hefur skorað á tímabili en Viðar Örn Kjartansson fær fimm leiki til viðbótar til að verða sá fyrsti í 30 mörkin.

Íslenska markametið féll tvisvar á árinu 2014 en eftir nokkur íslensk mörk til viðbótar í norsku deildinni er ekki ólíklegt að það met haldist óhaggað í mörg ár. Uppgangur íslenskra fótboltamanna er hins vegar það kraftmikill að hver veit nema metið verði aftur í hættu á næstu árum.

ooj@frettabladid.is

### FLEST ÍSLENSK MÖRK Á EINU TÍMABILI Í ERLENDRI DEILD

| MÖRK | LAND | ÁR |
|---|---|---|
| 62 | Noregur | 2014 |
| 61 | Holland | 2013-14 |
| 42 | Noregur | 1998 |
| 41 | Noregur | 2002 |
| 41 | Noregur | 2008 |
| 38 | Holland | 2012-13 |
| 37 | Noregur | 2007 |
| 36 | Noregur | 2000 |
| 34 | Noregur | 2001 |
| 34 | Noregur | 2013 |
| 33 | Svíþjóð | 2012 |
| 32 | Noregur | 2011 |
| 31 | Danmörk | 2012-13 |
| 30 | Belgía | 2002-03 |



24 MÖRK
Viðar Örn Kjartansson
Valerenga



29 MÖRK
Alfreð Finnbogason
Heerenveen







### 62 MÖRK NOREGUR 2014

| LEIKMAÐUR | MÖRK | LIÐ | KORT |
|---|---|---|---|
| Viðar Örn Kjartansson | 24 | Valerenga | 1 |
| Björn Daníel Sverrisson | 6 | Viking | 2 |
| Jón Daði Böðvarsson | 5 | Viking | 2 |
| Steinþór Freyr Þorsteinsson | 4 | Viking | 2 |
| Pálmi Rafn Pálmason | 4 | Lilleström | 3 |
| Matthías Vilhjálmsson | 4 | Start | 4 |
| Guðmundur Þórarinsson | 3 | Sarpsborg | 5 |
| Indriði Sigurðsson | 2 | Viking | 2 |
| Björn Bergmann Sigurðarson | 2 | Molde | 6 |
| Sverrir Ingi Ingason | 2 | Viking | 2 |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | 1 | Sogndal | 7 |
| Guðmundur Kristjánsson | 1 | Start | 4 |
| Birkir Már Sævarsson | 1 | Brann | 8 |
| Hólmar Örn Eyjólfsson | 1 | Rosenborg | 9 |
| Eiður Aron Sigurbjörnsson | 1 | Sandnes Ulf | 10 |

### 61 MARK HOLLAND 2013-14

| LEIKMAÐUR | MÖRK | LIÐ | KORT |
|---|---|---|---|
| Alfreð Finnbogason | 29 | Heerenveen | 1 |
| Aron Jóhannsson | 17 | AZ Alkmaar | 2 |
| Kolbeinn Sigþórsson | 10 | Ajax | 3 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 3 | AZ Alkmaar | 2 |
| Guðlaugur Victor Pálsson | 2 | NEC Nijmegen | 4 |

MÍNUS 20%



**Vegna niðurfellingar vörugjalds** hafa öll helstu heimilistækin lækkað í verði um **17%** og sjónvörp, hljómtæki og annað um **20%**.

**EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA**

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt að afnema þessi gjöld nú þegar.

Viðskiptavinir okkar þurfa því ekki að bíða eftir nýju ári til að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur geta þeir nú komið í verslanir ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður. *Nú er lag að njóta lífsins!*



MÍNUS 17%

SAMSUNG SETRIÐ SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 SAMSUNGSETRID.IS

ORMSSON FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 ORMSSON.IS




**Við hlökkum til vetrarins á Stöð 2 enda er dagskráin fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr**

Íslenskri dagskrárgerð verður gert hátt undir höfði og bjóðum við vandaða og skemmtilega þætti fyrir alla fjölskylduna. Dagskrárgerðarfólk okkar leggur grunninn að frábærri dagskrá Stöðvar 2 á mögnuðum vetri.

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.05
**Heimsókn**

Sindri Sindrason snýr aftur og lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði heima og erlendis.



### Léttir sprettir
**STÖÐ 2 KL. 20.25** Í þættinum fjallar Rikka um almennar íþróttir sem fólk stundar. Farið verður yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina, hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsli.



### How I Met Your Mother
**STÖÐ 2 KL. 20.45** Lokaþáttur níundu og jafnframt síðustu syrpunnar um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvenig Ted kynntist barnsmóður sinni.



### Grey's Anatomy
**STÖÐ 2 KL. 21.10** Ellefta syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



### Bylgjan kl. 10.00
**Ívar Guðmunds**

Ívar er léttur og ferskur á miðvikudegi og er með þér til klukkan 13.00.


Prófaðu áskrift frítt í 30 daga!
-engin skuldbinding!




Tónlist.is
Hlustaðu hvar og hvenær sem er
Þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** Wipeout
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.00** Grand Designs
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.50** Gossip Girl
**14.40** Smash
**15.25** Xiaolin Showdown
**15.50** Grallararnir
**16.15** Arrested Development.
**16.45** New Girl
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Bad Teacher
**19.40** The Middle
**20.05** Heimsókn
**20.25** Léttir sprettir
**20.45** How I Met Your Mother
**21.10** Grey's Anatomy Ellefta röð þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle-borg.
**21.55** Forever
**22.40** Covert Affairs
**23.25** Enlightened
**23.55** NCIS
**00.40** The Blacklist
**01.25** The Big Year
**03.00** The Best Exotic Marigold Hotel
**05.00** How I Met Your Mother
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.45** Meistarad. - Meistaramörk
**08.30** CSKA Moscow - Bayern Mün.
**10.10** Sporting - Chelsea
**11.50** PSG - Barcelona
**13.30** Man. City - Roma
**15.10** Meistarad. - Meistaramörk
**15.55** Zenit - Monaco BEINT
**18.00** Meistaradeildin - upphitun
**18.30** Basel - Liverpool BEINT
**20.45** Meistarad. - Meistaramörk
**21.30** Arsenal - Galatasaray
**23.20** Atletico Madrid - Juventus
**01.10** Meistarad. - Meistaramörk

## SPORT 2
*enski boltinn*

**12.00** Liverpool - Everton
**13.45** Football League Show
**14.15** Stoke - Newcastle
**15.55** WBA - Burnley
**17.35** Messan
**18.50** Premier League World
**19.20** Crystal Palace - Leicester
**21.05** Premier League Review
**22.00** Man. Utd. - West Ham
**23.45** Hull - Man. City

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni
**21.00** ABC barnahjálp **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Guys With Kids
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie's 30 Minute Meals
**20.10** Baby Daddy
**20.35** X-factor UK
**21.20** Who Do You Think You Are?
**22.20** Gang Related
**23.05** Damages
**00.00** Wilfred
**00.20** Originals
**01.05** Supernatural
**01.50** Hart of Dixie
**02.35** Jamie's 30 Minute Meals
**02.55** Baby Daddy
**03.20** X-factor UK
**04.05** Who Do You Think You Are?
**04.55** Gang Related
**05.35** Damages

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Mamma Mu **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Ljóti andarunginn **08.44** Hello Kitty **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar **10.45** Doddi litli **10.55** Rasmus Klumpur **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Mamma Mu **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Ljóti andarunginn **12.44** Hello Kitty **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar **14.45** Doddi litli **14.55** Rasmus Klumpur **14.59** Áfram Diego, áfram! **15.23** Svampur Sveinsson **15.44** Mamma Mu **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Ljóti andarunginn **16.44** Hello Kitty **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar **18.45** Doddi litli **18.55** Rasmus Klumpur **19.00** Lína Langsokkur**20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.40** Strákarnir
**18.05** Frasier
**18.30** Friends
**18.55** Seinfeld
**19.20** Modern Family
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Örlagadagurinn
**20.40** Heimsókn
**21.00** Homeland
**22.00** Chuck
**22.45** Cold Case
**23.30** Shameless
**00.25** E.R.
**01.10** Boss
**02.05** Örlagadagurinn
**02.40** Heimsókn
**03.00** Homeland
**04.00** Chuck
**04.45** Cold Case
**05.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.40** Airheads
**12.10** Just Go With It
**14.05** Bridges of Madison County
**16.20** Airheads
**17.50** Just Go With It
**19.45** Bridges of Madison County
**22.00** Magic Mike
**23.50** Snitch
**01.40** Howl
**03.05** Magic Mike

## RÚV

**16.30** Martin læknir
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.51** Nýi skólinn keisarans
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Eldað með Niklas Ekstedt
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Í garðinum með Gurrý Í þessum þáttum sýnir Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur áhorfendum réttu handtökin við garðyrkjustörfin og fer í áhugaverðar heimsóknir.
**20.30** Mánudagsmorgnar Bandarísk þáttaröð um líf og störf skurðlækna sem berjast fyrir lífi sjúklinga sinna. Aðalhlutverk: Ving Rhames, Jamie Bamber og Jennifer Finnigan.
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Stríð í nánd
**23.15** Mótorsport 2014
**23.45** Njósnadeildin
**00.40** Kastljós
**01.05** Fréttir
**01.15** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.40** Pepsi MAX tónlist
**15.30** The Royal Family
**15.55** Welcome to Sweden
**16.20** Parenthood
**17.05** Extant
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** 30 Rock
**20.10** America's Next Top Model - LOKAÞÁTTUR
**20.55** Remedy
**21.45** Unforgettable Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni. Hvort sem það eru samræður, andlit eða atburðir, hún man allt. Carrie og Al rannsaka mál þar sem boxari er laminn til dauða. Rannsóknin beinist að fortíð fórnarlambsins og hvers vegna það veitti enga mótstöðu.
**22.30** The Tonight Show
**23.10** Fargo
**00.20** Under the Dome
**01.00** Remedy
**01.45** Unforgettable
**02.30** The Tonight Show
**03.10** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** Ryder Cup 2014 **13.00** Inside the PGA Tour 2014 **13.25** PGA Tour 2014 **18.15** Golfing World 2014 **19.05** Champions Tour 2014 - Highlights **20.00** Ryder Cup 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



Krabbameinsfélagið
ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?
BLEIKA SLAUFAN
ÁRIÐ 2014 ER STAÐREYNDIN SÚ AÐ UM HELMINGUR UNGRA KVENNA MÆTIR EKKI Í REGLULEGA LEGHÁLSKRABBAMEINSLEIT.
KAUPUM BLEIKU SLAUFUNA OG HÖLDUM LEITINNI ÁFRAM.
BLEIKASLAUFAN.IS
#BLEIKASLAUFAN
Brandenburg
TM Software
HLJOD.IS
Metal design
MAX1
TRUENORTH
Brandenburg

MIÐVIKUDAGSMYNDIN



**Ég myndi segja Romantics Anonymous. Hún er sæt.**

Kolfinna Kristófersdóttir fyrirsæta

# Heiðra guð taktsmiðanna í kvöld

Dillalude er óður til eins áhrifamesta pródúsents allra tíma, J Dilla.

„Dilla hafði áhrif á okkur alla og í rauninni byrjaði hann að hafa áhrif mjög snemma, eða í kringum 14 ára aldur,“ segir Benedikt Freyr Jónsson eða Benni B-Ruff, einn meðlima hljómsveitarinnar Dillalude sem heldur fría tónleika á Kexi Hosteli í kvöld klukkan 21.00.

Sveitin er fjögurra manna súpergrúppa úr Reykjavík og er óður meðlimanna til pródúsentsins J Dilla, sem þykir einn af merkustu hipphopp-taktsmiðum samtímans.

„Hann lét lítið fyrir sér fara en bjó til svo mikið af gúrmet-tónlist á svo mörgum mismunandi sviðum.“ Dilla féll frá langt fyrir aldur fram af völdum sjúkdóms fyrir átta árum.

Meðlimir Dillalude eru þeir Ari Bragi Kárason, Benedikt Freyr Jónsson eða Benni B-Ruff, Magnús Trygvason Elíassen og Steingrímur Teague. Þeir hafa langflestir komið víða við á sviði íslenskrar tónlistar en fólk ætti að kannast við þá úr sveitum á borð við Forgotten Lores, Moses Hightower, Tilbury, Of Monsters and Men og svo framvegis.

**Dilla hafði áhrif á okkur alla og í rauninni byrjaði hann að hafa áhrif mjög snemma, eða í kringum 14 ára aldur**

*Benedikt Freyr Jónsson*

„Eitt gott sem trommarinn goðsagnakenndi Questlove úr The Roots sagði um Dilla: „Hann kenndi mér að tromma hipphopp,““ segir Benni.

- þij




**PLAKAT** eftir Geoffrey Huntingdon-Williams

# Hjúkrunarnemar í hjálparstarf í Kambódíu

Sjö bekkjarsystur í Háskóla Íslands ætla í sjálfboðaliðastarf til Kambódíu næsta sumar.



„Það er ekki í boði að fara í skiptinám í hjúkrun frá Háskóla Íslands, svo við ákváðum bara að gera þetta sjálfar,“ segir **Inga María Árnadóttir**, hjúkrunarnemi við Háskóla Íslands. Hún og sex bekkjarsystur hennar ætla til Kambódíu næsta sumar að vinna sem sjálfboðaliðar á sjúkrahúsi. „Við ætlum að taka með okkur ýmsar hjúkrunarvörur út og skilja eftir. Núna erum við að leita að fyrirtækjum sem vilja mögulega styrkja okkur og gefa hreinlætis- og hjúkrunarvörur,“ segir Inga. „Við munum, ásamt því að sinna hjúkrunartengdum störfum, vera með fræðslu inni á spítalanum um hreinlæti og þess háttar. Það er mikil fátækt þarna svo þörfin er mikil,“ segir Inga, en þær eru í samstarfi við samtökin The Green Lion. „Að fara í ferð sem þessa er kostnaðarsamt og til þess að fjármagna ferðina tóku þær sig til og bjuggu til velúrhárbönd sem þær eru að selja. „Við vildum samt taka þetta skrefinu lengra og höfðum samband við Krabbameinsfélagið og gerðum samning við það. Nú er október, mánuður bleiku slaufunnar, að ganga í garð og við ætlum að gera bleik bönd og renna 500 krónur af hverju seldu bandi til Krabbameinsfélagsins,“ segir Inga.

- asi



**LEITA LEIÐA** Erlendur segir Kvikmyndasafnið leita leiða til þess að miðla kvikmyndaarfi landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**Alíslensk** matreiðslubók **fyrir alla krakka** með einföldum og skemmtilegum uppskriftum!

VERÖLD


# Leita að týndum íslenskum myndum

Hrollvekjan Blóðrautt sólarlag frá 1977 er loksins fáanleg. Kvikmyndasafnið stendur fyrir átaki þar sem leitað er að týndum íslenskum kvikmyndum á filmu.

Fyrsta mynd Hrafns Gunnlaugssonar, hrollvekjan Blóðrautt sólarlag, hefur nú loksins séð dagsins ljós aftur en myndin var sýnd á RIFF heima hjá Hrafni um helgina. Myndin hefur verið ófáanleg í langan tíma og eru reyndar margar íslenskar myndir frá 20. öldinni ófáanlegar. Þumalputtareglan er kannski sú að ef myndin er ekki fáanleg á bókasöfnum landsins, þá er hún ekki fáanleg yfirhöfuð, nema Kvikmyndasafnið eigi hana til.

„Kvikmyndasafnið er með gríðarlega mikið af myndum í sínum geymslum. Hjá okkur er titlaskrá upp á 20.000 titla, útgefna og óútgefna,“ segir Erlendur Sveinsson, forstöðumaður Kvikmyndasafnsins, sem skráir og varðveitir íslenskar kvikmyndir. Nú stendur yfir átak á vegum safnsins og Kvikmyndamiðstöðvar að hafa uppi á öllum íslenskum kvikmyndum á filmu, sem enn kunna að leynast á kvikmyndavinnustofum erlendis. Safnið stefnir á að hefja útgáfu á íslenskum kvikmyndum þegar höfundarréttarmál hafa verið leyst. Þá þarf auðvitað að huga að sem bestum myndgæðum en týndar myndir eru oft settar aftur saman úr mörgum mismunandi filmum sem hafa verið grafnar upp.

Til dæmis má nefna að myndin í Gullsandur frá árinu 1984 var talin týnd lengst af en upprunalega negatívan fannst loksins á erlendri vinnustofu mörgum árum seinna. Nú hefur myndin verið skönnuð í fullum gæðum. Safnið vinnur nú meðal annars að endurgerð á Morðsögu frá 1977, sem hefur fengið yfirhalningu á mynd og hljóði til að tryggja sem besta mynd- og hljóðgæði á myndinni.

Erlendur segir að Kvikmyndasafnið leiti nú að nútímalegum leiðum til að miðla kvikmyndaarfi landsins. „Ég veit að kvikmyndasöfnin eru mikið að velta fyrir sér sinni miðlun í þessum breytta heimi,“ segir hann en alþjóðlegur fundur kvikmyndasafnstjóra verður einmitt haldinn í Stokkhólmi í lok október, þar sem þessi miðlun kvikmyndasafnanna verður rædd.

„Það er partur af stefnuskránni hjá mér að safnið geti gefið út vandaðar endurgerðir á gömlum kvikmyndum þannig að almenningur geti notið þeirra. Ég er síðan með heilmiklar hugmyndir um það hvernig eigi að þróa sýningarþátt safnsins í náinni framtíð með því að nýta nútímatækni,“ segir Erlendur.

Fjölmargir leggja leið sína í safnið svo sem dagskrárgerðarfólk og erlendir fræðimenn. „Fólk hefur jafnvel komið til að leita að afa sínum í gamalli mynd, og við hjálpum eins og við getum,“ segir Erlendur en í augnablikinu starfa rúmlega fimm manns á safninu.

- þij

## Nokkrar týndar myndir

**Åt Häcklefjäll (1911)**

Sænski skopteiknarinn Albert Engström dvaldi hér á landi á fyrri hluta 20. aldarinnar ásamt kvikmyndatökumanninum Wulf og skrifaði meðal annars bókina Åt Häcklefjäll um leiðangur sinn til Heklu. Erlendur segist hafa leitað að myndinni dyrum og dyngjum. „Þetta eru ómetanlegar upptökur af atvinnuháttum, þjóðlífi og helstu sögustöðum landsins.“ Erlendur telur að myndin sé sennilega glötuð enda var hún gerð á þeim tíma þar sem filmur gátu léttilega brunnið upp til agna.



**Ólafur Liljurós (1977)**

Ein mikilvægasta myndlistarkona Íslands, Róska, gerði eða átti þátt í gerð nokkurra kvikmynda hér á landi á sínum tíma, ásamt eiginmanni sínum, Manrico Pavolettoni. Sýningareintak af myndinni Sóley frá 1982 er fáanlegt en Ólafur Liljurós er ekki fáanleg. Ýmsir bóhemar Reykjavíkur á áttunda áratugnum leika í myndinni svo sem Dagur Sigurðarson, Birna Þórðardóttir og Megas, sem gerði tónlistina.




**Sjúgðu mig Nína (1985)**

Oxsmá var goðsagnakennd listapönkhljómsveit á níunda áratugnum sem stóð að ansi geggjuðum uppákomum og kvikmyndum líka. Auk stuttmyndarinnar Oxsmá-plánetunnar leikstýrði Óskar Jónasson myndinni Sjúgðu mig Nína í fullri lengd. Samkvæmt Kvikmyndavefnum er þetta „hröð og spennandi glæpamynd sem á sér stað í Reykjavík árið 1973. Harðsvíraðir eiturlyfjaneytendur svífast einskis til að viðhalda LSD-magninu í blóðinu.“

# 20%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í BÚÐINNI BARA Í DAG**




# OPIÐ TIL KL. 22.00 Í KVÖLD Í THE PIER KORPUTORGI




**Haag sófi**
**20% AFSLÁTTUR**
áður 199.900,-
**NÚ 159.920,-**

ANTON & BERGUR

# 40%

**AFSLÁTTUR AF LUKTUM**



**40% AFSLÁTTUR** af luktum

**40% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM GLÖSUM**

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060


wow air

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Baksviðs í París

Fatahönnunarneminn **Manúela Ósk Harðardóttir** var á tískuvikunni í París um helgina þar sem hún aðstoðaði baksviðs á sýningu hjá Sonia Rykiel. Manúela birti myndir á Instagram-síðu sinni með ofurfyrirsætunni Miröndu Kerr og af Kardashian-systurinni Kendall Jenner, þar sem hún var í frekjukasti fyrir sýninguna. Þetta er í annað sinn sem Manúela aðstoðar fyrir sýningu hjá Sonia Rykiel, en hún var í starfsnámi hjá fyrirtækinu í febrúar á þessu ári. Fékk hún það eftirsótta hlutverk að klæða fyrirsæturnar fyrir sýningar.

- asi



### Hatar enskan morgunverð

Kvikmyndahátíðin RIFF stendur sem hæst þessa dagana og fjöldi kvikmynda sýndur á vegum hátíðarinnar. Heiðursgestur hátíðarinnar að þessu sinni er hinn stórbrotni breski leikstjóri **Mike Leigh**. Hann gistir á Hótel Marina en er ekki par hrifinn af morgunverði föðurlands síns. Hann bað þess heitast í morgunverði í gærmorgun að fá bara samloku í stað beikons, eggs og bauna. Einnig bað hann um að sér yrði fært te upp á herbergi. Áður en hann lauk samtalinu á hann að hafa sagt við afgreiðslumanninn að yrði honum sent Earl Grey þá flygi hann umsvifalaust af landi brott.

- sa



## Mest lesið Vísir

1. Elliði særir ekkjur með líkingamáli sínu
2. „Bara ef hún hefði fengið aðeins meiri tíma"
3. Segir eiginkonu sína hafa svipt sig lífi
4. Framtak starfsmanna Icelandair vekur heimsathygli
5. Sambýlið við Austurbrún: Segir vilja íbúanna skipta borgarstjóra litlu
6. Tvöfalt meira hraun en í Kröflueldum





